Husqvarna VIKING®

Leiðarvísir

# Designer | EPIC™




KEEPING THE WORLD SEWING™

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

# ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að gæta grundvallar öryggisatriða og þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið allar leiðbeiningar á hentugum stað og nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila fá allar leiðbeiningar með vélinni ef þið lánið vélina.

# HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:

- Saumavél á aldrei að skilja eftir í sambandi við rafmagn nema þið getið fylgst með henni. Takið véina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig áður en þið ætlið að hreinsa hana, fjarlægja lok, smyrja hana eða þegar þið ætlið að framkvæma einhverjar stillingar sem getið er um í leiðbeiningunum.

# VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:

- Leyfið engum að nota vélina sem leikfang. Þið þurfið að fylgjast vel með þegar saumavélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu þá fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- Notið vélina aldrei ef ramagnsleiðslur eða klær á þeim eru skemmdar, né ef vélin hefur skemmst eða dottið í vatn. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta umboðsaðila til athugunar, viðgerðar eða stillinga.
- Notið saumavélina aldrei ef loftraufarnar á henni eru ekki vel opnar. Gætið þess vel að engin ló eða önnur óhreinindi safnist fyrir í loftraufum vélarinnar eða fótmótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt viðeigandi stingplötu. Röng plata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki eða ýtið á efnið þegar þið saumið — það gæti orsakað að nálin rekist í málmhluti vélarinnar.
- Notið jafnvel öryggisgleraugu.
- Slökkvið ávallt á vélinni (“0”) þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipta um nál, saumfót eða spólu.
- Gætið þess að engir smáhlutir detti í gegn um raufarnar inn í vélina.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina ekki þar sem verið er að nota úðaefni (spray) eða þar sem unnið er með súrefni.
- Til að aftengja vélina setjið þið allar stillingar á (“0”) stöðu, og takið rafleiðsluna síðan úr sambandi við veggtengil.
- Aftengið vélina ekki við rafmagn með því að toga í leiðsluna — takið um klóna en ekki leiðsluna.
- Fótmótstaðan er notuð til að stjórna hraða vélarinnar. Setjið aldrei hluti ofan á fótmótstöðuna.

- Notið vélina aldrei ef hún er rök eða blaut.
- Ef díóðu lýsingin (LED) er skemmd eða brotin verður viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda að skipta um hana.
- If the cord connected with the foot control is damaged, it must be replaced by the manufacturer or its service agent or a similarly qualified person, in order to avoid a hazard.
- Saumavél þessi er með tvöfalda einangrun. Sjá nánar leiðbeiningar um viðgerðir á tækjum sem eru með tvöfalda einangrun.

# GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

**EINGÖNGU FYRIR EVRÓPU:**
Börn 8 ára og eldri svo og aðilar með líkamlega eða andlega skerta starfsemi eða skynjun mega nota saumavélina ef þau hafa fengið tilsögn í notkun hennar og skilja hætturnar sem af svona vél geta stafað, og/eða ef fylgst er með þeim þegar þau nota hana. Börn eiga þó aldrei að nota vélina sem leikfang. Hreinsun og annað viðhald eiga þó eingöngu fullkomnir að framkvæma.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en 80dB(A).

Vélina má eingöngu nota með fótmótstðu framleidda af .

**EINGÖNGU FYRIR LÖND UTAN EVRÓPU:**
Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem ekki hafa fengið til þess kunnáttu eða reynslu, nema því aðeins að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrr öryggi þeirra.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

# ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er notuð á tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónustu við tæki með tvöfalda einangrun mega eingöngu þeir framkvæma sem hafa til þess þekkingu og réttindi. Varahlutir í tæki með tvöfaldri einangrun verða ávallt að vera nákvæmlega eins og hluturinn sem var í tækinu. Tæki sem er með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum ‘DOUBLE INSULATION’ eða ‘DOUBLE INSULATED’.

# Federal Communication Commission Interference Statement

**Fyrir USA og Kanada**

| | |
|---|---|
| Dreifingaraðili: | VSM Group AB (allt í eigu SVP Worldwide)<br>Drottninggatan 2, 56184 Huskvarna, SVÍÞJÓÐ |
| Nafn á vöru: | HUSQVARNA VIKING® DESIGNER EPIC™ sauma og útsaumsvél |
| Model númer: | SFV1 |

This device complies with Part 15 of the FCC Rules. Operation is subject to the following two conditions: (1) This device may not cause harmful interference, and (2) this device must accept any interference received, including interference that may cause undesired operation.

This equipment has been tested and found to comply with the limits for a Class B digital device, pursuant to Part 15 of the FCC Rules. These limits are designed to provide reasonable protection against harmful interference in a residential installation. This equipment generates, uses and can radiate radio frequency energy and, if not installed and used in accordance with the instructions, may cause harmful interference to radio communications. However, there is no guarantee that interference will not occur in a particular installation. If this equipment does cause harmful interference to radio or television reception, which can be determined by turning the equipment off and on, the user is encouraged to try to correct the interference by one of the following measures:

- Reorient or relocate the receiving antenna.
- Increase the separation between the equipment and receiver.
- Connect the equipment into an outlet on a circuit different from that to which the receiver is connected.
- Consult the authorized HUSQVARNA VIKING® retailer or an experienced radio/TV technician for help.

The included interface cable should be used in order to ensure compliance with the limits for a Class B digital device.

⚠ *Any changes or modifications not expressly approved by the party responsible for compliance could void the user's authority to operate this equipment.*

# Samræmisyfirlýsing (Declaration of Conformity)

**Fyrir Evrópu**

VSM Group AB (í heildareign SVP Worldwide), lýsir því hér með yfir að þessi sauma og útsaumsvél er í samræmi við grundvallar kröfur og skilyrði tilskipunar 2014/53/EU. Til að skoða afrit af þeirri tilskipun getið þið skoðað RC-0234 EU Yfirlýsing .

# EFNISYFIRLIT


1 Inngangur .................................................... 11
Yfirlit yfir vél.................................................12
Að framan ................................................. 12
Nálarsvæðið ................................................ 13
Hægri hlið.................................................. 13
Að aftan ..................................................... 13
Hólf fyrir fylgihluti ....................................... 14
Rými fyrir stingplötu...................................... 14
Útsaumstækið............................................... 14
Aðgerðarhnappar.........................................15
Sjálfvirkur þræðari fyrir nál ............................ 15
Byrjað á saum eða spori frá byrjun .................. 15
Hraði – og + ............................................... 15
Nálin stoppi uppi/niðri ................................. 15
Tvinnaklipping ............................................ 15
Afturábak (Reverse)...................................... 16
Start/Stop................................................... 16
FIX aðgerð ................................................. 16
STOP aðgerðin............................................ 16
Saumfótur niður og í sveifluhæð ..................... 16
Saumfótur upp og í extra hæð ........................ 16
Grundvallar ábendingar um snertiskjáinn .......17
Fylgihlutir .....................................................18
Hlutir sem fylgja með vélinni.......................... 18
Rammar sem fylgja vélinni ............................. 18
Saumfætur ....................................................19
Yfirlit yfir sauma ...........................................21
Nytjasaumar................................................ 21
Yfirlit yfir saumaforrit................................... 24
Stafróf........................................................ 24

2 Undirbúningur........................................... 25
Vélin og útsaumstækið tekin upp...................26
Vélin og mótstaðan tengd við rafmagn...........26
Gengið frá að saum loknum..........................27
USB tenglar...................................................27
Notkun á USB tæki ...................................... 27
Tengist WiFi og *mySewnet*™ skýinu .............28
LED díóðu lýsing...........................................28
Fríarmur.......................................................28
Tvinnahnífar..................................................28
Nemi fyrir tvinna ..........................................29
Útdraganleg tvinnastýring.............................29
Keflispinnar ..................................................30
Skífur fyrir tvinnakeflin..................................30
Tvinninn.......................................................31
Nálar ...........................................................32
Áríðandi upplýsingar um nálar........................ 32
Skipt um nál..................................................33
Þræðing .......................................................34
Þræðing á yfirtvinnanum ............................... 34
Sjálfvirkur þræðari fyrir nál ............................ 36
Ráð og ábendingar um þræðingu..................... 38
Þræðing á tvíburanál .................................... 39
Spólað á spóluna..........................................41
Spólað í gegn um nálina................................. 43
Spólan sett í vélina .......................................45
Skipt um saumfót..........................................45
Hnappagatafóturinn með nemanum settur á ..................................................46
Fótur Q með nema settur á..........................46
Yfirflutningur með skiptanlegum saumfótum ..................................................47
Stingplata fyrir beina sauma...........................48

3 Undirbúningur fyrir útsaum...................... 49
Útsaumstækið...............................................50
Yfirlit yfir útsaumsramma ..............................50
Q-saumfótur.................................................50
Stingplata fyrir beina sauma...........................51
Mynstur .......................................................51
DESIGNER EPIC™ Sýnishornabók ............... 51
Útsaumstækið tengt við vélina ......................52
Útsaumstækið fjarlægt..................................52
Efnið spennt í ramma...................................53
Rammanum rennt á eða af tækinu ................53

4 Skjárinn ..................................................... 55
Skjárinn........................................................56
Ábendingar ................................................. 56
"Smart kistan"...............................................57
Algengar aðgerðir.........................................58
OK............................................................ 58
Hætta við (Cancel)....................................... 58
Útsaums undirbúningur (Embroidery Edit)........ 58
Útsaums saumaskapur (Embroidery Stitch Out)........................................................... 58
Snertið og haldið (Touch & Hold).................... 58
Topprein (Topbar) .......................................59
WiFi ......................................................... 59
*mySewnet*™ (Saumanetið mitt) ......................... 60
Þráðlaus uppfærsla á stýribúnaði (Wireless Firmware Update) ......................................... 60
*JoyOS advisor*™ aðgerðin ................................ 60
Hraðhjálp (Quick Help).................................. 61
Stillingar (Settings)........................................ 61
Sauma/útsaums víxlskipting (Sewing/ Embroidery Mode Toggle)............................. 61

5 Þráðlaust net og þjónustur (WiFi & *mySewnet*™ Services) ................................ 63
Þráðlaust net — inngangur (WiFi Introduction) ...............................................64
Byrjað með þráðlaust net (Getting Started With WiFi).................................................. 64
Falið þráðlaust net (Hidden Network)............... 64

Uppfærsla á stýrikerfi með því að nota þráðlausa netið (Firmware Update Using WiFi) ....65
Uppfærsla á stýrikerfi með því að nota USB tæki (Firmware Update Using a USB Device) ....65
Ókeypis hugbúnaður (Complimentary Software (PC)) ....67
*mySewnet*™ Þjónusta (Services) ....68
*mySewnet*™ Aðgangur (Account) .... 68
*mySewnet*™ Skýið (Cloud) .... 68
Notað rými í mySewnet skýinu (Used Space in *mySewnet*™ Cloud) .... 69
Uppsetning á samræmingar verkfæri fyrir tölvuna (Installation of *mySewnet*™ Cloud Sync Tool for PC) .... 69
*mySewnet*™ gáttin (Portal) .... 71
HUSQVARNA VIKING® Útsaums smáforrit "app" (mySewMonitor app) ....71

6 *JoyOS advisor™* .... 73
*JoyOS advisor*™ kynning ....74
*JoyOS advisor*™ verkefna valmynd (Project Menu) ....74
*JoyOS advisor*™ verkefna skyggnir (Project Viewer) ....74
*JoyOS advisor*™ verkefna skoðari — yfirlit (Project Viewer – Overview) .... 74
Myndir í verkefna skoðaranum (Pictures in *JoyOS advisor*™ Project Viewer) .... 76
Hreyfimyndir í verkefna skoðaranum (Animations in *JoyOS advisor*™ Project Viewer) .... 76
Saumur eða spor í verkefna skoðara (Stitch in *JoyOS advisor*™ Project Viewer) .... 76
SAUMARÁÐGJAFI –Yfirlit (SEWING ADVISOR™ – Overview) ....77
Efnisval (Fabric Selection) ....78
Ofin eða prjónuð efni (Woven or Knit) .... 78
Ofin efni (Woven Fabrics) .... 78
Teygjanleg efni .... 78
Leður og vinyl .... 78
Hópar fyrir saumatækni (Sewing Technique Groups) ....79
Grundvallar saumatækni (Basic Sewing Techniques) ....80
Saumur (Seam) .... 80
Kastsaumur (Overcast) .... 80
Saumur og kastsaumur (Seam and Overcast) .... 80
Þræðispor (Baste) .... 81
Blindfaldur (Blind Hem) .... 81
Faldsaumur (Hem) .... 81
Hnappagöt (Buttonholes) .... 81
Forritanleg töluáfesting (Programmable Button Sew On) .... 82
Byrja strax (Start New) ....82
Halda áfram (Continue) ....83
Hlaða inn "Smart vistun" (Load Smart Save) ....83
ÚTSAUMS RÁÐGJAFI — Yfirlit (EMBROIDERY ADVISOR™ – Overview) ....84
Bakgrunns litur (Background Color) ....85
Valkostir um rúðufleti (Grid Options) ....85
Hópar fyrir útsaumstækni (Embroidery Technique Groups) ....85
Byrja strax (Start New) ....85
Halda áfram (Continue) ....86
Hlaða inn "Smart" vistun (Load Smart Save) ....86
Froðleiks miðstöð — yfirlit (Knowledge Center – Overview) ....87
Leiðbeiningar um undirleggsefni (Stabilizer Guide) ....88
Hraðleiðbeiningar (Quick Start Guide) ....88
Þrep fyrir þrep vinnubók (Step-by-Step Workbook) ....88
Saumaleiðbeiningar (Sewing Instructions) ....88
Halda áfram (Continue) ....89

7 Saumað (Sewing) .... 91
Byrjað að sauma (Getting Started to Sew) ....92
Sauma aðgerð — yfirlit (Sewing Mode – Overview) ....93
hvað er spor eða saumur? (What is a Stitch?) ....94
Veljið spor eða staf (Select a Stitch or Letter) ....94
Hlaða inn saum eða staf frá öðrum stað (Load a Stitch or Letter From Another Location) .... 94
Stillingar á sporum og saumum (Stitch Settings) ....95
Sporbreidd (Stitch Width) .... 95
Spor eða nálarstaða (Stitch Positioning) .... 95
Sporlengd (Stitch Length) .... 96
Sporþéttleiki (Stitch Density) .... 96
Tölustærð (Button Size) .... 96
Töluáfesting (Sew On Button) .... 97
Nemi fyrir þrýsting á saumfót (Sensor Foot Pressure) .... 97
deLuxe saumakerfi (*deLuxe*™ Stitch System) .... 97
Speglun (Mirroring) .... 98
Jafnvægi (Balance) .... 99
Fríhendis valkostir (Free Motion Options) ....100
Ráðleggingar um sauma (Sewing Recommendations) ....101
Vista saum (Save Stitch) ....102

"Smart" vistun (Smart Save) ........................102
Umfangs saumar — Valmynd L (Dimensional Stitches – Menu L) ................103
Þema saumar — valmynd M (Theme Stitches – Menu M).....................................103
Skreyttir saumar — valmynd N (Embellished Stitches – Menu N)................104
Mjókkandi og breikkandi saumar — valmynd Q (Tapering Stitches – Menu Q) ............................................................105
Æfing fyrir "taper" flatsaum (Taper Satin Stitch Exercise)...........................................105
4–átta saumar – valmynd S (4-Way Stitches – Menu S).......................................106
8–átta saumar – valmynd T (8-Way Stitches – Menu T) .....................................107
Sérstakir saumar fyrir aukalega saumfætur (Special Stitches For Optional Presser Feet=.........................................................108
Skilaboð í sprettigluggum (Sewing Pop-up Messages) ..................................................108

8 Útsaumur (Embroidery) ......................... 111
Byrjað að sauma út (Getting Started to Embroider) .................................................112
Útsaums undirbúningur — yfirlit (Embroidery Edit – Overview) ....................113
Hlaða inn mynstri (Load a Design)..............114
Hlaða inn saum (Load a Stitch)...................114
Hlaða inn leturgerð' (Load a Font)..............114
Skráarstjórn (File Manager).........................114
Hvernig á að velja mysntur (How to Select Designs).....................................................115
Val á ramma (Hoop Selection)....................116
Kistan (Toolbox) .........................................116
Færa rammann (Move to Hoop) ....................116
Eyða (Delete) ..............................................116
Afrita (Duplicate).........................................117
Hliðarspegun og endaspeglun (Mirror Side to Side and End to End) ..................................117
Sauma mynstur fyrr/seinna (Stitch Out Design Earlier/Later)...................................117
Setja mynstur saman/slíta í sundur (Group/ Ungroup)...................................................118
Velja allt (Select All).....................................118
Fjölval (Multi-Select)....................................118
Snerti aðgerðir (Touch Functions) ..............119
Staðsetja (Position) ......................................119
Snúa (Rotate)...............................................119
Kvörðun (Scale)...........................................120
Skima (Pan)..................................................120
Súmma (Zoom)...........................................121
Súmm valkostir (Zoom Options) ...................121
Afturkalla/ endurtaka (Undo/Redo)............121
Röð mynstra í saumaskap (Design Stitch Out Order) ...............................................121
Heildar sporafjöldi í mynsturröð (Total Number of Stitches in Design Combination) ............................................122
Vista mynstur (Save Design).........................122
"Smart" vistun (Smart Save) .......................123
Halda áfram (GO) .......................................123
Undirbúa mynstur eða texta sem eru fyrir hendi (Edit an Existing Design or Text) .......123
Undirbúa tvinnaliti (Thread Color Edit).......125
Forrita útsaumstexta (Program Embroidery Text) .......................................126
Búa til texta (Create a Text)............................126
Bæta inn staf (Add a Letter) ..........................126
Eyða staf (Delete a Letter) .............................126
Textalögun (Text Shaping) .............................126
Lögun mynsturs (Design Shaping)...............129
Velja bil og jöfnun (Select Spacing)..................130
Velja staðsetningu a línunni (Select Line Positioning)................................................131
Velja hliðarstaðsetningu (Select Side Positioning)................................................131
Ákveðinn mynsturskái (Fixed Design Angle)....131
Ákveða fjölda mynstra (Set Number of Designs) ....................................................132
Mynstur applíkering (Design Appliqué).......133
Sprettiglúggar í útsaums undirbúningi (Embroidery Edit Pop-up Messages)...........135

9 Útsaums saumaskapur (Embroidery Stitch Out)............................................... 137
Útsaums saumaskapur — yfirlit (Embroidery Stitch Out – Overview)..........138
Velkomin í útsaums saumaskap (Welcome to Embroidery Stitch Out)..........................139
Listi yfir litablokkir (Color Block List)...........141
Súmma (Zoom)...........................................141
Súmm valkostir (Zoom Options) ....................142
Hornaprófun (Corner Check) ....................142
Valkostir um rammastaðsetningu (Hoop Position Options)........................................143
Núverandi staða spors (Current Stitch Position)....................................................143
Geymslustaða (Park Position).........................143
Klippistaða (Trim Position)............................143
Miðjustilla / fjarlægja rammastöðu (Center/ Remove Hoop Position)...............................143
Staðsetning mynsturs (Design Positioning) ...............................................144
Álfur fyrir mynsturstaðsetningu (Design Positioning Wizard) .....................................146
Súmma að bendli (Zoom to Cursor) ................147

Stilla bendilsoddinn (Set Cursor Point)............147
*deLuxe*™ Stitch System deLuxe Saumakerfið................................................147
“Smart vistun” (Smart Save).......................148
Sjálfvirk “smart” vistun (Auto Smart Save).........................................................148
Tvinnalits kefli (Thread Color Spools)..........148
Fara aftur í útsaums undirbúning (Return to Embroidery Edit)....................................149
Fara spor fyrir spor / fara á spor (Step Stitch-by-Stitch/Go to Stitch)......................149
Fjöldi spora í núverandi litablokk (Numbers of Stitches in Current Color Block) .......................................................149
Fjöldi spora í útsaumsröðinni (Number of Stitches in Embroidery Combination)..........149
Valkostir lita (Color Options).......................150
Litaflokkun (Color Block Sort) .......................150
Sameina litablokkir (Color Block Merge) ..........150
Einn litur (Monochrome).............................150
Valkostir fyrir þræðispor (Basting Options)....................................................151
Sprettigluggar í úsaums saumaskp (Embroidery Stitch Out Pop-up Messages) ..................................................152

**10 Forritun (Program).................................. 157**
Forritun — yfirlit (Program – Overview).....158
Hanna nýtt forrit (Create New Program)....159
Breyta hönnuðu forriti (To Edit a Created Program) ...................................................160
Breyta sauma eða stafaforiti (Edit Stitch or Lettering Program) .....................................160
Stilla eða breyta öllu forritinu (Adjust the Entire Program)..........................................162
Skipanir í sauma forritum (Stitch Program Commands)................................................162
Vista forrit (Save Program) .........................164
Saumið eða saumið út forritið ykkar (Sew or Embroider Your Stitch Program).............164
Sprettigluggar í forritun (Program Pop-Up Messages) ..................................................165

**11 Stillingar (Settings)................................... 167**
Bráðabirgða sauma stillingar (Temporary Sewing Settings)..........................................168
*deLuxe*™ Stitch System (deLuxe saumakerfi) .....168
Sjálfvirk lyfting á saumfæti (Sensor Presser Foot Lift)...................................................168
Sjálfvirk tvinnaklipping (Automatic Thread Cutter) ......................................................169
Sjálfvirkt FIX (Automatic FIX).......................169
Takmarkanir á sporbreidd (Stitch Limiting Options)....................................................169
Valkostir fyrir flytjara (Feed Teeth Options) ......170
Bráðabirgða útsaums stillingar (Temporary Embroidery Settings) .................................171
*deLuxe*™ Stitch System “deLuxe saumakerfið”.............................................171
Tegund af útsaumsfæti (Embroidery Foot Type) .......................................................171
Valkostir um tvinnakippingar (Thread Cut Options)....................................................172
Valkostir fyrir tvíburanálar (Twin Needle Options)....................................................173
Sjálfgefnar sauma stillingar (Default Sewing Settings).....................................................174
*deLuxe*™ Stitch System – default “deLuxe saumakerfið —sjálfgefnar stillingar” ................174
Saumfæti lyft — sjálfgefnar stillingar (Sensor Presser Foot Lift – Default) ...........................174
Sjálfvirk tvinnaklipping — sjálfgefnar stillingar (Automatic Thread Cutter – Default)....................................................174
Sjálfvirkt FIX — sjálfgefnar stillingar (Automatic FIX – Default) ...........................174
Fríhendis valkostir — sjálfgefnar stillingar (Free Motion Options – Default) ....................174
Sjálfgefnar útsaums stillingar (Default Embroidery Settings) .................................176
*deLuxe*™ Stitch System – Default) “deLuxe saumakerfið — sjálfgefnar stillingar” ...............176
Sjálfvirk tvinnaklipping — sjálfgefin stilling (Thread Cut Options – Default)......................176
Sveifluhæð saumfóts í útsaumi — sjálfgefin stilling (Embroidery Pivot Height – Default).....176
Mínir rammar (My Hoops)............................176
Stillingar í vél (Machine Settings) .................177
Tungumál (Language) ..................................177
Hljóðstyrkur (Audio Volume).........................177
(Endurtekning hljóðs (Audio Repeat)..............177
Læsa skjá (Lock Screen)................................177
Birta í díóðulýsingu (LED Work Light Brightness)..................................................177
Stillingar fyrir þráðlaust net (WiFi Settings).....................................................178
*mySewnet*™ Stillingar (Settings) .................178
Upplýsingar um vél (Machine Information) ..............................................178

**12 Skráarstjórn (File Manager).................... 179**
Skráarstjórn — yfirlit (File Manager – Overview) .................................................180
Skráarsnið (File Formats) ............................181
Rápa um skráarstjórn (Browse File Manager) ..................................................181

Opna skrá eða möppu (Open a File or Folder) ....................................................181
Fara upp um eitt möppuþrep (Move Up One Folder Level) .............................................182
Lista og smámyndaskoðun (List/Thumbnail View) ........................................................182
*mySewnet*™ mappa í skýjunum (Cloud Folder) ........................................................182
Innbyggð mynstur (Built-in Designs) ............182
USB tæki (USB devices) ..............................182
Skipuleggja (Organize) ...............................183
Búa til nýja möppu (Create New Folder) .........183
Breyta nafni á skrá eða möppu (Rename a File or Folder) ............................................183
Færa skrá eða möppu (Move a File or Folder) ....................................................183
Afrita skrá eða möppu (Copy a File or Folder) ....................................................183
Eyða skrá eða möppu (Delete a File or Folder) ....................................................184
Sía skrár (Filter Files) ..................................184
Sprettigluggar með skilaboð í skráarstjórn (File Manager Pop-up Messages) .................185

**13 Umhirða (Maintenance) .......................... 187**
Hreinsa vélina að utan (Cleaning the Machine Exterior) .......................................188
Fjarlægja stingplötuna og hreinsa gríparasvæðið (Removing the Needle Plate and Cleaning the Bobbin Area) ..........188
Hreinsa undir spólusvæðinu (Cleaning Under the Bobbin Area) .............................188
Stingplatan sett á (Replacing the Needle Plate) ........................................................189
Gangtruflanir og ráð við þeim (Troubleshooting) .......................................189
Vandamál við nettengingu (Troubleshooting Connectivity) ..............................................193
Þjónusta ....................................................193
Utanaðkomandi hlutir og aukahlutir (Non-Original Parts and Accessories) ......................193
Tæknilegar upplýsingar ................................194

**14 ÁRÍÐANDI ............................................ 195**
ÁRÍÐANDI ÖRYGGIS LEIÐBEININGAR ....195
HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ: ...................................195
VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI: ....................................................195
GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR ...............195
ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN ........................196
Leyfi ...........................................................196
RC-0234 EU Yfirlýsing ................................196

**Atriðaskrá ................................................ 197**

# I Inngangur



# Yfirlit yfir vél

## Að framan




1. Lok
2. Tvinnastýring fyrir forspennu
3. Þræðiraufar
4. Diskar í tvinnaspennu
5. Þráðgjafi
6. Þræðiraufar
7. Tvinnahnífur
8. LED díóðu lýsing
9. Stingplata
10. Lok yfir grípara
11. Losunarhnappur fyrir lok yfir grípara
12. Tölumælir og innbyggt málband
13. Botnplata
14. Aðgerðarhnappar, sjá nánar, Aðgerðarhnappar, bls. 15
15. Útdraganleg tvinnastýring
16. Aðal keflispinni
17. Aukalegur keflispinni
18. Tvinnastýringar fyrir spólun
19. Diskar í tvinnaspennu fyrir spólun
20. Snertiskjár
21. Hátalari

## Nálarsvæðið

1. Sjálfvirkur þræðari fyrir nál, sjá Notkun á sjálfvirka þræðaranum fyrir nálina, bls. 37
2. Nálstöng með nálarhöldu
3. Tvinnastýring fyrir nálartvinna
4. Fótstöng
5. Fóthalda
6. Saumfótur




## Hægri hlið

1. Handhjól
2. Spólari
3. Armur á spólara
4. Tvinnahnífur fyrir spólun
5. Innbyggðir USB tenglar
6. ON/OFF aðalrofi, tenglar fyrir rafmagn og fótmótstöðu, Sjá Vélin og mótstaðan tengd við rafmagn, bls. 26.




## Að aftan

1. Handfang
2. Tengill fyrir aukahluti
3. Fríarmur
4. Tengill fyrir útsaumstæki



## Hólf fyrir fylgihluti

Hólfið fyrir fylgihlutina er með sérstök hólf fyrir saumfætur og spólur, auk rýmis fyrir nálar og aðra aukahluti. Geymið fylgihlutina ávallt í hólfinu þannig að þeir séu ávallt til staðar þegar þarf að nota þá.




1. Rými fyrir aukahluti
2. Krókur til að geyma hnappagatafótinn með nemanum
3. Rými fyrir stingplötu
4. Rými með gati fyrir hnappagatafót C
5. Fjarlægjanlegur bakki fyrir spólur
6. Rými fyrir saumfætur
7. Rauf fyrir nálapakkningar
8. Rými fyrir sprettihníf og bursta
9. Breitt rými fyrir hliðarfærslufót S

## Rými fyrir stingplötu

Geymið stingplötuna sem þið eruð ekki að nota neðst í hólfinu.

1. Setjið aftari hluta stingplötunnar í götin eins og sýnt er og leggið hana á botninn.
2. Þrýstið plötunni niður og til vinstri til að festa hana.
3. Til að fjarlægja plötuna setjið þið fingur í gegn um gatið sem er efst vinstra megin, ýtið henni til hægri og lyftið henni upp.







## Útsaumstækið

(tegund EU 22)

1. Hnappur til að losa útsaumstækið (að neðan)
2. Útsaumsarmur
3. Halda fyrir útsaumsramma
4. Stillanlegir fætur
5. Tengill fyrir útsaumstæki



# Aðgerðarhnappar




1. Sjálfvirkur þræðari fyrir nál
2. Byrjun á mynstri eða spori
3. Hraði – og +
4. Nálin stöðvist uppi/niðri
5. Tvinnaklipping
6. Afturábak
7. Start/stop
8. FIX aðgerð
9. STOP aðgerð
10. Afturábak (sama aðgerð og #6)
11. Saumfótur niður og í sveifluhæð
12. Saumfótur upp og í extra hæð

## Sjálfvirkur þræðari fyrir nál

Sjá Notkun á sjálfvirka þræðaranum fyrir nálina, bls. 37 til að læra hvernig leggja á tvinnann fyrir sjálfvirka þræðingu á nálinni. Þegar tvinninn er á sínum stað, snertið þið þennan hnapp til að þræða nálina á sjálfvirkan hátt.

⚠ *Til að koma í veg fyrir skemmd á sjálfvirka þræðaranum , nálinni, saumfætinum eða öðrum fylgihlutum sem verið er að nota, verðið þið að lesa leiðbeiningarnar um notkun þræðarans áður en þið farið að nota hann.*

## Byrjað á saum eða spori frá byrjun

Þegar þið hættið að sauma og þá e.t.v. í miðju mynstri eða skrautsaum, getið þið ýtt á þennan hnapp til að byrja á viðkomandi saum alveg frá byrjun. Þetta hefur engin áhrif á aðrar stillingar vélarinnar.

## Hraði – og +

Öll spor og allir saumar í saumavélinni eru með fyrirfram ákveðinn hámarkshraða til að tryggja fallegt spor.

Snertið hraði – til að minnka hraða vélarinnar. Snertið hraði + til að auka hraðann á nýjan leik. Vélin mun aldrei sauma hraðar en á þeim hámarkshraða sem var fyrirfram ákveðinn fyrir vikomandi saum eða útsaum. Snertið hraði – eða + þegar vélin er ekki að sauma og þá kemur upp sprettigluggi á skjánum með hraðastillingar. Þið getið stillt hraðann með rennslisstillinum í sprettiglugganum eða með því að snerta hnappana hraði – eða +. Ef þið breytið hraðanum á meðan vélin er að sauma, þá kemur enginn sprettigluggi á skjáinn.

## Nálin stoppi uppi/niðri

Snertið þennan hnapp til að láta vélina stöðvast annaðhvort með nálina í neðri eða efri stöðu þegar hún hættir að sauma. Nálin mun annaðhvort færast upp eða niður þegar þið snertið þennan hnapp. Gaumljós kemur á hnappinn þegar vélin á að stöðvast með nálina í neðri stöðu.

*Ráð: Þið getið einnig snert fótmótstöðuna til að láta nálina fara í efri eða neðri stöðu þegar saum lýkur. Það að snerta fótmótstöðuna breytir þó ekki stillingunni sem þið hafið valið um nálartöðuna uppi eða niðri.*

## Tvinnaklipping

Þegar þið snertið þennan hnapp þá klippir vélin bæði yfir og undirtvinnana, lyftir saumfætinum og nálinni og undirbýr FIX aðgerðina fyrir næstu byrjun..

Til að láta vélina klippa í lok saums, ýtið þið á hnappinn fyrir tvinnaklippingu áður en þið hættið við sauminn. Hnappurinn byrjar að blikka sem gefur til kynna að það eigi að klippa. Þegar saumnum lýkur, klippir vélin bæði yfir og undirtvinnana, lyftir saumfætinum og nálinni og gerir FIX aðgerðina tilbúna fyrir næsta saum.

*Ath: Ef sjálfvirk FIX aðgerð og val um að fætinum yrði lyft er afvalið í bráðabirgða saumastillingum, verður FIX aðgerðin ekki gerð virk og saumfætinum ekki lyft þegar tvinnaklippuskipunin verður gefin.*

Ef þið snertið hnappinn fyrir tvinnaklippingu þegar þið eruð að sauma út þá klippir vélin bæði yfir og undirtvinnann um hæl.

⚠ *Sum aukatæki eru tengd við vélina með því að smella þeim í kringlóttu götin tvö á stingplötunni, rétt fyrir ofan lokið yfir gríparanum. Notið ekki tvinnaklippurnar þegar áhöldum er fest í þessi göt , því þau gætu truflað vinnuferli tvinnaklippanna, sem eru rétt fyrir neðan stingplötuna.*

## Afturábak (Reverse)

Þegar afturábak aðgerðn er virk þá er ljós á hnappnum. Til að sauma stöðugt afturábak ýtið þið á hnappinn áður en þið byrjið að sauma. Það kviknar á gaumljósinu og vélin saumar stöðugt afturábak þar til þið snertið hnappinn á ný., Ef þið snertið hnappinn á meðan þið eruð að sauma, saumar vélina afturábak eins lengi og þið haldið við hnappinn.

Afturábak er einnig notað þegar þið saumið t.d handvirk hnappagöt, stoppið í göt og rifur og einnig við mjókkandi/ breikkandi skrautsauma (tapering) og þá til að skipta á milli hluta sporanna.

## Start/Stop

Snertið þennan hnapp til að láta vélina byrja að sauma eða stöðvast þegar þið saumið út án þess að nota fótmótstöðuna.. Snertið hnappinn til að láta vélina byrja að sauma og svo aftur þegar þið viljið stöðva hana.

## FIX aðgerð

FIX er notað til að hefta fyrir saum. Snertið hnappinn til að kveikja eða slökkva á aðgerðinni. Gaumljósið við hliðina á FIX aðgerðinni logar þegar FIX aðgerðin er virk. Ef þið byrjið að sauma með FIX aðgerðina virka, byrjar vélin á því að sauma nokkur heftispor og heldur síðan áfram að sauma valið spor eða saum. Snertið FIX aftur á meðan þið eruð að sauma og þá saumar vélin nokkur heftispor og stöðvast. sjálfkrafa.

Þið getið gert sjálfvirka FIX aðgerðina virka í Sjálfvirkt FIX (Automatic FIX).

## STOP aðgerðin

Snertið STOP til að ljúka við saum. Vélin heftir fyrir sauminn og stöðvast sjálfkrafa þegar hún er búin með sauminn eða skrautsauminn. Snertið STOP áður en þið byrjið að sauma og vélin saumar þá aðeins valinn saum einu sinni, og aðeins einn saumur er sýndur á skjánum. Gaumljósið við hliðina á STOP hnappnum logar á meðan STOP aðgerðin er virk. Til að hætta við aðgerðina, ýtið þið á STOP á ný eða veljið nýjan saum. STOP aðgerðinni er sjálfkrafa hætt þegar búið er að sauma sauminn.

STOP aðgerðin er einnig notuð til að endurtaka ákveðna saumlengd þegar verið er að sauma “tapering” sauma (mjókkandi og breikkandi flatsauma), sjá Mjókkandi og breikkandi saumar — valmynd Q (Tapering Stitches – Menu Q)

## Saumfótur niður og í sveifluhæð

Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður þegar þið byrjið að sauma. Til að lækka saumfótinn áður en þið byrjið að sauma, snertið þið hnappinn “saumfótur niður og í sveifluhæð”. Saumfóturinn fer alla leið niður og heldur við efnið. Snertið þennan hnapp á ný og þá fer saumfóturinn í sveifluhæð.

Í útsaumsaðgerð snertið þið saumfótinn niður til að lækka hann í útsaumsstöðu.

## Saumfótur upp og í extra hæð

Snertið saumfótur upp einu sinni til að lyfta saumfætinum. Snertið hann á ný og þá fer saumfóturinn í aukalega hæð, og um leið er flytjarinn tekinn úr sambandi þannig að auðveldara verði að koma þykkum efnum undir saumfótinn.

Í útsaumsaðgerð, gerir þessi aukalega lyftuhæð ykkur auðveldara að setja eða fjarlægja útsaumsrammann frá vélinni..

# Grundvallar ábendingar um snertiskjáinn

Rápið að vild um snertiskjáinn eftir ábendingunum sem lýst er hér að neðan. Frekari upplýsingar er að finna á Skjárinn.

## Snertið (Touch)

Snertið hnappinn eða stillinguna á skjánum einu sinni til að velja.



## Snertið og haldið (Touch & Hold)

Snertið einu sinni og haldið í nokkrar sekúndur án þessa að sleppa. Notað á sumum hnöppum og skjásvæðum til að komast að frekari valkostum.



## Þrengja/teygja (Pinch/Stretch)

Snertið með tveimur fingrum á sama tíma og án þess að sleppa snertingunni getið þið þrengt eða teygt á fjarlægðinni milli fingranna til að súma að eða súmma frá.



## Snerta og færa (Touch and Move)

Snertið valið mynstur einu sinni og án þess að sleppa snertingunni færið þið fingurinn á aðra staðsetningu á skjánum. Notað t.d. til að færa mynstur til á útsaumsfletinum.



## Sveiflið (Swipe)

Snertið, færið og sleppið fingrinum með snöggri sveiflu. Vinstri hægri/hægri vinstri sveifla á snöggan hátt er notuð t. d. til að skruna á milli saumaforrita. Upp-niður/niður-upp er notað t.d. til að skruna á milli innan saumavalmynda.



# Fylgihlutir

## Hlutir sem fylgja með vélinni

1. Tvinnanet (4)
2. Alhliða verkfæri
3. Sprettihnífur
4. Bursti
5. Jaðar/bútasaums stýringar (Notist annaðhvort með því að festa þær við fóthölduna eða með yfirflytjarafætinum)
6. Spólur (9)
7. Halda fyrir tvinnakóna (2)
8. Smellur fyrir ramma (16)
9. Skífur fyrir tvinnakefli, litlar, (2)
10. Skífur fyrir tvinnakefli, meðal (2)
11. Skífur fyrir tvinnakefli, stórar (2)
12. Stórar keflishöldur (2)
13. Alhliða verkfæri
14. Stingplata fyrir beina sauma




### Fylgihlutir sem ekki eru á mynd

- CD diskur með forriti fyrir PC, sjá Ókeypis hugbúnaður (Complimentary Software (PC)) .
- Lok yfir vél
- Taska fyrir útsaumstækið
- Fótmótstaða
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- DESIGNER EPIC™ mynsturbók

## Rammar sem fylgja vélinni

1. DESIGNER™ “Imperial” rammi (360x260)
2. DESIGNER™ “Crown” rammi (260x200)
3. DESIGNER™ “Splendid” ferhyrndur rammi (120x120)



# Saumfætur

*Ath: Til að ná sem bestum árangri á eingöngu að nota saumfætur sem eru hannaðir fyrir DESIGNER EPIC™ vélina..*



**Alhliðafótur A**
Er á fótstönginni þegar vélin er afhent. Þessi saumfótur er aðallega notaður við beina og zik zak sauma með sporlengd sem er lengri en 1,0 mm.



**Útsaumsfótur B**
Notið þennan saumfót fyrir þétt zik zak spor (flatsaum) þar sem sporlengdin er minni en 1.0mmm og fyrir aðra nytjasauma og skrautsauma. Það er gróp neðan á þessum saumfæti, sem gerir auðveldara að fara yfir þessa þéttu sauma.



**Hnappagatafótur C**
Fyrir handvirk hnappagöt. Þessi fótur er með viðmiðunar-línur til að ákvarða lengdina á hnappagatinu frá jaðrinum. Miðlínan sýnir að jaðarinn er 15mm frá hnappagatinu. Tvær grópir neðan á fætinum hjálpa til við að stýra hnappagatinu undir fætinum. Hakið aftan á fætinum er til að krækja undirleggsþræði til að styrkja hnappagatið og gera það fallegra.



**Blindföldunarfótur D**
Fyrir blindfalda. Innri brúnin á þessum fæti stýrir efninu. Hægri táin á að renna meðfram jaðri faldsins.



**Rennilásafótur E**
Þessum fæti er hægt að smella á fóthölduna þannig að nálin stingi annaðhvort vinstra eða hægra megin við fótinn. Þannig er hægt að sauma rennilásinn í sömu saumátt beggja megin. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri til að sauma sem næst tönnum rennilássins.



**Fótur með rennslisplötum H**
Þessi fótur er með rennslisplötur úr gerfiefnum að neðan, og með honum er auðveldara að sauma svampefni, vinyl, plast eða leður, en þau efni vilja festast við málmfætur.



**Jaðarfótur J**
Til að kasta jaðra og sauma saman um leið með saumum sem eru með saumbreidd 5,0 eða 5,5mm. Saumarnir myndast yfir pinna sem er á fætinum, en hann kemur í veg fyrir að efnisjaðarinn dragist inn.



**¼" Bútasaumsfótur P**
Notaður þegar verið er að sauma bútana saman. Fóturinn er með 6mm ( ¼") og 3mm ( ⅛") fjarlægðarstrik frá nálinni.



**Útsaumsfótur Q með nema**
Við mælum með þessum fæti fyrir útsauma í ramma.

Þessi fótur er einnig notaður við fríhendis sauma, fíhendis bútasauma og fríhendis útsauma. Þegar þið notið þennan fót fyrir fríhendis sauma veljið þið fríhendis gormaaðferð (free motion spring action) í fríhendis valkostunum (free motion options) sprettiglugganum í sauma aðgerð.



## Útsaums og stoppfótur R

Notaður við fríhendis útsaum og fríhendis sauma almennt. Þegar þið notið þennan fót veljið þá fríhendis fljótandi aðgerð (free motion floating) í fríhendis valkostunum í sprettiglugganum í sauma aðgerð.

Þennan fót er einnig hægt að nota fyrir útsauma í ramma.



## Hliðarflutningsfótur S

Notaður fyrir sauma með hliðarflutningi.



## Hnappagatafótur með nema

Er tengdur við vélina og síðan er lengd hnappagatsins valin. Síðan er hægt að sauma hnappagat eftir hnappagat og þau verða öll í sömu lengd. Miðjumerkið á fætinum sýnir 15mm fjarlægð frá jaðri efnisins.



## Sjálflímandi rennslisplötur

Ef þið eruð að sauma svampefni, plast, vinyl eða leður, þá geta þessi efni loðað við venjulega málmfætur og vélin átt í erfiðleikum með að flytja þau. Ef þið lendið í slíku getið þið notað þessar sjálflímandi rennslisplötur neðan á saumfótinn og málið er leyst.



## Fótur fyrir yfirflutning

Með þessum fæti er hægt að flytja fleiri lög af efnum og/eða vattefni á öruggan hátt. Hægt er að nota ýmsa saumfætur og fóturinn hentar einnig vel til að sauma stungusauma, flannel, teygjanleg efni, gervileður og efni þar sem nákvæms flutings á efninu er krafist. Setjið beinsaumsfótinn á þegar þið ætlið að sauma beina sauma með nálarstöðu í miðju og sporlengd allt að 6mm. Veljið zik zak fótinn þegar þið ætlið að sauma sauma sem eru allt að 7mm á breidd og 6mm á lengd.

# Yfirlit yfir sauma

## Nytjasaumar

| Spor | Nr | Saum-fótur | Lýsing | Notist við |
|---|---|---|---|---|
|  | A1 | A | Beint spor, nálarstaða til vinstri | Fyrir alls konar sauma. |
|  | A2 | A | Beint spor, nálarstaða í miðju | Fyrir alls konar sauma. |
|  | A3 | A | Beint spor, nálarstaða í miðju, heftir í byrjun og enda | Fyrir alls konar sauma. Byrjar og endar með áfram og afturábak sporum. |
|  | A4 | A | Beint spor, nálarstaða til hægri | Fyrir alls konar sauma. |
|  | A5, A6, A7 | A | Teygjanlegt spor, vinstri, miðju eða hægri nálarstaða | Fyrir sauma á “tricot” og teygjanleg efni. |
|  | A8, A9, A10 | A | Zik zak, vinstri, miðju eða hægri nálarstaða | Til að sauma á blúndur, applíkeringar o.fl. |
|  | A11, A12, A13 | A | Styrkt beint spor, vinstri, miðju eða hægri nálarstaða | Þrefalt og teygjanlegt, fyrir sauma sem mikið reynir á. Lengið sporlengdina fyrir kantsungusauma. |
|  | A14 | B | Styrkt zik zak spor | Til að sauma jaðar við jaðar, eða leður á misvíxl og fyrir skrautsauma. |
|  | A15 | A | Þriggja þrepa zik zak | Til að kasta jaðra, viðgerðir, sauma á bætur og teygjur. Hentar fyrir þunn og meðalþykk efni |
|  | A16 | J | Saumur/kastsaumur | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. Hægt að klippa frá á eftir. Fyrir þunn föst eða teygjanleg efni. |
|  | A17 | B | Teygjanlegur saumur/ kastsaumur | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. Hægt að klippa frá á eftir. Fyrir meðal og þykkari teygjan-leg efni. |
|  | A18 | B | Tvöfalt overlock spor | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. Hægt að sauma meðfram jaðri eða klippa frá á eftir. Fyrir þykk teygjanleg og gróf efni. |
|  | A19 | B | Overlock spor | Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. Fyrir meðal-þykk teygjanleg efni. |
|  | A20 | B | Flatlock spor | Fyrir skrautlega falda og efni lögð á misvíxl, belti og bönd. Fyrir meðal og þykk teygjanleg efni. |
|  | A21 | D | Teygjanlegt blindföldunarspor | Fyrir blindfalda á meðal og þykk teygjanleg efni. |
|  | A22 | D | Blindföldunarspor á ofin efni | Fyrir blindfalda á meðal og þykk ofin efni. |
|  | A23 | A | Skeljasaumur | Fyrir skeljasauma á þunn teygjanleg efni. Saumið ofin efni eingöngu skáskorin. |
|  | A24 | A | Fjögurra þrepa zik zak | Til að kasta jaðra, stoppa í, sauma á bætur og teygjur á lauslega ofin efni. |

| Spor | Nr | Saum-fótur | Lýsing | Notist við |
|---|---|---|---|---|
| | A25 | B | Teygjanlegt þekjuspor | Fyrir tricot efni lögð á misvíxl og til að sauma yfir mjóar teygjur. |
| | A26 | A | Hlykkjótt spor | Til viðgerða og sauma á teygjur og teygjanleg efni. |
| | A27 | B | Teygjanlegur vöfflusaumur | Til að sauma yfir tvær raðir af teygjutvinna og fyrir rykkingar. |
| | A28 | B | Tengisaumur | Til að sauma saman tvö efni með fasta jaðra og fyrir rykkingar. |
| | A29 | J | Þriggja þrepa zik zak | Til að kasta jaðra, sauma á bætur og teygjur. Hentar fyrir meðal og þykk efni. |
| | A30 | A | Tveggja þrepa zik zak | Til að sauma saman tvö efni með fasta jaðra og fyrir rykkingar. |
| | A31 | B | Heftispor | Til að styrkja vasaop, raufar á skyrtum og pilsum, beltaslaufur og fyrir neðri enda á rennilásum. |
| | A32 | B | Heftispor | Til að styrkja vasaop, raufar á skyrtum og pilsum, beltaslaufur og fyrir neðri enda á rennilásum. |
| | A33 | A | Ístopps spor (áfram og afturábak) | Stoppa í og gera við lítil göt í vinnufatnaði, gallabuxum, dúkum og diskaþurrkum. Saumið yfir gatið, ýtið svo á afturábak og vélin heldur áfram að sauma fram og til baka og stöðvast síðan sjálfkrafa |
| | A34 | A | Ístopps spor (til beggja hliða) | Til að gera við litlar rifur |
| | A35 | A | Styrkt ístopps spor | Stoppa í og gera við vinnufatnað, gallabuxur, diska og munnþurrkur. Saumið yfir gatið, ýtið svo á afturábak og vélin heldur áfram að sauma fram og til baka og stöðvast síðan sjálfkrafa. |
| | A36 | B | Ístopps spor (fjögurra þrepa) | Hópur af fjórum sporum sem henta vel til að gera við litlar rifur. Spor 1 og 3 eru saumuð áfram, en spor 2 og 4 eru saumuð afturábak. Til að breyta um saumaátt getið þið ýtt á afturábak hnappinn.<br>*Ráð: Strauið bræðanlegt fóður eða undirleggsefni á röngu efnisins. áður en þið saumið.* |
| | A37 | A | Beltasprotar | Til að festa beltasprota. |
| | A38 | A | Þræðispor | Til að sauma saumhluta saman til mátunar. Saumar eitt spor og síðan færið þið sjálf efnið. Löng spor sem auðvelt er að rekja upp. |
| | A39 | A | Beint þræðispor | Notið þetta spor ásamt fótmótstöðunni til að þræða saman efnisbúta til mátunar. Þið færið efnið sjálf að næsta þræðipunkti þegar saumfóturinn lyftist, og stígið á fótmótstöðuna. Flytjarinn er sjálfkrafa tekinn úr sambandi. |
| | A40 | A | Zik zak þræðispor | Notið eins og sporið hér að ofan, nema að vélin saumar tvö spor á hverjum þræðipunkti. |
| | A41 | A | Rykkingarspor | Engin heftispor í byrjun þannig að auðveldara sé að draga tvinnann til. |

| Spor | Nr | Saum-fótur | Lýsing | Notist við |
|---|---|---|---|---|
| | A42 | Hnappa-gatafótur C | Breið hnappagöt með heftingum | Fyrir meðal og gróf efni og með aukalegum skurðar-fleti |
| | A43 | Hnappa-gatafótur C | Hnappagöt með heftingum | Fyrir flestar gerðir efna |
| | A44 | Hnappa-gatafótur C | Hnappagöt með ávalri heftingu | Fyrir þunn efni |
| | A45 | Hnappa-gatafótur C | Hnappagöt með ávalri heftingu | Fyrir blússur og barnafatnað |
| | A46 | Hnappa-gatafótur C | Skráargats hnappagat | Með þversum heftingu fyrir jakka, kápur o.fl. |
| | A47 | Hnappa-gatafótur C | Hnappagat með mjókkandi heftingu | Fyrir klæðskerasaumaðan fatnað |
| | A48 | Hnappa-gatafótur C | Skrautlegt tískuhnappagat | Fyrir flest efni |
| | A49 | Hnappa gatafótur C | Skrautlegt tískuhnappagat | Fyrir flest efni |
| | A50 | Hnappa-gatafótur C | Gróft hnappagat | Fyrir grófari efni |
| | A51 | Hnappa-gatafótur C | Gróft styrkt hnappagat | Fyrir vinnufatnað og gróf efni |
| | A52 | C | Meðal/gróft styrkt hnappagat | Fyrir meðal og gróf efni |
| | A53 | C | Meðalgróft styrkt hnappagat | Fyrir meðalþykk efni |
| | A54 | Hnappa-gatafótur C | Aldamóta hnappagat | Fyrir handavinnuútlit á fín og viðkvæm efni<br>*Ráð: Fyrir gallabuxur getið þið aukið við lengdina og breiddina á hnappagatinu. Notið þá grófari tvinna.* |
| | A55 | Hnappa-gatafótur C | Ávallt aldamótahnappagat | Fyrir handavinnuútlit á fín og viðkvæm efni |
| | A56 | A | hnappagöt á leður (bein spor) | Fyrir leður og gervileður |
| | A57 | A | Paspeleruð hnappagöt fyrir vasa (beint spor) | Með auknum skurðarfleti. |
| | A58 | - | Sjálfvirk töluáfesting | Til að festa tölur á efni |
| | A59 | B | Kringlótt kóssagat | Fyrir belti, blúndur o.fl. |
| | A60 | B | Perulagað kóssagat | Fyrir blúndur og skreytingar |
| | A61 | B | Ávallt kóssagat | Fyrir blúndur og skreytingar |

## Yfirlit yfir saumaforrit

Það eru nokkur mismunandi saumaforrit í vélinni með saumum fyrir alls konar möguleika. Farið í hraðhjálpina til að fá nánari upplýsingar um saumana, sjá Hraðhjálp (Quick Help) .

| Nafn á saumum | Lýsing |
|---|---|
| A — Nytjasaumar | Saumar fyrir algenga sauma og viðgerðir |
| B —Applíkeringarspor | Til að sauma appplíkeringar með mismunandi áferðum |
| C —Aldamótasaumar | Skrautleg spor fyrir ýmsa aldamótasauma. Saumar fyrir falda, vöfflusauma, sauma á blúndur og skreytingar. |
| D — Bútasaumar | Saumar fyrir alls konar bútasaumstækni |
| E — Listsaumar | Skrautleg spor til að skreyta fatnað |
| F — Skrautsaumar | Til að skreyta fatnað |
| G — Eðalsaumar | Úrval af bútasaumum bæði fyrir “crazy quilting” og til skreytinga. |
| H — Barnasaumar | Saumar sem henta vel á barnafatnað |
| J — Skeljasaumar | Fyrir fallega skeljasaumsáferð á jaðra. |
| K — Alátta saumar | Forritið þessa sauma á óteljandi hátt. Saumarnir eru myndaðir með hliðarfluningi, og sporbreiddin getur orðið allt að 49mm á breidd. |
| L — Skrautsaumar | Innihalda þrjár gerðir af saumum; applikeringar, og upphleyptum saumum og samblandi af þeim svo og pallíettusauma. |
| M — Þema saumar | Hvert saumanúmer í þessari valmynd inniheldur hóp af fjórum saumum sem ætlast er til að séu saumaðir saman á handahófskenndan hátt. Færið ykkur yfir á næsta saum í þessum hóp með því að snerta afturábak hnappinn. |
| N —Skreytinga saumar | Skrautlegir saumar sem hægt er að nota eins og þeir eru eða skreyta þá enn meir eftir að hafa saumað þá. Frekari upplýsingar eru I hraðhjálpinni. |
| O — Einstakir mótif saumar | Einstök spor til skreytinga. Vélin stöðvast eftir að hafa saumað mótífið einu sinni. |
| P — Sérstakir saumar | Saumar sérstaka saumatækni eins og kertakveikssauma (candlewicking) jaðarsauma o.fl. Þið gætuð þurft á aukaáhöldum að halda. Frekari upplýsingar eru í hraðhjálpinni. |
| Q — Skrautlegir “Tapering” saumar | Skrautlegir “tapering” saumar þ.e.a.s. mjókkandi og breikkandi flatsaumar. |
| R —” Pictogram” myndtákns saumar | “Pictogram” eða myndtákns flatsaumar. |
| S — 4–átta saumar | Fjögurra átta saumar. |
| T — 8–átta saumar | Beint spor og styrkt beint spor í átta mismunandi áttir án þess að snúa efninu. Hægt að forrita þá með skrautsaumum til að búa til sérstaka jaðra og leggingar. |

## Stafróf

Stafróf eru fyrir hendi í blokk, útlínu, “Brush line”, skrifstöfum og kyrrilísku stafrófi.

# 2 Undirbúningur



# Vélin og útsaumstækið tekin upp

Eftir að hafa lift vélinni úr kassanum og fjarlægt ytri pakkningar og plastpokann, strjúkið þið af vélinni með mjúkum klút og sérstaklega í kring um nálarsvæðið og stingplötuna til að fjarlægja alla feiti áður en þið byrjið að sauma.

Þegar þið takið útsaumstækið gætið þess þá að henda ekki svarta plastinu sem er innan í burðarpokanum, því það er notað til að geyma tækið þegar það er ekki í notkun.

*Ath: DESIGNER EPIC™ vélin er stillt til að vinna best í venjulegum herbergishita. Mikill hiti eða mikill kuldi getur haft áhrif á vélina.*

# Vélin og mótstaðan tengd við rafmagn

Á meðal fylgihlutanna eru rafmagnssnúran og fótmótstaðan.

*Ath: Áður en þið tengið fótmótstöðuna við vélina, fullvissið ykkur um að fótmótstaðan sé af gerðinni "FR5" (sjá neðan á fótmótstöðunni).*

1. Togið snúruna út úr mótstöðunni og tengið snúruna frá fótmótstöðunni við fremri tengilinn á neðanverðri hægri hlið vélarinnar.
2. Tengið rafmagnssnúruna í aftari tengilinn í neðanverðri hægri hlið vélarinnar, og síðan í veggtengil
3. Ýtið aðalrofanum ON/OFF á "I" til að kveikja á vélinni.



## Gengið frá að saum loknum

1. Ýtið aðalrofanum ON/OFF á "O".
2. Takið rafmagnssnúruna úr veggtenglinum og úr vélinni.
3. Takið fótmótstöðuna úr sambandi við vélina. Togið lauslega í snúruna og sleppið henni síðan, en við það fer snúran inn í fótmótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfið fyrir þá og rennið hólfinu síðan á vélina utan um fríarminn.
5. Setjið fótmótstöðuna á auða svæðið fyrir ofan fríarminn.
6. Setjið lokið yfir vélina.

*Ráð: Hægt er að geyma leiðbeiningarnar og rafmagnssnúruna í hólfinu utan á lokinu yfir vélinni.*

## USB tenglar

Vélin er með tvo USB tengla þar sem hægt er að tengja USB tæki við hana, t.d. minnislykil. USB tengla er eingöngu hægt að setja í vélina á einn hátt — Notið aldrei afl til að setja USB tengil í vélina. Togið tenglana einnig varlega og ávallt beint út ur tenglum vélarinnar.



*Ath: Fullvissið ykkur um að USB minnislyklar sem þið notið séu með sniði FAT32.*

### Notkun á USB tæki

Hnappurinn fyrir utanaðliggjandi tæki í skrárstjórn er eingöngu virkur ef eitthvað tæki er tengt við USB tengil vélarinnar.

*Ath: Fjarlægið aldrei USB tæki frá vélinni ef hringsnúandi hringur er sýndur á skjánum eða ef skráarstjórn (File manager) er sýndur. Ef þið fjarlægið tæki þegar svo stendur á gætuð þið skemmt skrárnar á USB tækinu.*

Lesið nánar í Skráarstjórn — yfirlit (File Manager – Overview).

# Tengist WiFi og *mySewnet*™ skýinu

Farið eftir þrepunum hér að neðan til að tengja vélina ykkar.

### Tengist netmiðli í gegn um WiFi

Snertið WiFi hnappinn í efra vinstra horninu á skjánum. Veljið úr listanum yfir þá netmiðla sem eru fyrir hendi. Ef netmiðillinn ykkar er varinn með aðgangsorði, verðið þið beðin um að stimpla það orð inn til að tengjast netmiðlinum.



*WiFi hnappur*

Frekari upplýsingar um tenginu, sjá Þráðlaust net — inngangur (WiFi Introduction) .

### Tengjast "*mySewnet*™" skýinu

Þegar þið hafið náð WiFi tengingu, snertið þið skýja hnappinn við hliðina á WiFi hnappnum á skjánum. Snertið hnappinn til að skrá ykkur inn. Vefurinn opnast þar sem þið getið skráð ykkur inn. Ef þið hafið ekki notendanafn eða aðgangsorð, veljið þá registur til að stofna aðgang.



***mySewnet*™** *hnappur*

Frekari upplýsingar, sjá *mySewnet*™ Skýið (Cloud) .

# LED díóðu lýsing

Vélin er með díóðulýsingu sem dreifir lýsingunni jafnt yfir saumflötinn og án þess að skuggar myndist. Þið getið stillt magnið og ljósið á lýsingunni í valmyndinni fyrir stillingar (SET menu). Sjá nánar Birta í díóðulýsingu (LED Work Light Brightness) .

# Fríarmur

Til að nota fríarminn rennið þið hólfunum fyrir fylgihlutina af vélinni. Það er smáhak sem heldur hólfinu við vélina. Rennið hólfinu út til vinstri frá fríarminum..

# Tvinnahnífar

Það eru þrír tvinnahnífar á vélinni. Sá fyrsti er nálægt spólaranum og er til að klippa tvinnann fyrir og eftir spólun.

Sá næsti er nálægt spólusvæðinu eða gríparanum og er til að klippa undirtvinnann eftir að spólan hefur verið sett í gríparann.

Sá þriðji er svo vinstra megin á vélinni til að klippa yfir og undirtvinnann. Togið báða þræðina aftan frá í tvinnahnífinn og togið síðan snöggt niður á við.



# Nemi fyrir tvinna

Ef tvinninn slitnar eða ef spólutvinninn er að klárast, stöðvast vélin og sprettigluggi kemur á skjáinn.

Ef yfirtvinninn slitnar; Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á nýjan leik og snertið síðan OK á sprettiglugganum.

Ef spólutvinninn er að verða búinn; Þið getið haldið áfram að sauma án þess að loka sprettiglugganum áður en tvinninn klárast fullkomlega. Þetta gefur ykkur tækifæri til að undirbúa hvar þið viljið stöðva til að skipta um spólu.. Þegar þið hafið sett nýja spólu í vélina ýtið þið á OK í sprettiglugganum og haldið áfram.

# Útdraganleg tvinnastýring

Þessa útdraganlegu tvinnastýringu notið þið ávallt þegar þið þræðið vélina fyrir sauma, útsauma eða við spólun. Þessi tvinnastýring kemur í veg fyrir að snúist upp á tvinnann, að tvinnar snertist og flækist saman eða slitni. Tvinnastýringin og lóðréttu keflispinnarnir gera einnig kleift að nota mjög stóra tvinnakóna.



### Togið út eða ýtið útdraganlegu tvinnastýringunni saman.

Haldið um tvinnastýringuna þar sem merkin eru eins og sýnt er og togið hana beint upp þar til hún smellur á sinn stað.

Til að þrýsta henni niður, haldið þið einnig um merkin og ýtið henni beint niður á við.

## Keflispinnar

Vélin er með tvo keflispinna, aðal keflispinnann og aukalega keflispinnann. Keflispinnarnir henta fyrir svo til allar gerðir af tvinnakeflum..

Notið aðal keflispinnann (A) fyrir yfirtvinnann og spólun á spóluna í gegn um nálina. Notið aðal keflispinnann fyrir venjulegan saumaskap og útsaumstvinna og notið hann þá í lóðréttri stöðu. Notið keflispinnann í láréttri stöðu ef þið viljið hafa vélina þrædda, þegar þið setjið lokið yfir hana að saum loknum. Munið bara að setja keflispinnann aftur í lóðrétta stöðu þegar þið byrjið að sauma á ný.

*Ath: Þið getið ekki hallað keflispinnanum þegar þið eruð að nota stór kefli eða kóna.*

Það gæti verið hentugra að nota keflispinnann í láréttri stöðu þegar þið eruð að nota lítil tvinnakefli eða einhvern sérstakan tvinna, sjá Ráð og ábendingar um þræðingu, bls. 38.

Notið aukalega keflispinnann (B) þegar þið spólið á spóluna af öðru tvinnakefli, eða fyrir annað tvinnakefli þegar þið saumið með tvíburanál.




*Aðal keflispinninn (A) og aukalegi keflispinninn (B)*

## Skífur fyrir tvinnakeflin

Með vélinni fylgja þrjár stærðir af skífum til að nota við tvinnakeflin. Fyrir flestar gerðir af tvinnakeflum þarf ekki að nota neina skífu, nema kannski þegar tvinninn er alveg að verða búinn á keflinu. Ef tvinninn krækist efst í tvinnakeflinu setjið þá skífu ofan á það. Notið ávallt skífu sem er aðeins stærri en þvermál tvinnakeflisins. Flati hluti skífunnar á alltaf að liggja upp að tvinnakeflinu og ekkert loft á að vera á milli hennar og keflisins.



# Tvinninn

Það eru til margar gerðir af tvinna á markaðnum og hann er framleiddur til margs konar nota.

DESIGNER EPIC™ vélin er framleidd fyrir svo til allar gerðir af tvinna og stærðir af tvinnakeflum. sjá Ráð og ábendingar um þræðingu, bls. 38 um frekari upplýsingar til að ná sem bestum árangri með mismunandi gerðum af tvinna og mismunandi stærðir af keflum og kónum.



## Tvinni til allskonar nota

Þannig tvinni er framleiddur úr gerviefnum, baðmull eða gerviefnum sem er þakinn með baðmull. Þannig tvinnar eru notaðir við flest alla venjulega sauma, bæði á fatnað, heimilisvörur og bútasaum.

## Útsaumstvinni

Útsaumstvinni er búinn til úr margs konar trefjaefnum; rayon, polyester, acryl eða málmefnum. Þessir tvinna gefa frá sér glansandi áferð í útsaum og skrautsaumum.

Útsaumstvinna notið þið yfirleitt ekki sem undirtvinna, nema því aðeins að bæði réttan og rangan komi til með að sjást. Notið heldur sérstakan fínan útsaums undirtvinna, sem hentar miklu betur sem undirtvinni. Fínni undirtvinni í útsaum kemur líka í veg fyrir að sporin hrannist upp undir útsaumsfætinum.

*Ath: Þegar þið notið málmtvinna eða flatan filmutvinna í útsaum, gætuð þið þurft að nota nál með stærra auga og einnig að minnka hraða vélarinnar.*

## Glær tvinni

Glær tvinni sem einnig er kallaður “monofilament” tvinni eða tvinni úr einum þræði er glær einþátta gervitvinni. Hann er notaður í bútasaum og ýmsan útsaum. Þegar þið spólið slíkan tvinna á spóluna — spólið þá aðeins á hálfum hraða og fyllið spóluna eingöngu til hálfs.

# Nálar

Nál saumavélar leikur stórt hlutverk í öllum saumaskap. Notið því aðeins gæðanálar. Við mælum með nálum af gerðinni 130/705H. Nálarnar sem fylgja með vélinni í upphafi eru af mest notuðu grófleikum og gerðum.

⚠ *Gætið þes ávallt að nota réttan grófleika af nál í samráði við þann tvinna sem þið ætlið að nota. Við grófari tvinna þarf að nota grófari nálar með stærra auga. Ef nálaraugað er of fínt fyrir þann tvinna sem verið er að nota er einnig hætta á að sjálfvirki þræðarinn ráði ekki við að þræða nálina.*

## Alhliða nál

Alhliða nál er með aðeins afrúnnaðan odd og hægt að fá hana í ýmsum grófleikum. Hún er fyrir allan venjulegan saumaskap, efni og efnisþykktir.



## “Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni

“Stretch”nálar eru með sérstakt úrtak í nálinni sem kemur í veg fyrir að vélin hlaupi yfir þegar efnið gefur aðeins eftir . Hentar vel fyrir prjón, sundfatnað, flís, gervileður og leður.



## Útsaumsnálar

Útsaumsnálar eru einnig með sérstakt úrtak á nálinni og þær eru með stærra auga sem kemur í veg fyrir skemmdir á efni og tvinna. Notið þær þegar þið saumið út með málmtvinna eða öðrum sérstökum tvinnagerðum.



## “Denim” nálar

“Denim” eða gallabuxnanálar eru mjög oddjhvassar til að auðvelda þeim að fara í gegn um þéttofin efni án þess að þær bogni.,Henta einnig vel fyrir segldúk og ýmiss gerviefni.



## “Wing” húllsaumsnálar

“Wing” eða vængjanálar eru með nokkurs konar vængi á báðum hliðum til að ýta þráðum efnanna til hliðar og búa þannig til göt í efnið þar sem nálin fer í gegn. Henta fyrir húllsauma á efni úr náttúrulegum þráðum..



# Áríðandi upplýsingar um nálar

Skiptið oft um nál. Notið aðeins beinar nálar sem eru með hvassan odd (A).

Skemmd nál (B) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, brotni, tvinninn slitni o.fl. Skemmd nál getur einnig skemmt stingplötu vélarinnar.

Notið aldrei tvíburanálar sem eru settar saman út frá miðju leggsins (C), þær geta skemmt vélina.



## Skipt um nál

1. Notið gatið í alhliða verkfærinu til að halda utan um nálina.
2. Losið skrúfuna sem heldur nálinni.
3. Farlægið nálina.
4. Setjið nýja nál og notið alhliða áhaldið til aðstoðar. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og látið flata flötinn á henni snúa frá ykkur.

   ⚠ *Það er mjög áríðandi að nálin sé sett eins hátt og hún kemst því annars getur sjálfvirki þræðarinn ekki unnið rétt.*

5. Herðið á skrúfunni.

⚠ *Noið afrúnnaða endann á alhliða verkfærinu til að losa og herða skrúfuna.*





# Þræðing

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.

## Þræðing á yfirtvinnanum

Fyrir flestar gerðir af tvinnum og keflisstærðum, mælum við með því að þræða yfirtvinnann frá vinstri aðal kelfispinnanum í lóðréttri stöðu.

Ef þið verðið vör við vandamál með tvinnann eða árangur saumsins, þá eru einnig önnur ráð til að staðsetja tvinnakeflið. Sjá Ráð og ábendingar um þræðingu, bls. 38.

1. Haldið við merkin á útdraganlegu tvinnastýringunni og dragið hana beint upp þar til hún smellur á sinn stað.



2. Lyftið báðum keflispinnunum í lóðrétta stöðu. Setið kefli á aðal keflispinnann.
   Notið nú báðar hendur og leggið tvinnann fyrir aftan vinstri klemmuna á útdraganlegu tvinnastýringunni (A). Tvinninn á að renna frá hægri til vinstri.




*Ath: Þegar þið notið tvinnakóna, setjið þið kónahöldu á keflispinnann áður en þið setjið kóninn á. Það kemur í veg fyrir að kónninn vaggi.*

*Ráð: Þegar þið fjarlægið tvinnakóninn af keflispinnanum, þá getur kónahaldan festst innan í kóninum. Þrýstið þá varlega á hana ofan frá..*



3. Haldið tvinnanum með báðum höndum eins og myndin sýnir. Setjið tvinnann undir tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur. Togið tvinnann inn og í gegn um þræðiraufina (B).

   *Ath: Haldið tvinnanum áfram lauslega við hliðina á tvinnastýringunni (A) á meðan á þræðingu stendur. Það myndar ákveðna spennu á tvinnann og tryggir að tvinninn fari rétt í þræðislóðina.*




4. Togið tvinnann á milli skífanna í tvinnaspennunni (C). Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri. Leggið tvinnann síðan hægra megin frá í raufina á þráðgjafanum (D) þar til hann smellur á sinn stað (E) og farið síðan aftur niður eftir vinstri þræðiraufinni og í síðustu tvinnastýringuna (F) rétt fyrir ofan nálina.
5. Þræðið nálina síðan handvirkt eða með því að nota sjálfvirka þræðarann.

   ⚠ *Áður en þið notið sjálfvirka þræðarann, lesið fyrst leiðbeiningarnar og ráðleggingarnar.*



# Sjálfvirkur þræðari fyrir nál

## Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál

*Rétt samhengi á milli tvinnagrófleika og nálargrófleika er mjög áríðandi í öllum saumaskap, og sérstaklega þegar þið ætlið að nota sjálfvirka þræðarann fyrir nálina. Óhentugt samhengi, eins og grófur tvinni og fín nál geta skemmt þræðarann.*

*Forðist einnig að nota fínar nálar á gróf efni , því þær gætu bognað og brotnað. Þið getið einnig skemmt þræðarann ef þið notið sjálfvirka þræðarann á bogna nál .*

| **Efni** | | **Tvinni** | **Nál** |
|---|---|---|---|
| Fín ofin efni | Chiffon, organza, batist, challis, krep o. fl.. | Fínni gerð af tvinna:<br>• fínn baðmullar, polyester eða silkitvinni<br>• rayon útsaumstvinni | Alhliða nál 130/705H<br>70 — 80 |
| Meðal ofin efni | Calico, bútasaumsefni krep, ullarefni, flauel o. fl. | Meðal grófleiki af tvinna:<br>• fínn/venjulegur baðmullar eða polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | Alhliða nál 130/705H<br>80 — 90 |
| Gróf ofin efni | Denim, tweed, segldúkur, frotteefni o. fl. | Meðal / grófur tvinni:<br>• venjulegur baðmullar eða polyester tvinni<br>• tvinni fyrir stungusauma<br>• rayon útsaumstvinni | Alhliða nál 130/705H<br>90 — 110 |
| Þunnt teygjan-legt efni | Tricot, einfalt prjón, jersey o.fl. | Fínni gerð af tvinna:<br>• fínn baðmullar eða polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | “Stretch” nál 130/ 705H-S<br>75 |
| Meðal teygjan-legt efni | Prjónaflíkur, tvöfalt prjón, velúr, sundfatnaður o.fl. | Meðal grófleiki af tvinna:<br>• venjulegur baðmullar eða polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | “Stretch” nál 130/ 705H-S<br>90 |
| Gróft teygjan-legt efni | Gróft prjón, flís o.fl. | Meðal grófleiki af tvinna:<br>• venjulegur baðmullar og polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | “Stretch” nál 130/ 705H-S<br>90 |
| Leður | Gervileður og leður | Meðal grófleiki af tvinna:<br>• venjulegur baðmullar eða polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | “Stretch” nál 130/ 705H-S<br>90 |
| Vinyl | Vinyl, gervileður og rúskinn | Meðal grófleiki af tvinna:<br>• venjulegur baðmullar eða polyester tvinni<br>• rayon útsaumstvinni | Alhliða nál 130/705H<br>80 |

*Ath: Það gæti þurft að nota sérstakar nálar á afbrigðileg efni og tvinna til að ná góðum árangri. Hafið samband við HUSQVARNA VIKING® umboðið til að fá ráð í slíkum tilfellum.*

## Notkun á sjálfvirka þræðaranum fyrir nálina

Með innbyggða þræðaranum fyrir nálina getið þið þrætt nálina með því að ýta á einn hnapp.




*Áður en þið notið þræðarann fullvissið ykkur um að nálin sé rétt sett í vélina og sé eins hátt í nálarhöldunni og hún kemst. Gætið þess einnig að nálin sé ekki skemmd eða bogin, og gætið svo að endingu að því að nálin sé af réttum grófleika fyrir tvinnann sem þið eruð að nota. .*

1. Setjið tvinnann undir krókinn (A) og togið hann á milli skífanna (B) þar til hann “smellur” á sinn stað.



2. Togið tvinnann síðan upp að tvinnahnífnum og klippið umfram tvinnann með því að toga snöggt aftan frá og fram á við.




3. Snertið hnappinn fyrir sjálfvirka þræðarann. Saumfóturinn fer sjálfkrafa niður á meðan á þræðingu stendur og fer svo sjálfur upp þegar þræðingu lýkur.

*Þræðarinn fyrir nálina er hannaður fyrir nálar af grófleikum 70-120. Þið getið ekki notað þræðarann fyrir nálar í grófleika 65 eða fínni, ekki við Wing húllsaumsnálar, tvíbura eða þríburanálar.*

*Sérstakir tvinnar eins og glær “monofilament” tvinni og aðrir slíkir teygjanlegir tvinnar, málmtvinnar og flatir málmtvinnar og sumir grófir tvinnar gætu verið erfiðir fyrir sjálfvirka þræðarann þ.e.a.s. krókurinn á þræðaranum gæti átt í erfiððleikum með að ná í slíka þræði. Ef slíkt kemur fyrir mun þræðarinn ekki geta þrætt nálina. Reynið þá að nota þræðarann á ný, eða í versta falli þræðið nálina á handvirkan hátt.*

*Munið þá að þræða nálina framan frá.*

*Ekki er hægt að nota sjálfvirka þræðarann þegar sum aukatæki eru notuð á vélinni. Til að forða skemmdum á þræðaranum og/eða aukatækjum á vélinni mælum við með því að þið þræðið nálina áður en þið setjið viðkomandi aukatæki á vélina, eða þá að þið þræðið nálina á handvirkan hátt.*

*Áður en þið notið sjálfvirka þræðarann þegar þið notið hnappagatafótinn með nemanum, lyftið þá hjólinu á fætinum upp til að koma í veg fyrir skemmdir á þræðaranum eða fætinum.*



# Ráð og ábendingar um þræðingu

Á markaðnum eru margar gerðir af tvinna og þeir hannaðir fyrir mismunandi notkun. Gæði og uppbygging á tvinna svo og lögun og stærð á tvinnakefli getur haft áhrif á atferli tvinnans. Tvinni getur líka verið mismunandi eftir því hvort hann er á fullri spólu eða nærri tómri.

Ef þið verðið fyrir einhverjum vandamálum, reynið þá ráðin og ábendingarnar hér að neðan.

*Ath: Saumið ávallt prufusauma á afgangsbúta af efninu sem á að sauma.*

## Ef tvinnakeflið er togað upp frá keflispinnanum

Þegar tvinninn er að verða búinn á tvinnakeflinu, getur tvinninn átt það til að flækjast í jaðar keflisins og togað keflið upp á við. Setjið þá skífu ofan á tvinnakeflið til að halda því á sínum stað. Notið ávallt skífu sem er aðeins stærri en keflið sjálft og látið flata hluta skífunnar snúa niður á móti tvinnakeflinu. Það á ekki að vera nokkurt bil á milli skífunnar og tvinnakeflisins.



## Ef tvinninn rennur niður eftir tvinnakeflinu

Ef tvinninn er af þeirri gerð að hann renni niður eftir standandi tvinnakeflinu og festist jafnvel undir því og slitni, þá er lausn að setja skífu undir tvinnakeflið .

Ef tvinnakeflið er með sama þvermál og skífan er einnig gott að setja tvinnanet utan um keflið eins og sýnt er. Setjið netið neðan frá og upp eftir keflinu áður en þið setjið keflið á keflispinnann.

*Ath: Til að koma í veg fyrir að netið hafi áhrif á tvinnaspennuna eða togi of mikið í tvinnann, þá ætti netið aðeins að hylja neðri hluta keflisins en ekki þar sem það mjókkar ofan til.*



## Ef tvinninn flækist eða snýst upp á hann þegar hann kemur af keflinu

Þegar um smærri kefli með sérstökum tvinna er að ræða, þá er einnig ráð að halla keflispinnanum þannig að tvinnakeflið sjálft snúist þegar tvinninn er togaður af því..

Setjið tvinnakeflið á keflispinnann. Setjið ekki skífu ofan á keflið því hún gæti komið í veg fyrir að keflið geti snúist. Togið tvinnann upp að útdraganlegu tvinnastýringunni og þræðið eins og lýst er í Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34.



## Þræðing á tvíburanál

Setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn og nálin séu í efstu stöðu.

1. Lyfitð báðum keflispinnum í lóðrétta stöðu og setjið tvinnakefli á báða keflispinnana.
   Notið báðar hendur og leggið tvinnann frá aðal keflispinnanum fyrir aftan vinstri klemmuna á útdraganlegu tvinnastýringunni (A) hægra megin frá og til vinstri, og síðan tvinnann frá aukalega keflispinnanum fyrir aftan hægri klemmuna (B) og hægra megin frá og til vinstri.

   *Ath: Setjið tvinnann frá aukalega keflispinnanum ekki fyrir aftan báðar klemmurnar á tvinnastýringunni því það myndi skapa of mikla spennu á tvinnann.*




*Ath: Þegar þið notið stærri tvinnakóna á aukalega keflispinnann, setjið þá stóra keflisskífu með flötu hliðina upp og síðan kónahöldu á keflispinnann áður en þið setjið kóninn á.*



2. Haldið báðum tvinnunum með báðum höndum eins og myndin sýnir . Setjið tvinnana undir tvinnastýringuna (A) framan frá og aftur. Togið tvinnana saman aftur í og í gegn um þræðirauf (B).

   *Ath: Haldið áfram og haldið lauslega nálægt tvinnastýringunni (A), í gegn um þræðiferlið. Það myndar dálitla spennu á tvinnana og tryggir að tvinnarnir fari rétt í þræðislóðina.*



3. Togið tvinnana á milli skífanna (C) og fullvissið ykkur um að tvinnarnir fari sitt hvoru megin við miðskífuna. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri. Leggið tvinnnama síðan hægra megin frá í þráðgjafann (D) og togið aðeins í þá þar til þeir smella á sinn stað (E). Farið síðan aftur niður eftir vinstri raufinni. Síðan á annar tvinninn að fara inn í þræðilykkjuna niður við nálina (F) en hinn að vera fyrir utan hana. Fullvissið ykkur um að tvinnarnir flækist eða snúist ekki saman.

4. Þræðið tvíburanálarnar síðan með höndunum.

   ⚠ *Ekki er hægt að nota sjálfvirka þræðarann á tvíburanálar.*

*Ath: Grófleiki og óreglulegt yfirborð á sérstökum tvinnum eins og málmtvinna eykur á núningsmótstöðu á þessa tvinna. Það er því altaf ráðlegt að minnka yfirtvinnaspennuna til að minnka hættu á nálarbrotum eða því að tvinninn slitni þegar verið er að nota slíka tvinna.*






# Spólað á spóluna

Ávallt ætti að spóla sérstaka tvinna eins og glæran “monofilament” tvinna, málmtvinna eða flatan málmtvinna frá aukalega keflispinnanum en aldrei í gegn um nálina og saumfótinn.

*Ath: Spólið slíka sérstaka tvinna einnig á lægri hraða.*

1. Setjið tvinnakefli á aukalega keflispinnann.
   Notið báðar hendur, og togið tvinnann fyrir aftan hægri klemmuna á útdraganlegu tvinnastýringunni (A).
   Tvinninn á að koma frá hægri til vinstri.




*Ath: Þegar þið notið stóra tvinnakóna, setjð þið fyrst stóra skífu með flata jaðarinn upp og síðan kónahöldu á aukalega keflispinnann áður en þið setjið kóninn þar.*



2. Þræðið tvinnann síðan í tvinnastýringuna fyrir spólun (A) aftan frá og fram á við og til hægri.
   Þræðið hann síðan í gegn um tvinnastýringuna (B) í kring um skífurnar í tvinnaspennunni (C) og niður í tvinnastýringuna (D) eins og sýnt er.

   ⚠ *Þegar þið eruð að nota ýmsa sérstaka tvinnaþræði getur þetta venjulega þræðiferli orsakað að tvinninn verði allt of þétt spólaður á spóluna. Sleppið þá að þræða í tvinnastýringuna (B) og tvinnaspennuna (C) til að minnka spennuna á tvinnana. Togið tvinnana í þeim tilfellum beint frá tvinnastýringu (A) og í tvinnastýringuna (D).*



3. Setjið spóluna á spólaraspindilinn á neðri hægri hlið vélarinnar. Þið getið aðeins sett spóluna á einn veg á spólarann — og þannig að vörumerkið snúi út á við.

   ⚠ *Spólurnar í þessa vél eru hannaðar sérstaklega fyrir vélina. Notið því ekki spólur frá öðrum saumavélum.*

   Vefjið nokkra snúninga réttsælis utan um spóluna og klippið síðan umfram tvinnann með tvinnahnífnum (B).




4. Ýtið spólararminum (A) í áttina að spólunni og við það kemur sprettigluggi á skjáinn. Þar getið þið stillt hraða vélarinnar á meðan hún spólar með því að færa sleðastllinn til. Stöðvið og byrjið spólun með því að snerta hnappinn í sprettiglugganum.
5. Þegar spólan er full, smellur armurinn frá spólunni og spólunin stöðvast sjálfkrafa. Sprettigluggin lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með tvinnahnífnum (B).

## Spólað í gegn um nálina

Þegar þið eruð að nota sama tvinnann bæði sem undir og yfirtvinna, þá getur verið þægilegt að spóla á spóluna í gegn um nálina og án þess að afþræða vélina og þræða hana aftur.

⚠ *Við mælum eindregið frá því að spóla sérstaka tvinna eins og glæran eða teygjanlegan tvinna, málmtvinna eða flatan málmtvinna í gegn um nálina. Mjög grófan tvinna á heldur ekki að spóla í gegn um nálina, þar sem spennan getur orðið of mikil og þá er hætta á að nálin brotni. Spólið slíka tvinna eins og áður var lýst..*

1. Fullvissið ykkur um að saumfótur og nál séu í efstu stöðu.
2. Þræðið vélina eins og lýst var í Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34.
3. Togið tvinnann frá nálinni undir saumfótinn og upp til hægri.

   *Ath: Þegar þið notið þessa aðferð má eingöngu nota saumfætur úr málmi — alls ekki plastfætur.*



4. Notið báðar hendur til að setja tvinnann í tvinnastýringu (A) og upp í gegn um þræðiraufina og síðan vinstra megin frá í tvinnastýringuna (B).



5. Þræðið síðan beint í tvinnastýringuna (C).

   *Ath: Farið fram hjá tvinnaspennunni þegar þið notið þessa aðferð.*




6. Setjið spólu á spólaraspindilinn neðan til á hægri hlið vélarinnar. Spóluna er eingöngu hægt að setja á spólarann á einn hátt —þannig að vörumerkið snúi út.

   ⚠ *Spólurnar í þessa vél eru hannaðar sérstaklega fyrir vélina — Notið því ekki spólur úr öðrum vélum.*

   Vefjið nokkra snúninga réttsælis utan um spóluna og klippið síðan umfram tvinnann með tvinnahnífnum (B)..




7. Ýtið spólaraarminum (A) í áttina að spólunni og við það kemur sprettigluggi á skjáinn. Þar getið þið stillt hraða vélarinnar á meðan hún spólar með því að færa sleðastillinn til. Stöðvið og byrjið spólun með því að snerta hnappinn í sprettigluggganum..
8. Þegar spólan er full, smellur armurinn frá spólunni og spólunin stöðvast sjálfkrafa. Sprettigluggginn lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með tvinnahnífnum (B).

*Ath: Ef þið lendið í vandræðum með að spóla í gegn um nálina og þið eruð að nota stóran tvinnakón, færið þá kóninn yfir á aukalega keflispinnann og notið hægri smelluna á tvinnastýringunni í staðinn. Setjið stóra skífu með flata hlutann upp og kónahöldu á keflispinnann áður en þið setjið kóninn þar.*



# Spólan sett í vélina

⚠ *Notið eingöngu spólur sem eru fyrir þessa vél.*

1. Opnið lokið yfir gríparanum með því að ýta á losunarhnappinn (A) hægra megin og fjarlægið lokið.
2. Setjið spóluna í spóluhúsið. Hún kemst aðeins á einn veg og þannig að vörumerkið snúi upp. Spólan snýst þé rangsælis þegar þið togið í tvinnann.
3. Styðjið fingri ofan á spóluna þannig að hún geti ekki snúist um leið og þið togið tvinnann ákveðið til hægri og síðan til vinstri í spennifjöðrina (B) þar til tvinninn “smellur” á sinn stað. Haldið áfram að þræða í kring um (C) og síðan hægra megin við tvinnahnífinn (D).
4. Setjið lokið aftur yfir gríparann, togið í tvinnann til vinstri til að klippa hann.




# Skipt um saumfót

1. Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu. Þrýstið saumfætinum niður á við og að ykkur.
2. Athugið að pinnarnir á saumafætinum séu á móts við raufarnar á fóthöldunni. Þrýstið fætinum aðeins upp á við þar til hann smellur á fóthölduna.



## Hnappagatafóturinn með nemanum settur á

1. Smellið hnappagatafætinum á vélina.
2. Setjið tengilinn í stunguna fyrir aukatækin aftan á saumavélinni og gætið þess að punktarnir þrír snúi út á við.




*Áður en þið notið sjálfvirka þræðarann þegar þessi hnappagatafótur er á vélinni , lyftið þið hjólinu á fætinum upp til að forðast skemmdir á þræðaranum og fætinum.*



## Fótur Q með nema settur á

1. Notið alhliða áhaldið og fjarlægið fóthölduna.

   *Ath: Fjarlægið ekki skrúfuna sem heldur höldunni eftir að hafa losað hölduna. Alhliða verkfærið er segulmagnað og getur haldið skrúfunni og þannig komið í veg fyrir að hún glatist.*

2. Setjið fótinn Q aftan frá á fótstöngina þannig að gatið á fætnum og gatið á fótstönginni standist á. Snúið handhjólinu fram á við og lækkið nálina þannig að hún fari ofan í opið á fætinum. Armurinn á fætinum á að liggja ofan á festiskrúfuni fyrir nálina. Setjið skrúfuna fyrir fóthölduna aftur í og festið fótinn á fótstöngina.





> ⚠ *Notið afrúnnaða hluta alhliða áhaldsins til að losa og festa skrúfuna.*



## Yfirflutningur með skiptanlegum saumfótum

Yfirflytjarinn með útskiptanlegum saumfótum er hannaður til að flytja efni og vattefni á öruggan hátt. Hann hentar því vel fyrir bútasaum, sauma flauel, teygjanleg efni, gervileður og efni sem þarfnast mjög nákvæms flutnings. Smellið beinsaumsfætinum á efri flytjarann þegar þið eruð að sauma bein spor með nálarstöðu í miðju og sporlengd allt að 6mm. Smellið zik zak fætinum á þegar þið þurfið að nota zik zak allt að 7mm á breidd og 6mm að lengd.

*Ath: Kíkið á aukalega hluti fyrir efri flytjara í listanum fyrir aukahlutina í leiðbeiningunum á www.husqvarnaviking.com eða hjá HUSQVARNA VIKING® umboðinu.*




1. Efri flytjari
2. Skiptanlegur zik zak fótur
3. Skiptanlegur fótur fyrir beinan saum

### Efri flytjarinn settur á vélina

1. Notið alhliða verkfærið og fjarlægið fóthölduna.

   *Ath: Fjarlægið ekki skrúfuna sem heldur höldunni eftir að hafa losað hölduna. Alhliða verkfærið er segulmagnað og getur haldið skrúfunni og þannig komið í veg fyrir að hún glatist.*

2. Setjið yfirflytjarann aftan frá á fótstöngina og þannig að gaffallinn liggi yfir skrúfunni sem heldur nálinni. Festið hann síðan með skrúfunni sem hélt fóthöldunni.




### Smellið saumfótunum á eða af

3. Með fótstöngina í efri stöðu staðsetjið þið saumfótinn undir yfirflytjaranum.
4. Þrýstið saumfætinum upp á við þannig að hann smelli á sinn stað.
5. Til að fjarlægja saumfótinn ýtið þið fremri hluta hans aðeins upp á við þar til hann smellur af.

   *Ath: Geymið yfirlytjarann ávallt með saumfæti á þegar hann er ekki á vélinni.*



### Hvernig á að setja jaðarstýringu á vélina

Jaðarstýringarnar tvær sem fylgja með vélinni henta mjög vel þegar þið þurfið að sauma tvo sauma hlið við hlið eða með einhverju bili á milli. Það fylgja jaðarstýringar bæði fyrir vinstri og hægri hlið.

6. Stingið jaðarstýringunni í gatið aftan á yfirflytjaranum. Stillið svo fjarlægðina sem þið viljið nota.

*Ath: Jaðarstýringarnar er einnig hægt að nota án yfirflytjarans. Þá eru þær settar í gatið aftan á fóthöldunni og hert að þeim með skrúfunni sem er þar.*




## Stingplata fyrir beina sauma

Við mælum með beinsaums stingplötunni fyrir útsauma með beinu spori með sporlegu í miðju. Hún getur einnig hentað vel t.d. við samansaum á bútum og saumum á þunnum fínum efnum. Hún hentar einnig fyrir suma saumatækni í sauma aðgerð. Minna gatið í stingplötunni heldur betur við efnið í kring um nálina og kemur í veg frir að efnið þrýstist niður um gatið á stingplötunni, og þá sérstaklega í byrjun og enda saums.

1. Fjarlægið saumfótinn. Opnið lokið yfir gríparanum með því að ýta á losunarhnappinn (A), og fjarlægið lokið.
2. Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé úr sambandi. Setjið alhliða áhaldið undir stingpötuna eins og sýnt er — snúið aðeins upp á það til að smella stingplötunni af.

   *Ath: Takið flytjarann úr sambandi með því að snerta "saumfótur upp og í extra hæð"*

   *Ath: Þegar þið skiptið um stingplötu, hreinsið þá um leiða alla ló og óhreinindi sem safnast hafa fyrir undir plötunni sem var á vélinni.*

3. Með flytjarann úr sambandi, staðsetjið þið beinsaums stingplötuna þannig að hún falli í raufarnar að aftan (B). Þrýstið lauslega ofan á plötuna þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið aftur yfir gríparann.

⚠ *Til að koma í veg fyrir skemmdir á beinsaums stingplötunni , gætið þess að nota engin tæki sem gætu skemmt hana eins og t.d. tvíburanálar.*



# 3 Undirbúningur fyrir útsaum



# Útsaumstækið

(tegund EU 22)

1. Takki til að losa um tækið (að neðan)
2. Útsaumsarmur
3. Útsaumshalda fyrir ramma
4. Stillanlegir fætur
5. Tengill fyrir útsaumstæki




⚠ *Þegar þið takið útsaumstækið upp í fyrsta sinn, gætið þess þá sérstakega að fjarlægja pökkunarstífuna neðan á tækinu.*



# Yfirlit yfir útsaumsramma

1. Tengistykki fyrir ramma
2. Ytri rammi
3. Innri rammi
4. Hraðlosun
5. Skrúfa
6. Rifflur til að festa spennur
7. Miðjumerki




# Q-saumfótur

Við mælum eindregið með saumfæti Q fyrir útsauma í ramma

Sjá Fótur Q með nema settur á, bls. 46.



## Stingplata fyrir beina sauma

Við mælum einnig með stingplötunni fyrir beina sauma þegar saumað er út í ramma.

Sjá Stingplata fyrir beina sauma, bls. 48.



## Mynstur

Það eru mera en 650 mynstur í innbyggða minni vélarinnar. Þessi mynstur, auk 8 innbyggðu útsaums stafrófanna eru sýnd í DESIGNER EPIC™ sýnishorna bókinni.

### DESIGNER EPIC™ Sýnishornabók

Flettið í gegn um DESIGNER EPIC™ sýnishornabókina með mynstrunum og útsaums stafrófunum.

Öll innbyggð mynstur eru sýnd í bókinni og númer hvers þeirra einnig sýnt. Fyrir mynstur með upplýsingum um sérstaka útsaumstækni, sporafjölda í mynstrinu og stærð mynstursins eru einnig sýnd, svo og listi yfir litablokkir með upplýsingum um saumatækni í blokkunum..

# Útsaumstækið tengt við vélina

1. Rennið hólfinu fyrir fylgihlutina af vélinni.
2. Rennið útsaumstækinu á fríarminn þar til það tengist örugglega við tengilinn aftan til á vélinni. Ef þörf er á stillið þið fætur tækisins þannig að það sé stöðugt og sé jafnhátt vélararminum. Kveikið á vélinni.
3. Ef þið voruð þegar í útsaums aðgerð eða þegar þið breytið yfir í útsaums aðgerð, kemur upp sprettigluggi og segir ykkur að fjarlægja rammann af tækinu svo vélin geti kvarðað sig. Snertið síðan OK og vélin kvarðar sig nú og útsaumsramminn færist í byrjunarstöðu.




*Ath: KVARÐIÐ EKKI vélina með rammann á tækinu þar sem það getur skemmt nálina, saumfótinn, rammann og/eða útsaumstækið sjálft. Fjarlægið allt efni og annað sem er nálægt vélinni áður en þið kvarðið tækið þannig að engin hætta sé á að útsaumsarmurinn rekist í eitthvað á meðan á kvörðun stendur.*

# Útsaumstækið fjarlægt

1. Til að setja útsaumstækið aftur í töskuna, setjið þið útsaumsarminn í byrjunarstöðu með því að velja byrjunarstöðu (park position) á skjánum. Sjá nánar park position .
2. Þrýstið á hnappinn vinstra megin neðan á tækinu (A) og rennið tækinu til vinstri til að fjarlægja það.
3. Geymið útsaumstækið ávallt í upprunalegum “styrofoam” umbúðum í burðarpokanum.

## Efnið spennt í ramma

Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að setja stöðugleikaefni undir efnið sjálft. Þegar þið spennið stöðugleikaefni og efni í ramma þarf að gæta þess að þau séu bæði slétt og vel spennt í rammanum.




1. Opnið hraðlæsinguna (A) á ytri rammanum og losið um skrúfuna (B). Fjarlægið innri rammann og setjið ytri rammann á sléttan flöt og látið skrúfuna á rammanum snúa að ykkur og til hægri (B). Það er lítil ör á miðjunni á neðri brún rammans, sem á að standast á við ör sem er á innri rammanum.
2. Setjið stöðugleikaefnið og efnið þannig að réttan snúi upp ofan á ytri rammanum. Setjið innri rammann ofan á efnið og þannig að litla örin vísi á neðri hluta rammans. Ef þið getið séð rammastærðina í neðri hluta innri rammans þá hafið þið sett hann rétt á.
3. Þrýstið innri rammanum nú þétt inn í ytri rammann.
4. Lokið hraðlæsingunni (A). Stillið nú þrýstinginn á ytri rammanum með því að snúa skrúfunni (B) . Til að góður árangur náist verður efnið að vera slétt og stíft í rammanum.

*Ath: Ef þið ætlið að sauma fleiri mynstur á sama efni, opnið þið hraðlæsinguna, færið rammann yfir á nýja staðinn á efninu og lokið hraðlæsingunni. Ef þið skiptið hins vegar um efni þá gætuð þið þurft að stilla þrýstinginn á efnið með skrúfunni. Notið aldrei afl á hraðlæsinguna.*



## Rammanum rennt á eða af tækinu

Rennið útsaumsrammanum framan frá á hölduna fyrir rammann (A) þar til hann smellur á sinnstað.

Til að fjarlægja rammannm ýtið þið á gráa hnappinn (B) á tengingunni fyrir rammann og rennið honum síðan fram á við að ykkur.



# 4 Skjárinn



# Skjárinn

DESIGNER EPIC™ er með skjá sem er mjög auðveldur í notkun. Nokkrar ábendingar — snerta, snerta og halda, þrengja/teygja, snerta og færa og renna — er eiginlega allt sem þú þarft að gera til að nota skjáinn.

## Ábendingar

### Snerta

Snertu skjáinn einu sinni og slepptu til að velja það sem þú vilt þ.e.a.s. stillingar eða mynstur.



### Snerta og halda

Snertu og haltu fingrinum á skjánum í nokkrar sekúndur þ.e. a.s. á saumaforriti eða mynstri til að opna “smart kistuna” (smart toolbox).



### Þrengja/teygja

Snertið skjáinn samtímis með tveimur fingrum og án þess að sleppa þeim af skjánum getið þið minnkað bilið á milli tveggja punkta eða aukið það.

Þessi aðgerð getur verið mjög gagnleg í saumaforriti og mynsturforriti til að draga ákveðna hluti að eða frá. Það getur einnig verið gagnlegt þegar þið lesið innbyggðu leiðbeiningarnar, þá getið þið súmmað bæði texta og myndir að.

*Ath: Ef þið þrengið/teygið á völdu mynstri þá getur það haft áhrif á staðsetningar aðgerðina og þið færið mynstrið til í stað þess að draga útsaumsflötinn að.*



### Snerta og færa

Snertið einu sinni og án þess að sleppa færið þið fingurinn á aðra staðsetningu á skjánum og það er til að færa valið mynstur til á útsaumsfletinum.



### Renna

Snertið skjáinn með fingrinum og rennið honum stöðugt frá vinstri til hægri til að renna og þannig skruna á milli saumavalmynda.

Á sama hátt getið þið rennt fingrinum ofan frá og niður á við eða neðan frá og upp á við til að skruna á milli innan þeirrar valmyndar sem þið eruð í.



## “Smart kistan”

“Smart” kistan eða “Smart toolbox” er fyrir hendi í saum eða forriti á saumafletinum eða í mynstri, saum eða forriti á útsaumsfletinum. Snertið og haldið við saumaforrit eða mynstur til að opna “smart kistuna”, færið fingurinn til að auðkenna valkostinn sem þið ætlið að nota og sleppið til að velja hann.

Valkostirnir í “smart kistunni” eru mismunandi eftir því hvar og á hvað þeir eru notaðir. Dæmi um valkosti eru afritun, eyðing, speglun og undirbúningur.



# Algengar aðgerðir

Eftirfarandi aðgerðir á skjánum eru mikið notaðar.

## OK

Staðfestir breytingar og sprettiglugga og fer einnig aftur á fyrri glugga.




## Hætta við (Cancel)

Hættir við breytingar og sprettiglugga og fer einnig aftur á fyrri glugga.



## Útsaums undirbúningur (Embroidery Edit)

Í neðra hægra horni I "útsaums undirbúnings" (embroidery edit) glugganum er GO hnappur. Snertið hann til að fara í "velkomin í útsaums saumaskaps gluggann" (welcome to embroidery stitch out)..




## Útsaums saumaskapur (Embroidery Stitch Out)

Snertið til baka hnappinn í neðra hægra horni "útsaums saumaskaps gluggans" (embroidery stitch out) til að fara aftur í "útsaums undirbúning" (embroidery edit)..



## Snertið og haldið (Touch & Hold)

Sumir hnappar hafa aukalegar aðgerðir, og eru þá merktir með ör í neðra hægra horninu. Til að komast að þessum aðgerðum snertið þið og haldið við hnappinn í nokkrar sekúndur.



# Topprein (Topbar)

Á toppreininni finnið þið eftirfarandi aðgerðir: *mySewnet*™ hnapp, “uppfærslu á stýribúnaði” (firmware update), *JoyOS advisor*™ hnapp, “hraðhjálp” (quick help), (stillingar” (settings) og “sauma/útsaums aðgerðar víxlskiptingu” (sewing/embroidery mode toggle).

*Ath: Ekki er víst að allar aðgerðir séu aðgengilegar á sama tíma.*




1. Þráðlaust net (WiFi)
2. *mySewnet*™
3. þráðlaus uppfærsla á fastabúnaði
4. *JoyOS advisor*™ aðgerð
5. Hraðhjálp
6. Stillingar
7. Sauma/útsaums aðgerðar víxlskipting

## WiFi

Snertið WiFi hnappinn á toppreininni og gerið þráðlausa netið (WiFi) virkt.. Veljið nettengingu af listanum yfir þá tengimöguleika sem eru til staðar. Ef netið þitt þarfnast aðgangsorðs, verðið þið beðin um að skrifa það inn á flötinn í sprettigugganum.

Þið getið einnig tengst netinu með WiFi í “stillingum” (settings).

Ef þið fáið ekkert samband eða eruð með lélegt samband farið þá í “gangtruflanir” (troubleshooting).




| | |
|---|---|
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt og góður styrkur. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt með meðalgóðum styrk. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt en lélegur styrkur. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt en netkerfið vinnur samt ekki rétt. |
|  | Þráðlausa netið (WiFi) er aftengt. Tengist netinu í gegn um “WiFi” hnappinn eða “WiFi settings). |

Lesið meira um þráðlausa netið (WiFi) í vélinni í kaflanum um þráðlausa netið (WiFi chapter).

## *mySewnet™* (Saumanetið mitt)

Snertið *mySewnet*™ hnappinn á toppreininni og snertið “sign in” hnappinn til að opna sprettiglugga. Skráið ykkur inn á *mySewnet*™ aðganginn eða stofnið nýjan *mySewnet*™ aðgang.




Þegar þið hafið skráð ykkur inn getið þið séð “hversu mikið rými” (available space) þið eigið á *mySewnet*™ skýinu.

Staða samstillingar verður þá sýnd á *mySewnet*™ hnappnum á toppreininni:

Ef vélin getur ekki tengst *mySewnet*™ skýinu eða samstillist ekki , skoðið þá “gangtruflanir” (troubleshooting).

| | |
|---|---|
|  | Allar skrár í vélinni og *mySewnet*™ skýið eru samstillar.. |
|  | Vélin er nú að stilla saman skrár við *mySewnet*™ skýið. |
|  | *mySewnet*™ skýið getur ekki samtengst vélinni. Athugið hvort þið hafið “nægjanlegt rými” (available space) í *mySewnet*™ skýinu |
|  | Skráð með aðgang að *mySewnet*™ en vélin er ekki með þráðlausa nettengingu (WiFi). Tengið vélina við netið (WiFi).. |
|  | Ekki skráð með aðgang að *mySewnet*™. Skráið ykkur inn eða stofnið *mySewnet*™ aðgang til að geta samstillt skrár frá vélinni við *mySewnet*™ skýið. |

Lesið meira um *mySewnet*™ skýið í *mySewnet*™ kaflanum.

## Þráðlaus uppfærsla á stýribúnaði (Wireless Firmware Update)



DESIGNER EPIC™ er nýtískuleg sauma og útsaumsvél sem hægt er að uppfæra. Við mælum eindregið með því að þið setjið ávallt inn nýjustu uppfærslur fyrir hugbúnað vélarinnar. Allar uppfærslur koma notendum vélanna til góða.

Til að nálgast nýjustu uppfærslur þurfið þið að tengjast netinu með því að nota þráðlausa tengingu (WiFi) eða “uppfæra í gegn um USB tæki” og tengingu.(update through a USB device). Þegar þið eruð tengd leitar vélin sjálfkrafa að nýjustu uppfærslum. Snertið uppfærsluhnappinn á toppreininni til að hala niður nýjustu uppfærslurnar.

Lesið meira um þráðlausa uppfærslu í kaflanum “Uppfærlsa á stýribúnaði í gegn um þráðlausa netið” (firmware update using WiFi).

## *JoyOS advisor™* aðgerðin



Snertið *JoyOS advisor*™ aðgerðarhnappinn til að opna *JoyOS advisor*™ aðgerðina á sjálfvirkan hátt.. Lesið meira um hana á “*JoyOS advisor*™ feature”.

## Hraðhjálp (Quick Help)

Snertið hraðhjálpina (quick help) á toppreininni. Hnappurinn verður auðkenndur og blikkar sem gefur til kynna að hraðhjálpin er virk. Snertið tákn, hnapp eða svæði á skjánum sem þið viljið fá upplýsingar um. Sprettigluggi kemur á skjáinn sem sýnir ykkur stuttan texta um táknið, hnappinn eða svæðið. Snertið OK til að loka sprettigglugganum og fara út úr hraðhjálpinni.

Sumt í hraðhjálpinni verður sýnt með tilvísunum í innbyggða leiðarvísirinn þar sem e.t.v. eru fleiri upplýsingar. Það verður sýnt með bláum hnapp. Snertið hnappinn til að opna innbyggða leiðarvísinn.




## Stillingar (Settings)

Snertið stillinga hnappinn til að opna stillingagluggann. Lesið meira um “stillingar” (settings) í vélinni.

Ef sauma eða útsaums tækni er hlaðin inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni þá geta sumar stillingar sem mælt er með verið settar inn sjálfkrafa þegar þið hlaðið inn saumum og/eða mynstrum frá *JoyOS advisor*™ “verkefna valmyndinni” (project menu). Það verður gefið til kynna með upphrópunarmerki á stillihnappnum. Snertið hnappinn til að opna stillingarnar og sjá hvaða stillingu(m) hefur verið breytt.



*Stillinga hnappur í sauma aðgerð*



*Stillinga hnappur í útsaums aðgerð*

## Sauma/útsaums víxlskipting (Sewing/ Embroidery Mode Toggle)

Víxlið á milli sauma og útsaumsaðgerðar með því að snerta víxlhnappinn í efra hægra horninu.





# 5 Þráðlaust net og þjónustur (WiFi & *mySewnet*™ Services)

# Þráðlaust net — inngangur (WiFi Introduction)

DESIGNER EPIC™ vélin er með þráðlausa nettengingu (WiFi) sem gerir ykkur kleyft að tengja vélina þráðlaust við *mySewnet*™ þjónustuna.

## Byrjað með þráðlaust net (Getting Started With WiFi)




Snertið WiFi hnappinn á toppreininni og gerið þráðlausa netið (WiFi) virkt. Veljið nettengingu við staðarnet sem sýnd eru. Ef tenging ykkar þarfnast aðgangsorðs þá kemur upp sprettigluggi þar sem þið skráið það orð í til að geta tengst netinu.

Snertið “i” hnappinn hægra megin til að opna upplýsinga sprettiglugga um staðarnetið. Þið getið einnig séð styrkleika á boðmerkjum netsins og ef netið er háð aðgangsorði þá er það sýnt með lokuðum hengilás.

Þið getið einnig tengst þráðlausa netinu (WiFi) í gegn um “WiFi stillingar” (WiFi settings)

Ef þið fáið engin boðmerki frá netinu eða þau eru mjög veik skoðið þá “gangtruflanir” (troubleshooting.).

| | |
|---|---|
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt og styrkurinn góður.. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt og styrkurinn í meðallagi.. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt en styrkurinn lélegur. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er tengt en vinnur samt ekki eðlilega. |
|  | Þráðlaust net (WiFi) er aftengt. Tengist netinu í gegn um WiFi hnappinn eða í WiFi stillingum (WiFi settings). |

## Falið þráðlaust net (Hidden Network)

Snertið þennan hnapp til að tengjast földu þráðlausu neti. Sprettigluggi kemur á skjáinn þar sem þið getið skrifað inn nafnið á því.

## Uppfærsla á stýrikerfi með því að nota þráðlausa netið (Firmware Update Using WiFi)

DESIGNER EPIC™ er nýtískuleg uppfæranleg sauma og útsaumsvél og við mælum eindregið með því að þið setjið upp allar nýjustu uppfærslur, Allar uppfærslur verða eingöngu til hagsbóta fyrir notendur vélanna.

Til að nálgast þráðlausar uppfærslur á stýrikerfinu þurfið þið fyrst að tengjast þráðlausa netinu (WiFi). Þegar þið eruð tengd mun saumavélin sjálfkrafa leita að fyrirliggjandi uppfærslum. Ef vélin finnur að fyrir hendi sé nýrri uppfærsla á stýrikerfinu, þá verður uppfærsluhnappurinn á toppreininni sýnilegur. Snertið hnappinn til að opna sprettiglugga til að hala niður og setja upp nýjustu uppfærsluna á stýrikerfinu.

Þegar uppfærslunni lýkur endurræsir vélin sig sjálfkrafa. Aðgætið númer uppfærslunnar í stillingum (settings, machine information).



*Uppfærsluhnappur fyrir stýrikerfið á efstu reininni*

| | |
|---|---|
|  | Vísbending um að vélin þín sé ekki með nýjustu uppfærslu á stýrikerfinu. Snertið hnappinn til að opna sprettigluggann til að hala niður og setja upp nýjustu uppfærsluna. |
|  | Snúningshjól er sýnt á hnappnum fyrir uppfærsluna, sem þýðir að verið sé að hala niður nýjustu uppfærslu. |
|  | Upphrópunarmerki er sýnt á hnappnum fyrir uppfærsluna, sem þýðir að niðurhalað stýrikerfi býður þess að vera sett upp. |

## Uppfærsla á stýrikerfi með því að nota USB tæki (Firmware Update Using a USB Device)

Heimsækið heimasíðu HUSQVARNA VIKING® frá tölvu ykkar en hún er www.husqvarnaviking.com og leitið að ykkar vél. Hér finnið þið fyrirliggjandi uppfærslur.

Þið getið einnig tengst *mySewnet*™ gáttinni (portal) til að finna uppfærslur á stýrikerfinu.

1. Halið niður "þjöppuðu skránni" (zip file) yfir uppfærsluna á stýrikerfinu. "Afþjappið" (unzip) skrána og afritið hana (.clo) yfir á USB tæki.

   *Ath: Breytið ekki nafninu á skránni og afritið ekki skrána yfir á USB tæki sem inniheldur aðra skrá eða möppu.*

   *Ath: Fullvissið ykkur um að það sé engin eldri uppfærsla (.clo) á USB minnislyklinum þegar þið afritið nýja uppfærlsuskrá á stýrikerfi (.clo). Skráarnafnið er ekki einstætt.*

2. Fullvissið ykkur um að slökkt sé á vélinni. Tengið USB tækið með nýju uppfærslunni af stýrikerfinu við USB tengil á vélinni ykkar.
3. Þrýstið og haldið við afturábak hnappinn, sem er staðsettur hægra megin á vélinni og kveikið um leið á vélinni með ON/OFF aðalrofanum. Sleppið afturábak hnappnum þegar uppfærslutáknið sést á skjánum.
4. Uppfærslan á stýrikerfinu verður staðfest og sett upp. Vélin gæti endurræst sig nokkrum sinnum á meðan á uppfærslu stendur. Slökkvið aldrei sjálf á vélinni.
5. Þegar uppfærslunni lýkur endurræsir vélin sig sjálfkrafa. Aðgætið númerið á hugbúnaðinum í “stillingum” (settings, machine information).

# Ókeypis hugbúnaður (Complimentary Software (PC))

Hugbúnaður fyrir PC er fyrir hendi fyrir vélina ykkar DESIGNER EPIC™ . Hann inniheldur eftirfarandi:

- *mySewnet*™ samræmingar verkfæri fyrir skýið, en það leyfir ykkur að samræma innihaldið í *mySewnet*™ skýinu við saumavélina ykkar í gegn um möppu í tölvunni ykkar. Dragið og sleppið skrám í möppuna í tölvunni og skrárnar verða þá sjálfkrafa sendar í *mySewnet*™ skýið og aðgengileg frá vélinni ykkar þegar þið eruð tengd *mySewnet*™ aðganginum.
- Hrað leturgerða forrit" (QuickFont program) þar sem þið getið hannað óteljandi útsaums leturgerðir frá flestum "TrueType™" og "OpenType™" leturgerðum í tölvunni ykkar.
- Tengist "Windows Explorer" til að fást við útsaumsmynstur: skoða mynstur sem smámyndir, lesa mismunandi útsaums skráarsnið, bæta inn skipunum um tvinnaklippingar og fleira.

Heimsækið heimasíðu HUSQVARNA VIKING® sem er www.husqvarnaviking.com til að fá stuðning. Veljið ykkar vélartegund og halið hugbúnaðinn niður. Þið getið einnig fundið ókeypis hugbúnað í *mySewnet*™ "gáttinni" (portal).

Fleiri upplýsingar og sundurliðaðri upplýsingar um uppsetningu er að finna á síðunni sem þið halið niður.

## *mySewnet*™ Þjónusta (Services)

DESIGNER EPIC™ vélin er með *mySewnet*™ þjónustu sem inniheldur eftirfarandi:

- *mySewnet*™ aðgang –Persónulega innskráningar aðgang til að nálgast hinar mismuandi *mySewnet*™ þjónustur.
- *mySewnet*™ skýið – Þjónusta sem er í skýinu þar sem þið getið vistað og nálgast ykkar persónulegu skrár frá þremur mismunandi stöðum: *mySewnet*™ möppu frá skýinu í vélinni;*mySewnet*™ samræmingar verkfærinu á tölvunni ykkar og *mySewnet*™ "gáttinni" (portal). Frá *mySewnet*™ skýinu getið þið einnig séð núverandi sauma og útsaums stöðu í gegn um HUSQVARNA VIKING® útsaums app skjáinn (Embroidery monitor app).
- *mySewnet*™ gáttin – Vefsíða með mismunandi *mySewnet*™ þjónustu eins og skráningu á vélinni, athuga og uppfæra persónulega notenda samsetningu og stjórna eða meðhöndla skrár í *mySewnet*™ skýinu.

## *mySewnet*™ Aðgangur (Account)

Byrjið á að skrá *mySewnet*™ aðgang til að geta notað *mySewnet*™ þjónustur. Þið getið hannað aðganginn frá *mySewnet*™ hnappnum á toppreininni eða í *mySewnet*™ "stillingum" (settings).

Snertið innskráningarhnappinn og upp kemur sprettigluggi þar sem þið getið valið um að skrá nýjan aðgang að *mySewnet*™..

*mySewnet*™ aðgang er einnig hægt að hanna í gegn um *mySewnet*™ "gáttina" (portal) á husqvarnaviking.mysewnet.com.




## *mySewnet*™ Skýið (Cloud)

*mySewnet*™ skýið er þjónusta til að geyma skrár í "skýinu" (the cloud) sem stendur öllum eigendum og notendum véla sem geta tengst *mySewnet*™ skýja aðgerðinni eins og t.d. vélin ykkar DESIGNER EPIC™. *mySewnet*™ skýið býður upp á einfalda leið til að stjórna og hafa aðgang að persónulegum skrám frá þremur mismunandi stöðum: *mySewnet*™ skýja möppu í vélinni, *mySewnet*™ "samræmingar verkfæri fyrir skýið" (cloud sync tool) á tölvunni ykkar,og *mySewnet*™ "gáttinni" (portal).

- *mySewnet*™ "skýjamappa" (cloud folder) í DESIGNER EPIC™ vélinni – Í"skráarstjórn" (file manager) finnið þið *mySewnet*™ skýjamöppu þar sem þið geymið og samstillið skrárnar ykkar við *mySewnet*™ skýið.
- *mySewnet*™ samræmingar verkfærið á tölvunni – Setjið upp *mySewnet*™ samræmingar verkfærið á tölvuna ykkar til að vera með nærlæga möppu í tölvunni samhæfða við *mySewnet*™ skýið.



- *mySewnet*™ gáttina – Stjórna skránum í *mySewnet*™ skýinu í gegn um venjulegan internet vafra.

Staða samstillingar er sýnd á *mySewnet*™ hnappnum á toppreininni:

| | |
|---|---|
|  | Allar skrár í vélinni og *mySewnet*™ skýinu eru samhæfðar. |
|  | Vélin er eins og er að samhæfa skrár við *mySewnet*™ skýið. |
|  | *mySewnet*™ skýið getur ekki samhæft við vélina. Athugið hvort þið séuð með nægjanlegt fyrirliggjandi rými (available space) í *mySewnet*™ skýinu. |
|  | Er tengd(ur) við *mySewnet*™ aðganginn minn, en það er engin tenging við *mySewnet*™ netþjóninn. |
|  | Ekki tengd(ur) við *mySewnet*™ aðganginn minn. Tengist eða skráið *mySewnet*™ aðgang til að getað samhæft skrár úr vélinni yfir á *mySewnet*™ skýið. |

Ef vélin getur ekki tengst *mySewnet*™ skýinu eða getur ekki samhæft skrár, farið þá í gangtruflanir (troubleshooting).

## Notað rými í mySewnet skýinu (Used Space in *mySewnet*™ Cloud)

Í *mySewnet*™ skýinu getur þú geymt mynstur, stafróf, spor og sauma og aðrar skrár úr vélinni þinni.

Snertið *mySewnet*™ hnappinn á toppreininni eða farið í stillingarnar (*mySewnet*™ settings). Þegar þú átt aðeins eftir lítið rými lætur vélin þig vita einu sinni. Ef þið haldið áfram að fylla rýmið minnir vélin þig ekki aftur á að rýmið sé að minnka þar til það er orðið algjörlega fullt. Eyðið þá eða færið skrár yfir á USB tæki til að auka við rýmið.

*Ath: mySewnet™ rýmið í skýinu verður virkt í fyrsta sinn sem þið skráið ykkur inn á mySewnet™ aðgang frá vélinni.*




## Uppsetning á samræmingar verkfæri fyrir tölvuna (Installation of *mySewnet*™ Cloud Sync Tool for PC)

Setjið upp *mySewnet*™ samræmingar verkfærið til að styðja við samstillingar á möppu í tölvunni ykkar við innihaldið sem geymt er í *mySewnet*™ skýið. Uppsetninguna. Talvan þarf að hafa eitt af eftirfarandi stýrikerfum: Windows® 7, Windows® 8 eða Windows® 10.

## Leiðbeiningar um uppsetningu

1. Halið niður samræmingar verkfærið í tölvuna ykkar frá *mySewnet*™ "gáttinni" (portal) frá husqvarnaviking.mysewnet.com.
2. Tvísmellið á skrána "mySewnetCloudSyncSetup.exe" í tölvunni til að setja uppsetningarálfinn í gang. Farið í gegn um þrepin fyrir uppsetninguna
3. Þegar henni er lokið sjáið þið *mySewnet*™ "möppu fyrir samhæfingu við skýið" (cloud sync folder) á harða drifinu ykkar. Bætið við, breytið eða eyðið innihaldinu í *mySewnet*™ möppunni í tölvunni til að geta bætt við, breytt eða eytt innihaldi í *mySewnet*™ skýjamöppunni í DESIGNER EPIC™ vélinni,

Staða samstillingar verður sýnd á *mySewnet*™ hnappnum á forritastikunni.

| | |
|---|---|
|  | Tengdur við *mySewnet*™ skýið. |
|  | Samhæfir skrár við *mySewnet*™ skýið mitt.. |
|  | Ekki tengdur við *mySewnet*™ skýjaverkfærið. |
|  | Get ekki samhæft við *mySewnet*™ skýja verkfærið. Athugið "notað rými" (used space) í *mySewnet*™ skýinu. |

## Samhæfa skrá (Synchronize a File)

Fullvissið ykkur um að þið séuð skráð frá vélinni inn á *mySewnet*™ aðgang. Fullvissið ykkur einnig um að *mySewnet*™ skýjaverkfærið sé uppsett og í gangi á tölvunni ykkar.

1. Dragið og slepppið skránni í *mySewnet*™ skráarmöppuna á tölvunni ykkar.




2. Táknið er sýnt á meðan samhæfing er í gangi.



3. Táknið sýnir að skráin hefur verið samhæfð og er nú bæði í *mySewnet*™ möppunni í skýinu og "skrárstjórn" (file manager) í DESIGNER EPIC™ vélinni og einnig í *mySewnet*™ gáttinni (portal).



## *mySewnet*™ gáttin (Portal)

*mySewnet*™ gáttin er persónuleg vefsíða með aðgang að ýmissi *mySewnet*™ þjónustu. Skráið ykkur inn á *mySewnet*™ gáttina með *mySewnet*™ aðganginum ykkar. Þið getið fengið aðgang að *mySewnet*™ gáttinni hjá husqvarnaviking.mysewnet.com til að nota eftirfarandi þjónustu:

- Mínar vélar (My machines) – Yfirlit yfir efni tengt vélunum þínum eins og leiðarvísir, sækja innblástur í sambandi við það sem þið eruð að sauma, upplýsingar um aukalega hluti o.s.frv.
- Mín uppsetning (My profile) – Yfirlit yfir ykkar persónulegu uppsetningu, með upplýsingum um tengiliði, netpóst áskriftir, upplýsingar um áhugamál og upplýsingar um aðgang o.fl.
- *mySewnet*™ skýið (cloud) – Möguleikar á að hafa umsjón með persónulegum skrám. Skrárnar eru sjálfkrafa samhæfðar við *mySewnet*™ skýja möppurnar í DESIGNER EPIC™ vélinni og *mySewnet*™samræmingar verkfærið.

# HUSQVARNA VIKING® Útsaums smáforrit “app” (mySewMonitor app)

Með HUSQVARNA VIKING® útsaums “smáforiti” (app) í farsímanum getur DESIGNER EPIC™ vélin sent skilaboð til þín þegar hún þarfnast nærveru þinnar. Hlaðið niður HUSQVARNA VIKING® útsaums “smáforitinu” (app) í farsímann frá “App Store” eða “Google Play”. Þið getið einnig hlaðið smáforritinu niður frá*mySewnet*™ “gáttinni” (portal) hjá husqvarnaviking.mysewnet.com.

Smáforitið mun sýna núverandi stöðu á útsaumnum:

- Allar litablokkir í innhlöðnu mynstri eða mynstrum.
- Núverandi númer á spori og núverandi litablokk.
- Sprettiglugga í vélinni eins og að það þurfi að skipta um tvinnalit eða að spólan sé að verða tóm.



# 6 *JoyOS advisor™*



# *JoyOS advisor*™ kynning

*JoyOS advisor*™ ráðgjafinn inniheldur SAUMARÁÐGJAFA (SEWING ADVISOR™), ÚTSAUMS RÁÐGJAFA (EMBROIDERY ADVISOR™) , fróðleiks miðstöð (knowledge center) og innbyggðan leiðarvísir. Í *JoyOS advisor*™ finnið þið gagnvirkar leiðbeiningar um sauma og útsaumstækni, þrep fyrir þrep leiðbeiningar og leiðbeiningar um undirleggsefni.




# *JoyOS advisor*™ verkefna valmynd (Project Menu)

Í*JoyOS advisor*™ "verkefna valmyndinni" (project menu) eru sýndir saumar og/eða mynstur sem henta núverandi innhlaðinni sauma/útsaums tækni. Þessi hnappur er sjálfgefinn þegar þið veljið tækni með *JoyOS advisor*™ aðgerðinni.



# *JoyOS advisor*™ verkefna skyggnir (Project Viewer)

Þegar þið hlaðið inn *JoyOS advisor*™ verkefni frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni þá verður það sýnt í "verkefna skoðaranum" (project viewer) sem er alltaf aðgengilegur á skjánum. Þegar verkefna skoðarinn er sýndur í lágmarki getið þið snert hnappinn til að stækka hann.



## *JoyOS advisor*™ verkefna skoðari — yfirlit (Project Viewer – Overview)



1. Færið skoðarann á skjánum að ykkar eigin vali og hafið hann þannig að þið getið ávallt náð til falinna hnappa þegar þið farið eftir leiðbeiningum um þá.
2. Minnkið eða stækkið textann í skoðaranum með því að snerta A- eða A+ hnappana.
3. Til að minnka, snertið þið í efra hægra horninu. Til að teygja á því á nýjan leik snertið þið *JoyOS advisor*™ verkefna skoðara hnappinn á ný.
4. Snertið hægri örina til að fara fram á við í leiðbeiningunum en hægri örina til að fara til baka.
5. Upplýsingar sem eru sýndar fyrir hvert þrep í leiðbeiningunum.
6. Hægt er að stækka allar myndir með því að snerta þær í skoðaranum.
7. Hlaðið inn meðmæltan saum fyrir innhlaðna tækni með því að snerta sauminn í skoðaranum.
8. Hreyfimynd er sýnd með leiktákni fyrir ofan myndina. Snertið leiktáknið til að hlaða hreyfimyndina inn. Fleiri og sundurliðaðar lýsingar eru í ”hreyfimyndum” (animations)



## Myndir í verkefna skoðaranum (Pictures in *JoyOS advisor*™ Project Viewer)

Myndir í *JoyOS advisor*™ verkefna skoðaranum er hægt að stækka með því að snerta þær, sem kemur sér mjög vel þegar um myndir af efnum er að ræða. Með því að snerta mynd af hnappi opnast fyrir leiðbeiningar um hvar þennan hnapp sé að finna.

## Hreyfimyndir í verkefna skoðaranum (Animations in *JoyOS advisor*™ Project Viewer)

Hreyfimyndir eru sýndar í skoðaranum sem mynd með leikjatákni að ofan. Snertið leikjahnapp til að skoða hreyfimyndina. Í video spilaranum sem opnast er hægt að stoppa, fara til baka, hratt áfram, setja hreyfimyndina á endurtekningu og slökkva eða kveikja á aðgerðinni "allur skjárinn". Slökkvið á hreyfimyndinni með því að snerta "hætta við" (cancel) í neðra hægra horninu. Snertið og haldið á "spóla til baka" (rewind) til að byrja hreyfimyndina aftur frá byrjun.




1. Spóla til baka (Snerta og halda til að fara á byrjunina)
2. Spila/pása
3. Hratt áfram
4. Endurtekning á/af
5. Full skjámynd á/af
6. Loka

## Saumur eða spor í verkefna skoðara (Stitch in *JoyOS advisor*™ Project Viewer)

Ef mælt er með ákveðnu spori eða saum í ákveðinni tækni þá getið þið hlaðið það inn beint frá skoðaranum með því að snerta sporhnappinn. Vélin sér sjálfkrafa um að stilla bestu aðgerðirnar fyrir sporið eða sauminn.



# SAUMARÁÐGJAFI –Yfirlit (SEWING ADVISOR™ – Overview)

Þegar þið hlaðið inn ákveðinni saumatækni mun vélin velja sjálfkrafa hentugasta sauminn og stillingar fyrir hann og efnið og verkefnið. Allt eftir því hvaða valkosti þið hafið valið þá mun *JoyOS advisor*™ aðgerðin mæla með hentugustu saumatækninni.




1. Efnisval
2. Hópar fyrir saumatækni
3. Saumatækni
4. Halda áfram með núverandi *JoyOS advisor*™ verkefni.
5. Hlaða inn “smart vistun”
6. Byrja strax

## Efnisval (Fabric Selection)

Byrjið á því að velja það efni sem þið ætlið að nota. Uppástungur um efni í sérhverjum efnishóp sem hægt er að velja úr eru talin upp hér að neðan.

*Ath: Sum efni hafa mikið magn litarefna sem geta jafnvel litað frá sér á önnur efni eða smitað litarefnum á vélina. Það getur verið mjög erfitt eða jafnvel ómögulegt að ná þesum litum af vélinni.*

*Flís og gallabuxnaefni og þá sérstaklega rauð og blá efni innihalda mjög mikil litarefni.*

*Ef ykkur grunar að efnið/flíkin sem þið ætlið að fara að sauma innihaldi mikil litarefni, þá ráðleggjum við ykkur alltaf að þvo þau áður en þið farið að sauma þau til að koma í veg fyrir að þau smiti lit yfir á vélina ykkar.*

## Ofin eða prjónuð efni (Woven or Knit)

Munurinn á ofnu og prjónuðu efni er hvernig þræðirnir eru settir saman. Ofin efni eru búin til úr tveimur þráðum, langþráðum og ívafsþráðum, sem mætast hornrétt. Prjón er hins vegar búið til úr einum þræði eða fleiri samtvinnuðum þráðum sem fléttast saman. Prjón er mjög teygjanlegt.

Sem grunnreglu veljið þið ofin efni í ráðgjafanum *JoyOS advisor*™ fyrir öll stöðug efni sem ekki eru teygjanleg en síðan “Stretch” fyrir öll efni sem eru teygjanleg.



*Ofið efni*



*Prjónað efni*

## Ofin efni (Woven Fabrics)

**Ofin þunn:** Chiffon, organza, batist, challis, krep o.s.frv.

**Ofin meðal:** Calico, bútasaumsefni, krep, baðmullarefni, flauel o.s.frv..

**Ofin gróf:** Denim, tweed, segldúkur, frottéefni o.s.frv.

## Teygjanleg efni

**Teygjanleg þunn:** Tricot, einfalt jersey o.s.frv.

**Teygjanleg meðal:** Peysuprjón, tvöfalt prjón, velúr, sundfatnaður o.s.frv.

**Teygjanleg gróf:** Þykkt peysuprjón, flís o.s.frv.

## Leður og vinyl

Fyrir rúskinn og leður. Leður er húð af skepnum þar sem hárin hafa verið fjarlægð. Leður getur verið mismunandi mjúkt og rúskinn gefur aðeins eftir.

Fyrir leður, gervileður eða rúskinn. Vinyl er gerviefni sem mjög oft er með ofinni röngu. Vinyl getur verið mjúkt og mynstrað og í sumum tilfellum teygjanlegt.



*Leður*



*Vinyl efni*

## Hópar fyrir saumatækni (Sewing Technique Groups)

Eftir að hafa valið efni snertið þið “hópa fyrir saumatækni” og þá mun ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ ráðleggja þá saumatækni sem hentar efninu. Snertið “saumatækni” til að hlaða því inn í *JoyOS advisor*™ verkefna gluggann.

Dæmi: Veljið “ofin meðal” og rennilása til að skoða alla þá saumatækni sem hægt er að nota fyrir meðalgróf ofin efni. Breytið efninu yfir í “teygjanlegt meðal” (stretch medium) og takið eftir að öll saumatækni fyrir rennilása á þá ekki við þegar um teygjanleg efni er að ræða.

*Ath: Notið “hraðhjálpina” (quick help) í saumatækni til að fá stutta lýsingu af tækninni.*

# Grundvallar saumatækni (Basic Sewing Techniques)

Í grundvalla saumatækni finnið þið mest notuðu saumatæknirnar. Þegar þið veljið eina af grundvallar saumatæknunumi verður ráðlögðum saum fyrir valið efni sjálfkrafa hlaðið inn í vélina.

## Saumur (Seam)

Saumur saumar tvo hluta af efnum saman með saumfari sem oftast verður svo straujað út. Í flestum tilfellum eru jaðrar efnanna kastaðir með “overlock” eða kastsaum áður en efnin eru saumuð saman.

Saumar á teygjanleg efni verða að geta teygst eins og efnin sjálf. Teygjanlegir saumar eru yfirlett það teygjanlegir að þeir henta til að sauma saman flest teygjanleg efni.

Ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ mun velja hentugustu sporlengdina og sporbreiddina fyrir þann efnisgrófleika og einnig koma með ráðleggingar um saumfót og nál .



*Beint spor*



*Teygjanlegt spor*

## Kastsaumur (Overcast)

Gott er að nota kastsauma til að sauma jaðrana á efnunum áður en þau eru saumuð saman, en það kemur í veg fyrir að trosni úr jöðrunum og einnig að efnin liggi flöt.

Ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ velur hentugustu sporlengdina og sporbreiddina fyrir þann grófleika af efni sem þið eruð að sauma svo og hentugasta saumfótinn og nál.



## Saumur og kastsaumur (Seam and Overcast)

Með saum/kastsaum er hægt að sauma efnin saman og kasta jaðrana um leið. Þessi tækni hentar vel t.d. til að sauma stroff við hálsmál og stroff á flíkur. Í vélinni eru fjöldi mismunandi sauma/kastsauma.

Ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ mun velja hentugasta sauminn fyrir það efni sem þið eruð með, velja stillingar sjálfkrafa og ráðleggja ykkur um saumfót og nál.



## Þræðispor (Baste)

Þræðispor er bráðabirgðasaumur til að máta flíkur og einnig fyrir rykkingar og til merkinga. Ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ stillir sjálfkrafa á langa sporlengd og minnkar tvinnaspennuna þannig að auðvelt verði að fjarlægja tvinnann eða toga í þá við rykkingar.



## Blindfaldur (Blind Hem)

Með blindfaldi er hægt að sauma falda sem ekki sjást á réttu efnisins. Um er að ræða tvær gerðir af þessum földum – annar til að nota á meðalþykk eða þykk ofin efni, en hinn er fyrir meðalþykk teygjanleg efni. Ekki er ráðlagt að sauma blindfalda á þunn efni, leður eða vinyl..



## Faldsaumur (Hem)

Og enn mun ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ velja þann sýnilega faldsaum sem hentar því efni sem þið eruð með. Fyrir ofin efni, leður og vinyl er beint spor valið en fyrir teygjanleg efni spor sem teygjast.

## Hnappagöt (Buttonholes)

Ráðgjafinn *JoyOS advisor*™ velur einnig hentugasta hnappagatið og stillingar fyrir efnið sem þið eruð með. Ávallt ætti að styrkja efni eða leggja undirleggsefni á þá staði þar sem hnappagöt verða saumuð.

*Ráð: Í hólfinu fyrir fylgihlutina er sérstakur krókur þar sem þið getið hengt hnappagatafótinn með nemanum.*

### Handvirk hnappagöt (Manual Buttonhole)

Handvirk hnappagöt eru aðallega notuð á ofin gróf efni. Þegar þið saumið handvirk hnappagöt þá notið þið hnappagatafót C.

1. Saumið fyrri legginn í þeirri lengd sem þið viljið hafa hann.
2. Snertið þá afturábak hnappinn. Vélin saumar þá fyrri heftinguna og seinni legginn.
3. Þegar seinni leggurinn er jafnlangur þeim fyrri, ýtið þið aftur á afturábak hnappinn til að sauma seinni heftinguna.
4. Snertið STOP aðgerðina til að sauma sömu lengd aftur og aftur.



*Saumaátt fyrir hnappagöt sem eru saumuð með hnappagatafætinum C*

### Sjálfvirk hnappagöt (Automatic Buttonhole)

Þegar þið saumið hnappagöt á ofin þunn efni, ofin meðalþykk, þunn teygjanleg eða vinyl, þá getið þið notað "hnappagatafótinn með nemanum" (Sensor One-Step Buttonhole Foot). Með honum getið þið saumað sjálfvirk hnappagöt. Lesið nánar um hvernig eigi "að setja hnappagatfótinn með nemanum á vélina" (attach the Sensor One-Step Buttonhole Foot).



*Saumaátt fyrir flatsaums hnappagöt sem eru saumuð með hnappagatafætinum með nemanum.*

### Hnappagöt með undirleggsþræði (Corded Buttonhole)

Við mælum með því að hafa undirleggsþráð undir hnappagatinu þegar þið saumið hnappagöt á teygjanleg eða gróf efni. Notið undirleggsþráð bæði til að styrkja hnappagatið og einnig til að það líti betur út. Notið perlugarn eða undirleggsþráð. Setjið hnappagatafótinn C og notið hakið aftan á fætinum til að halda þræðinum á meðan þið saumið hnappagatið.



## Forritanleg töluáfesting (Programmable Button Sew On)

Festið tölur, króka og tausmellur á fljótlegan og öruggan hátt með vélinni. Veljið "töluáfestingu" (sew on button) í ráðgjafanum *JoyOS advisor*™.



*Ath: Setjið þynnri endann á alhliða verkfærinu undir töluna þegar þið festið tölur á þunn efni. Notið þykkari endann á áhaldinu þegar þið festið tölur á þykkari efni. Haldið þeim á sínum stað með glæru límbandi.*

*Ath: Algengasta breidd á milli gata er 3,0 á flestum tölum. Ef þið eruð með pínulitlar tölur eða stórar káputölur minnkið þá (–) eða aukið (+) sporbreiddina þar til sveiflan á nálinni stingur í sitt hvort gatið á tölunni.*

*Ath: Aukalega er hægt að fá sérstakan töluáfestifót hjá næsta umboðsaðila.*

## Byrja strax (Start New)

Byrjið ávallt á því að velja efnisgerðina sem þið ætlið að sauma. Ef þið viljið síðan byrja strax að sauma án þess að hlaða inn saumatækni, ýtið þið á hnappinn "byrja strax" (start new) í neðra hægra horninu. Þá farið þið beint í sauma aðgerð á efninu sem þið völduð og beint spor er valið sjálfkrafa. Í sauma aðgerð getið þið skoðað og notað alla þá sauma sem eru í vélinni.



## Halda áfram (Continue)




Ef saumatækni er sett inn í vélina og þið veljið aftur ráðgjafann *JoyOS advisor*™ þá kemur “halda áfram” (continue) hnappur með núverandi innhlöðnu *JoyOS advisor*™ verkefni á skjáinn. Í sauma aðgerð getið þið þá valið annað efni. Snertið síðan “halda áfram” (continue) hnappinn til að hlaða breytta efninu inn í núverandi ráðgjafa *JoyOS advisor*™ verkefni.

## Hlaða inn “Smart vistun” (Load Smart Save)



“Smart vistun” (Smart save) man og geymir allar sauma og útsaums stillingar á vélinni. Með því að nota þetta getið þið slökkt á vélinni og haldið áfram að sauma verkefnið seinna meir.

Farið einfaldlega í ráðgjafann *JoyOS advisor*™ og snertið hnappinn “hlaða inn Smart Save” (load smart save). Vélin hleður þá inn þann saum, eða útsaumsstillingar sem voru í vélinni þegar þið hættuð að sauma og snertuð þá “smart vistunar” (smart save) hnappinn

Lesið mera um hvernig á að hlaða inn “smart vistun”.

# ÚTSAUMS RÁÐGJAFI — Yfirlit (EMBROIDERY ADVISOR™ – Overview)

ÚTSAUMS RÁÐGJAFINN (EMBROIDERY ADVISOR™) gefur ykkur ráðleggingar um mismunandi útsaums tækni. Þegar þið veljið útsaums tækni, mun vélin sýna ykkur allar útgáfur af tækni fyrir valinn hóp af úsaumstækni.




1. Bakgrunns litur
2. Hópar fyrir útsaumstækni
3. Útsaumstækni
4. Halda áfram með núverandi *JoyOS advisor*™ verkefni
5. Hlaða inn “smart vistun”
6. Byrja strax
7. Valkostir um rúðufleti
8. Valinn bakgrunnslitur

## Bakgrunns litur (Background Color)

Veljið lit á bakgrunni fyrir útsaumsflötinn og hafið hann líkan efninu sem þið ætlið að nota. Veljið á milli mismunandi bakgrunnslita. Valinn litur verður sýndur I rammanum.



## Valkostir um rúðufleti (Grid Options)

Snertið hnappinn fyrir valkostina um rúðufleti til að kalla fram rúðufleti á útsaumsfletinum til að auðvelda ykkur staðsetningu mynstursins. Snertið aftur til að láta rúðuflötinn hverfa.

Snertið og haldið til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið fjarlægðina í millimetrum á milli flatanna með því að nota - og + hnappana. Þið getið einnig valið á milli 8 fyrirfram ákveðinna valkosta um rúðufleti. Einnig getið þið snert númeraflötinn til að opna lyklaborð þar sem þið getið stimplað inn númer.




## Hópar fyrir útsaumstækni (Embroidery Technique Groups)

Eftir að hafa valið lit fyrir bakgrunninn, snertið þið hóp fyrir útsaumstækni og þá sýnir *JoyOS advisor*™ aðgerðin fyrirliggjandi útsaumstækni í þeim hóp. Snertið útsaumstækni til að hlaða henni inn í *JoyOS advisor*™ verkefna skoðarann.

*Ath: Notið hraðhjálpina (quick help) í útsaumstækninni til að fá stutta lýsingu á henni.*

## Byrja strax (Start New)

Ef þið viljið byrja strax að sauma út án þess að stimpla inn ákveðna útsaumstækni, snertið þið "START NEW” hnappinn í neðra hægra horninu. Þið farið með þeim bakgrunnslit sem var þar og rúðufleti ef þið hafið valið það. Öll innbyggð mynstur verða sýnd í mynstur valmyndinni.



## Halda áfram (Continue)

Ef tækni hefur verið hlaðið inn og þið farið aftur inn í *JoyOS advisor*™ aðgerðina verður “HALDA ÁFRAM” hnappur sýndur og núverandi innhlaðið *JoyOS advisor*™ verkefni verður sýnt. Í EMBROIDERY ADVISOR™ getið þið valið annan bakgrunnslit og einnig valið eða afvalið rúðuflöt. Snertið “HALDA ÁFRAM” hnappinn til að velja nýjan bakgrunnslit og/eða rúðuflöt í núverandi *JoyOS advisor*™ verkefni.




## Hlaða inn “Smart” vistun (Load Smart Save)

“SMART VISTUN” (Smart save)man og geymir alla sauma og útsaums lagfæringar og stillingar. Það gerir ykkur kleift að slökkva á vélinni og halda síðan áfram seinna meir eftir smá hvíld.



Farið einfaldlega í *JoyOS advisor*™ aðgerðina og snertið hnappinn “hlaða inn smart vistun” (load smart save). Vélin hleður inn sauminn, útsauminn og stillingunum eins og þær voru þegar þið slökktuð á vélinni.

Lesið meira um hvernig á að “smart vista” í smart save.

# Froðleiks miðstöð — yfirlit (Knowledge Center – Overview)

*JoyOS advisor*™ aðgerðin inniheldur einnig “fróðleiks miðstöð” (knowledge center) en þar eru m.a. leiðbeiningar um undirleggsefni, hraðleiðbeiningar (quick start guide), saumaleiðbeiningar og þrep fyrir þrep vinnubók




1. Leiðbeingar um undirleggsefni
2. Hraðleiðbeiningar
3. Hópur af tækniatriðum
4. Aðgengileg tækni í völdum hóp
5. Halda áfram með *JoyOS advisor*™ verkefni
6. Þrep fyrir þrep vinnubók
7. Sauma leiðbeiningar

## Leiðbeiningar um undirleggsefni (Stabilizer Guide)

Veljið þann hóp af undirleggsefni sem þið viljið skoða nánar. Snertið undirleggsefni til að skoða nánar hvenær á að nota viðkomandi efni. Upplýsingar um viðkomandi undirleggsefni verður sýnt í skoðara í fróðleiks miðstöðinni. Lokið skoðaranum til að velja annað efni innan þessa hóps.

- **Klippist frá (Cut away):** Þetta eru undirleggsefni sem þarf að klippa frá eftir saum með skærum. Þessi tegund gerir efnið ,mjög stöðugt.
- **Vatt (Batting):** Notist á milli efra og neðra efnis til að gefa meiri fyllingu í *JoyOS advisor*™ verkefnið.
- **Vatns uppleysanlegt undirleggsefni (Water soluble stabilizer):** Undirleggsefnin í þessum hóp leysast öll upp í vatni. Þau koma sér mjög vel þegar verið er að sauma blúndumynstur eða klippimynstur.
- **Sérstök (Specialty):** Í þessum flokki finnið þið undirleggsefni fyrir sérstök verkefni.
- **Rífa frá (Tear-a-away):** "Tear-a-way" undirleggsefni eru bráðabirgða undirleggsefni. Þau er auðvelt að fjarlægja að saum loknum.

## Hraðleiðbeiningar (Quick Start Guide)

Snertið hraðleiðbeingahóp (quick start group) til að skoða mismunandi hraðleiðbeiningar innan hópsins. Veljið eitt af atriðunum til að fá leiðbeiningarnar beint í skoðarann . Sumar leibeiningarnar eru sýndar með "hreyfimyndum" ( animations).

## Þrep fyrir þrep vinnubók (Step-by-Step Workbook)

Í þrep fyrir þrep vinnubókinni finnið þið *JoyOS advisor*™ verkefni sem innihalda þrep fyrir þrep leiðbeiningar um hvernig eigi að nota sérstaka útsaumstækni þ.e.a.s. mynsturlögun, og mynstur staðsetningar. Veljið þrep fyrir þrep hóp til að skoða *JoyOS advisor*™ verkefni innan þess hóps. Snertið þrep fyrir þrep til að hlaða því inn á *JoyOS advisor*™ verkefna skoðarann..

*Ath: Minnkið eða stækkið verkefnið á skjánum til að geta séð allar aðgerðir þegar þið flettið í gegn um tæknihlutana.*

## Saumaleiðbeiningar (Sewing Instructions)

Snertið saumaleiðbeiningar (sewing instructions) til að hlaða þeim inn og skoða tæknina í leiðbeiningunum.

## Halda áfram (Continue)

Ef *JoyOS advisor*™ verkefni er innhlaðið og þið farið aftur inn í *JoyOS advisor*™ aðgerðina, kemur fram “halda áfram” (continue) hnappur ásamt innhlöðnu *JoyOS advisor*™ verkefni á skjáinn. Snertið hnappinn “halda áfram” (continue) eða *JoyOS advisor*™ aðgerðar hnappinn.



# 7 Saumað (Sewing)



# Byrjað að sauma (Getting Started to Sew)

Þegar DESIGNER EPIC™ vélin fer í gang þá opnast *JoyOS advisor*™ aðgerðin einnig sjálfkrafa.

Fullvissið ykkur um að efnisgerðin sem þið ætlið að fara að sauma sé alltaf valin í *JoyOS advisor*™ aðgerðnni.

Lesið meira um “efnisvalið” í “fabric selections”.

Eftir að þið hafið valið efnið, veljið þið þá saumatækni sem þið ætlið að nota eða þið getið einnig ýtt á “halda áfram” (start new). Þegar þið hafið valið einhverja sérstaka saumatækni þá koma fram ítarlegar leiðbeiningar í *JoyOS advisor*™ “verkefna skoðaranum” (project viewer). Ef þið snertið “byrja strax” (start new) farið þið beint í sauma aðgerð og beint spor verður valið sem sjálfgefið spor. Lesið meira um *JoyOS advisor*™ aðgerðina.

# Sauma aðgerð — yfirlit (Sewing Mode – Overview)

Í sauma aðgerð getið þið valið spor eða sauma og stillt þá og saumað. Valinn saumur verður sýndur í raunstærð á saumafletinum. Ráðleggingar um viðkomandi saum verða svo sýndar fyrir ofan.

Þið getið einnig farið í "forritunar aðgerð" (program mode) til að hanna eigið saumaforrit. Lesið meira um hvernig forrita á sauma í "forritun" (program).

*Ath: Öll tákn og valkostir verða ekki sýnd á sama tíma.*




1. Efni sem var valið
2. *JoyOS advisor*™ verkefnis val
3. Sauma valmynd
4. Fara yfir á fyrra spor
5. Stafrófs valmynd
6. Fara yfir á næsta spor
7. Skráarstjórn
8. "Tapering" valmynd
9. Tvinnaskömmtun/Tvinnaspenna/ Nemi fyrir fótþrýsting
10. Fara yfir í næsta hluta saums
11. Undirbúa (eða breyta) saumaforriti
12. Speglun enda í enda
13. Speglun til hliðar
14. Sporlengd/sporþéttleiki
15. Sporbreidd/Spor eða nálarstaða
16. Vista
17. "Smart" vistun
18. Valstika
19. *JoyOS advisor*™ verkefna skoðari
20. Nýtt forrit
21. Jafna spor
22. Fríhendis valkostir
23. Saumaflokkar
24. Upplýsingar um sauma
25. Valflötur
26. Nafn á saumavalmynd
27. Valflötur til að minnka/stækka
28. Ráðleggingar um sauma
29. Byrja á saum frá byrjun

# hvað er spor eða saumur? (What is a Stitch?)

Spor samanstendur annaðhvort úr einu spori eins og í beinu spori, eða sem tvö einstök spor t.d. zik zak spor. Ennfremur getur spor eða saumur verið sett saman af fjölda spora eins og t.d. í þriggja þrepa zik zak eða skrautsaumar.



# Veljið spor eða staf (Select a Stitch or Letter)

Til að hlaða inn saum, veljið þið saumavalmyndina og snertið sauminn á valfletinum til að velja sauminn. Valinn saumur kemur þá sjálfkrafa á skjáinn og upplýsingar um hann verða sýndar á upplýsingafletinum. Sveiflið upp eða niður til að skruna í gegn um alla saumana í viðkomandi flokki. Sveiflið til vinstri eða hægri til að skruna að og velja saum úr öðrum saumaflokki. Þið getið einnig sveiflað til vinstri eða hægri í flokkalistanum og síðan snert ákveðinn flokk til að velja hann. Valflöturinn verður uppfærður og sýnir nú saumana í völdum flokki.

Til að hanna texta veljið þið valmyndina fyrir stafrófin og veljið þið ákveðna leturgerð með því að snerta hana. Þegar þið hafið valið leturgerð verður hún sjálfkrafa hlaðin inn í nýtt forrit og lyklaborð verður sýnt. Forritið textann ykkar með því að snerta viðkomandi stafi á lyklaborðinu. Minnkið lyklaborðið og snertið OK í forritunarglugganum. Textinn verður hlaðinn inn í sauma aðgerð og tilbúinn til að verða saumaður.Lærið meira um hvernig eigi að forrita mynstur og stafi í kaflanum ”forritun” (program).




1. Valmynd fyrir sauma
2. Valmynd fyrir stafróf
3. Skráarstjórn
4. Valflötur
5. Upplýsingar um saum
6. Flokkar sauma

# Hlaða inn saum eða staf frá öðrum stað (Load a Stitch or Letter From Another Location)

T.d. að hlaða inn saum eða forritum sem þið hafið vistað í *mySewnet*™ skýjamöppunni eða á USB tæki frá skráarstjórn. Snertið “skráarstjórn” (file manager) og hlaðið inn saum eða forriti með því að snerta og halda við skrána. Í skráarstjórn sjáið þið allar skrár sem þið hafið vistað þ.e.a.s. sauma, mynstur og letur. Lærið hvernig best er að skipuleggja skrárnar ykkar í ”skráarstjórn” (file manager).

# Stillingar á sporum og saumum (Stitch Settings)

Vélin stillir sig sjálf á hentugustu og sjálfgefnar stillingar fyrir hvert spor eða saum. Þið getið hins vegar gert ykkar breytingar á völdum saum. Breytingarnar munu hins vegar eingöngu gilda fyrir sauminn í þetta sinn því þegar þið veljið annan saum eða hættið, þá verður þessi ákveðni saumur aftur settur á sínar sjálfgefnu grunnstillingar. Þið getið hins vegar vistað þessum breytta saum með því að snerta "vista" (save).







Stjórntækin sem eru fyrir hendi á skjánum eru breytileg allt eftir því hvaða saumur er á skjánum. Sumir saumar hafa fleiri en eitt stjórntæki og þá getið þið notað valstikuna sem er neðan og hægra megin við stjórntækin á skjánum. Snertið þessa valstiku til að breyta yfir á annan stýribúnað fyrir öðru vísi stillingu fyrir sauminn. Snertið stikuna á ný til að fara yfir á fyrri stjórntæki. Mismunandi stillingum er lýst nánar hér að neðan.

*Ath: Þegar reynt er að fara fram úr lágmarks og hámarks gildum fyrir lengdar og breiddarstillingar, gefur vélin frá sér viðvörunarhljóð. Sjálfgefin gildi eru alltaf sýnd með svörtum tölum.*

## Sporbreidd (Stitch Width)

Aukið eða minnkið sporbreiddina með því að nota + og - á stjórnborðinu. Talan fyrir ofan stjórnborðið sýnir sporbreiddina í mm.




Breytt sporstaða (nálarstaða) getur takmarkað breytingar á sporbreidd.

## Spor eða nálarstaða (Stitch Positioning)

Á. sumum saumum sem eru með sporbreidd minni en 7mm. er hægt að breyta sporstöðunni (nálarstöðunni). Notið + til að færa sporið (nálina) til hægri og - til að færa það til vinstri. Talan fyrir ofan stjórnborðið sýnir nálarstöðuna í mm. frá nálarstöðu í miðju. Hægt er að velja um 29 mismunandi nálarstöður (fyrir beint spor).




Sporstöðunni er aðeins hægt að breyta upp að hámarksbreidd saumsins. Breytingar á sporlegu munu einnig takmarka breytingar á sporbreidd.

## Sporlengd (Stitch Length)

Aukið eða minnkið sporlengdina með því að nota + og – á stjórnborðinu. Tölurnar fyrir ofan sýna sporlengdina í mm, Ef þið lengið zik zak spor eða skrautspor , verður teygt á þeim sporum. Ef þið lengið spor þar sem hægt er að stilla þéttleikann, þá verður viðkomandi spor lengra, en þétleikinn í flatsaumssporum verður samt hinn sami og áður.




## Sporþéttleiki (Stitch Density)

Með stjórnhnappnum fyrir sporþéttleika getið þið stillt hvað sporin liggja þétt saman í flatsaumum. Þéttleikinn hefur ekki áhrif á heildarlengd mynstursins.

Snertið + til að auka bilið en snertið - til að minnka bilið á milli sporanna. Talan fyrir ofan stjórnhnappinn sýnir millibiið á milli flatsaumssporanna í mm.

*Ráð: Minnkið þéttleikann til að fá önnur sjónræn áhrif t.d. þegar þið notið sérstaka og/eða grófari tvinna.*




## Tölustærð (Button Size)

Þegar þið saumið hnappagöt með hnappagatafætinum sem er með nemanum, getið þið stillt inn tölustærðina. Mælið tölustærðina með mælistikunni fyrir tölurnar sem er framan á vélinni og stimplið síðan stærðina á henni inn í gluggann fyrir tölustærðina. Saumið alltaf prufuhnappagat á afgangsbút af því efni sem þið eruð að sauma til að staðfesta að lengdin á hnappagatinu sé rétt.



## Töluáfesting (Sew On Button)

Þegar þið festið tölur á efni þá getið þið stillt inn sporafjöldann sem þið viljið nota. Snertið + eða- til að auka eða minnka fjölda sporanna.




## Nemi fyrir þrýsting á saumfót (Sensor Foot Pressure)

Snertið + til að auka eða - til að minnka þrýstinginn á saumfætinum á efnið

*Ath: Annar valkostur er að snerta rofareinina á tvnnaspennu/ tvinnaskömmtunarstjórninni til að fara aftur yfir á venjulega fótþrýstinginn.*




### EINSTAKT NEMAKERFI (EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM™)

Þökk sé þessu "nemakerfi" (EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM™) að þá skynjar vélin þykktina á efninu undir saumfætinum og stillir þrýsting á saumfótinn í samræmi við það til að tryggja öruggan og jafnan flutning á efninu.

Þið getið farið í "sauma aðgerð" (sewing mode) til að skoða hvaða þrýstingur er á saumfótinn og þar getið þið einnig breytt honum ef þið viljið.

## deLuxe saumakerfi (*deLuxe*™ Stitch System)

*deLuxe*™ saumakerfið er með tvær aðferðir til að stilla yfirtvinnann: tvnnaskömmtun og svo tvinnaspennu eins og er í öllum eldri gerðum véla. Til að ná sem bestum árangri mun vélin nota tvinnaskömmtun þegar því verður við komið. Tvinnaskömmtunin metur sjálfkrafa og stöðugt þykkt efnisins og skammtar þá tilheyrandi magn af tvinna fyrir þá þykkt og valinn saum.

Þegar tvinnaspenna er notuð upp á gamla mátann sjá spennudiskarnir um að halda réttri spennu á yfirtvinnanum. Í sumum saumtæknum er nauðsynlegt að nota tvinnaspennuna. Afveljið þá *deLuxe*™ saumakerfið í "bráðabirgða saumastillingum" (temporary sewing settings) til að fullvissa ykkur um að venjulega tvinnaspennnan sé virk. Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið í "bráðabirgða saumastillingum" mun stjórnbúnaðurinn sem sést í sauma aðgerð breytast á milli tvinnaskömmtunar og yfir í




*Tvinnaskömmtunarkerfi*




*Venjuleg tvinnaspenna*

tvinnaspennu allt eftir því hvaða stillingar eru í gangi og tegund saumsins.

Notið tvinnaskömmtun/tvinnaspennu stjórnbúnaðinn til að stilla jafnvægið á milli yfir og undirtvinna , þ.e.a.s. minnkið spennuna þegar þið notið t.d. málmtvinna og aukið spennuna þegar þið notið grófari tvinna. Framkvæmið nokkrar tilraunir með mismunandi stillingum á afgangsbúta af því efni sem þið ætlið að nota.

*Ath: Þegar þið breytið gildunum á tvinnaskömmtun/tvinnaspennu, munu þau eingöngu eiga við það spor sem þið eruð að nota. Um leið og þið skiptið yfir og veljið annan saum mun vélin setja allar stillingar á sjálfgefin gildi aftur,*

*Ráð: Aukið tvnnaspennuna í tvinnaskömmtun/tvinnaspennu þegar þið notið grófan tvinna á gallabuxnaefni og önnur slík gróf efni.*

## Stilla tvinnasepnnu /tvinnamötun (Adjust Thread Tension/Thread Portioning)

Fallegasta og besta sporið er þegar tvinnarnir mætast á milli efnanna.

Ef undirtvinninn kemur upp á réttuna þá er tvinnaskömmtunin/tvinnaspennan of stíf. Minnkið spennuna.

Ef yfirtvinninn kemur niður á rönguna þá er tvinnaskömmtunin/tvinnaspennan of laus. Aukið spennuna.

Fyrir skrautsauma og hnappagöt á yfirtvinninn að sjást aðeins á röngunni.

Saumið nokkra tilraunasauma á afgangsbúta af því efni sem þið ætlið að nota til að stilla á rétta spennu.



*Rétt tvinnaspenna*



*Tvinnaspennan of stíf*



*Tvinnaspennan of laus*

## Speglun (Mirroring)

Snertið hnappinn fyrir endaspeglun til að spegla sauminn enda í enda, en hnappinn fyrir hliðarspeglun til að spegla saumana til hliðanna.

*Ráð: Notið <u>"smart kistuna" (smart toolbox)</u> til að opna fyrir "flýtivísun" (shortcut) fyrir speglun.*

*Ath: Suma sauma eins og t.d hnappagat er ekki hægt að spegla.*




1. Endaspeglun
2. Hliðarspeglun

## Jafnvægi (Balance)

Þegar saumað er á sum efni eða þegar verið er að nota einhverja sérstsaka saumatækni, gæti þurft að stilla jafnvægi í sumum saumum. Til að stilla jafnvægi í ákveðnum saum snertið þið hnappinn fyrir jafnvægi í sauma aðgerð.

Byrjið á því að sauma slíka sauma á efnisbút af sama efni og nota á. Breytið síðan forskoðuninni á skjánum þannig að hún líti út eins og saumaða prufan lítur út og notið + eða – stjórnhnappana til að framkvæma það. Þegar þið saumið aftur verður vélin búin að leiðrétta jafnvægið.



*Jafnvægishnappur í sauma aðgerð*




*Sprettigluggi fyrir jafnvægi*

# Fríhendis valkostir (Free Motion Options)

Þið getið valið á milli tveggja fríhendis valkosta: "fríhendis gorma aðgerð" (free motion spring action) eða "fríhendis flotstöðu" (free motion floating).

Þegar saumað er fríhendis með beinu spori, notið þá stingplötuna með kringlótta gatinu. Lesið um hvernig skipta á um stingplötu í "change to Straight Stitch Plate".




## Fríhendis gorma aðgerð (Free Motion Spring Action)

Gerið þessa aðgerð virka þegar þið ætlið að nota fríhendis gorma saumfótinn þ.e.a.s. saumfót Q. Flytjarinn verður sjálfkrafa tekinn úr sambandi.

Gormafóturinn lyftist í hverju spori og lækkar svo aftur og heldur við efnið á meðan nálin fer í gegn um það og myndar sporið. Þið færið svo efnið sjálf með höndunum.

Við mælum með því að þið notið' "Sensor Q-fótinn" fyrir alla fríhendis sauma nema þar sem þið eruð að nota einhverja sérstaka saumtækni eða aukahluti þar sem því verður ekki komið við að nota þennan Q-fót.



Táknið fyrir fríhendis gorma fótinn verður sýnt í sauma ráðleggingunum.

*Ráð: Einnig er fáanlegur sérstakur fríhendis gormafótur sem er opinn að framan og fæst hann hjá umboðinu.*

## Fríhendis flotstaða (Free Motion Floating)

Gerið þessa aðgerð virka þegar þið notið saumfótinn R. Flytjarinn verður sjálfkrafa tekinn úr sambandi.

Þegar þið saumið fríhendis á litlum hraða lyftist saumfóturinn og lækkar sig í hverju spori til að halda við efnið á meðan sporið er myndað. Ef saumað er á meiri hraða flýtur saumfóturinn rétt fyrir ofan efnið á meðan saumað er. Þið færið svo efnið sjálf með höndunum.

Vélin getur hlaupið yfir spor og spor ef efnið færist upp og niður með nálinni þegar saumað er. Í slíkum tilfellum getið þið lækkað saumfótinn aðeins en við það minnkar bilið á milli saumfóts og efnisins og það ætti að koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir spor.

*Ath: Gætið þess að lækka saumfótinn ekki of mikið. Hægt verður að vera að færa efnið auðveldlega til undir fætinum.*

Til að stilla hæðina á saumfætinum í fríhendis fljótandi saum, snertið þið "stjórn á saumfótshæð" (presser foot height control) til að framkvæma stillingarnar.



Táknið fyrir fríhendis flotstöðu verður sýnt í sauma ráðleggingunum

*Ath: Ef fríhendis flotstaða er gerð virk, notið þá alls ekki fríhendis gormafótinn, því það gæti skemmt fótinn.*

*Ath: Gerið "sporbreiddar öryggið" (stitch width safety) virkt til að forða því að nálin geti stungið í fótinn eða stingplötuna.*

## Ráðleggingar um sauma (Sewing Recommendations)

Efst á skjánum sýnir vélin valið efni og virkt spor. Þar eru einnig sýndar sauma ráðleggingar sem stilltar eru sjálfkrafa miðað við valið efni og núverandi stillingar. Eftirfarandi ráðleggingar eru sýndar: "saumfótur " (presser foot), "nálin" (needle), "undirlegggsefni" (stabilizer)" og "rennslisplötur" (glide plates). Ráðleggingar um stingplötu fyrir beint spor verður einnig sýnd þegar fríhendis saumur með beinu spori er valinn.

*Ráð: Við mælum með því að þið notið "fróðleiks miðstöðina" (knowledge center) í **JoyOS advisor™** aðgerðinni og leiðbeiningarnar um udirleggsefnin þar sem þið getið lesið um hin ýmsu undirleggsefni.*







1. Ráðleggingar um saumfætur
2. Ráðleggingar um nálar
3. Valinn saumur
4. Mælt með rennslisplötum
5. Mælt með undirleggsefni
6. Mælt með stingplötu fyrir beint spor

# Vista saum (Save Stitch)

Til að vista saumaskrá, snertið þið vistunarhnappinn og sprettigluggi kemur á skjáinn. Í glugganum eru tveir valkostir þ.e.a.s. þið getið vistað skrána í möppu í *mySewnet*™ skýinu eða á USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða stafróf verða sýnd. Gefið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK hnappinn.

Ef þið viljið vista í einhverja möppu, snertið þið einfaldlega og haldið við möppuna til að opna hana, gefið skránni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK í sprettiglugganum til að staðfesta. Til að búa til nýja möppu, ýtið þið einfaldlega á hnappinn til að búa til nýja möppu (create new folder), gefið möppunni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK. Síðan snertið þið og haldið við möppuna til að opna hana og vista í þessa nýju möppu.

Snertið hnappinn til að skoða lista og smámyndir og þá getið þið skipt á milli þess að skoða skrár á lista eða sem smámyndatákn. Í listaskoðun þá eru allar skrár sýndar með skráarnafni og skráargerð. Í "smámyndaskoðun" (thumbnail view) verður hver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.

Til að hætta við vistunarferli, lokið þið sprettiglugganum með því að snerta "hætta við" (cancel). Vistunar sprettiglugginn lokast og þið farið aftur yfir í sauma aðgerð.

Lesið meira um skipulagningu á vistuðum saumum í "skráarstjórn" (file manager)þ



*Vistunarhnappur*




1. Valflötur
2. Skráarnafn
3. Hætta við
4. Staðfesta
5. Búa til nýja möppu
6. Skoðun á listum og smámyndum
7. Vista á USB tæki
8. Vista í *mySewnet*™ skýjamöppunni

# "Smart" vistun (Smart Save)

Ef þið viljið hætta að sauma en vista sporið og stillingarnar sem þið eruð að nota, snertið þið "smart vistunarhnappinn" (smart save button). Sprettigluggi kemur á skjáinn og gefur til kynna að "smart vistun" hafi verið framkvæmd og að þið getið slökkt á vélinni.

"Smart vistun" man og geymir saumin, útsauminn og allar stillingar eins og þær voru þegar "smart vistun" var síðast framkvæmd. Þetta gerir ykkur kleift að slökkva á vélinni og halda síðan áfram seinna meir. Til að hlaða inn "smart vistun", snertið þið hnappinn til að "hlaða inn" (load smart save button) í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni.

"Smart vistunin" verður vistuð þar til þið notið "smart vistun" á nýjan leik og setjið annan saum inn fyrir þann fyrri.





***JoyOS advisor*™ *aðgerðar hnappur***



*Hnappur fyrir "smart vistun"*

# Umfangs saumar — Valmynd L (Dimensional Stitches – Menu L)

Valmynd L – umfangs saumar innihalda þrjár gerðir af saumum: applíkeringar, pop-up og pallíettu sauma. Í þessari valmynd verða einnig sambland af applíkeringar og "pop-up" saumum. Þar sem hver saumur er sérstakur, munu þessir saumar bjóða upp á mismunandi skrautáhrif allt eftir því hvaða saumur er valinn og hvaða efni þið hafið valið.

*Ráð: Við mælum með því að nota **JoyOS advisor™** aðgerðina og skoða leiðbeiningarnar um þessa "umfangs" (dimensional) sauma og fá sjálfkrafa réttar stillingar fyrir þá.*



*Dæmi um applíkeringar saum*

# Þema saumar — valmynd M (Theme Stitches – Menu M)

Þema saumar eru fallegir samhæfðir saumar, og eru fjórir í hóp, og hannaðir til þess að vera saumaðir saman á óreglulegan eða handahófskenndan hátt. Snertið afturábak hnappinn framan á vélinni eða afturábak hnappinn á skjánum til að fara yfir á næsta saum í hópnum. Ef þið snertið afturábak hnappinn tvisvar sinnum — og það skjótt — hlaupið þið yfir næsta saum í hópnum.



*Dæmi um þema saum*



*Afturábak hnappurinn á skjánum*

# Skreyttir saumar — valmynd N (Embellished Stitches – Menu N)

Skreyttir saumar eru skrautsaumar þar sem þið getið breytt útlitinu á saumnum eftir að þið´hafið saumað sauminn ti að ná fram sérstakri áferð. Þessa sauma er hægt að skreyta með kristal eða klippa þá upp fyrir skúf eða brúskáferð..

Skúfsaumar eru saumaðir með marga þræði ofan á hverjum öðrum. Hægt er að láta þessa þræði vera eins og þeir eru saumaðir eða klippa þá, til að ná fram nokkurs konar þrívíddar áhrifum. Þessi löngu spor ætti að klippa við jaðar og á réttu efnisins. Hentugt er að nota sprettihníf til þessa.

*Ráð: Fyrir grófari þræði er mjög gott að nota "kertakveiksfótinn" (Candlewicking Foot ) til að auðvelda flutninginn (hann er nr. 413 16 23-45).*

Kristal sauma má nota eins og þeir eru eða einnig er hægt að skreyta þá enn meira með því að bæta inn kristöllum í saumuðu hringina.



*Dæmi um kristal saum*



*Dæmi um skúf saum*

# Mjókkandi og breikkandi saumar — valmynd Q (Tapering Stitches – Menu Q)

“Tapering” valmyndin” verður sýnileg þegar þið hafið valið saum sem hægt er að mjókka eða breikka. Snertið “tapering” valmyndina til að opna skoðun á hornum eða skáum til að byrja eða enda mjókkun og/eða breikkun. Veljið horn eða skáa með því að snerta hann á valfletinum. Vélin byrjar á því að sauma skáann og heldur síðan áfram með hinn valda saum eins og hann er. Þegar óskaðri lengd er náð ýtið þið á afturábak hnappinn. Vélin saumar þá skáann til enda.

Veljið “mjókkun breikkun af” (taper “off”) til að fjarlægja mjókkun/breikkun í byrjun eða enda á saumnum. Ef þið veljið (taper “off”) bæði í byrjun og lokin verður saumurinn saumaður eins og hann er og án skáa.




## Æfing fyrir “taper” flatsaum (Taper Satin Stitch Exercise)

“Taper” saumar sauma skáa fyrir horn og odda sjálfkrafa í flatsaumum og hægt nota þá t.d. við sauma á stöfum sem saumaðir eru með flatsaum. Prófið þessa æfingu og saumið horn með ská-hornum á efnisbút þar sem þið notið einnig undirleggsefni.

1. Veljið saum Q1 í valmynd Q - Skrautlegir skásaumar..
2. Opnið fyrir skásauma (tapering) og velið 45 gráðu bæði fyrir byrjun og í lokin.

*Ath: Fyrir breiðari flatsauma , breikkið þið sporbreiddina.*

3. Gerið nálin stöðvist uppi/niðri virka og byrjið að sauma. Vélin byrjar á því að sauma skáann og heldur síðan áfram að sauma flatsauminn í fullri breidd.
4. Þegar flatsaumurinn er orðinn eins langur og hann á að vera, snertið þið afturábak hnappinn. Þá mun vélin byrja á seinni skáanum.
5. Snúið efninu til að halda áfram með næsta skáskorna flatsauminnn. Gerið STOP aðgerðina virka til að endurtaka fyrri saumlengdina, þar með talda skáana í byrjun og lokin.

# 4–átta saumar – valmynd S (4-Way Stitches – Menu S)

4-átta saumarnir gera ykkur kleift að sauma nokkra sterka sauma í fjórar mismunandi áttir. Þið getið valið um mismunandi 4–átta sauma. Þeir geta komið sér mjög vel t.d. þegar þið saumið bætur á buxnaskálmar með því að nota fríarminn. Þessir 4–átta saumar eru forritaðir í ákveðnum lengdum og sporbreiddum.

## 4-átta sauma æfing

**Efni:** Ofið þykkt (Woven heavy), tvö efni — annað er bótin.

**Veljið**: Ofið þykkt í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni, valmynd S — 4átta saumar — saumur 8

**Notið:** Saumfót S og nál í grófleika 90 eins og mælt er með

**Saumið**

1. Setjið bótina ofan á efnið sem á að bæta og látið saumfótinn setjast ofan á bótina í efra vinstra horninu á henni. Vélin saumar fyrst þversum að ofan frá vinstri til hægri eins og sýnt er á skjánum.
2. Saumið þversum að ofan og snertið síðan afturábak hnappinn eða 4–átta hnappinn (afturábak hnappinn á skjánum) til að breyta um saumaátt. Saumaáttin á skjánum mun breytast. Stígið á fótmótstöðuna og saumfóturinn lækkar sjálfkrafa.
3. Saumið niður eftir hliðinni á bótinni. Haldið síðan áfram á sama hátt og saumið allan hringinn á bótinni, og snertið afturábak hnappinn eða 4–átta hnappinn á skjánum til að breyta um saumaátt.
4. Snertið síðan tvinnaklippu aðgerðina (cut function).

*Ráð: Til að sauma falleg horn með 4–átta saumunum, snertið þið STOP function áður en þið breytið um saumaátt. Það gerir það að verkum að vélin lýkur við núverandi spor áður en hún breytir um saumaátt.*



*4-átta sauma hnappur fyrir saumaátt (afturábak hnappur á skjánum)*



# 8–átta saumar – valmynd T (8-Way Stitches – Menu T)

Í þessari valmynd eru tvenns konar spor, beint og styrkt beint spor. Snertið örvarnar til að velja eina af fyrirfram ákveðinni saumaátt. Til að fínstilla saumaáttina notið þið sporbreiddar og sporlengdarhnappana. Forritið þessi spor ein eða blandið þeim saman við skrautsauma úr öðrum valmyndum til að búa til einstaka sauma eða jaðra.

## 8-átta sauma æfing

**Efni:** Ofið meðal og undirleggsefni.

**Veljið:** Ofið meðal í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni, valmynd T — 8 átta saumar.

**Notið:** Þræðið vélina með útsaumstvinna að ofan og útsaums spólutvinna í spóluna. Notið saumfót S og nál í grófleika 80 eins og mælt er með.

**Saumið:**

1. Snertið program hnappinn.
2. Veljið saum 1 í valmynd H — barnasaumum.
3. Veljið valmynd T og smellið 3svar sinnum á beina sporið til hægri
4. Veljið saum 1 í valmynd H.
5. Veljið valmynd T og smellið 3svar sinnum á beint spor til hægri
6. Veljið saum 1 í valmynd H.
7. Veljið valmynd T og smellið 3svar sinnum á beint spor til vinstri.
8. Veljið saum 1 í valmynd H.
9. Veljið valmynd T og smellið 3svar sinnum á beint spor til vinstri.
10. Snertið OK til að fara aftur í sauma aðgerð.
11. Setjið efnið og undirleggsefnið undir saumfótinn. Stígið á fótmótstöðuna til að láta saumfótinn fara niður og byrjið að sauma þessi forrituðu spor.




1. Beint spor til hægri
2. Beint spor til vinstri

# Sérstakir saumar fyrir aukalega saumfætur (Special Stitches For Optional Presser Feet=

Valmynd P — sérstakir saumar innihalda m.a. sérstaka sauma eins og kertakveiks saum, og jaðarsauma. Þessi saumtækni þarfnast e.t.v. sérstakra saumfóta og e.t.v. aukaáhalda. Þetta er gefið til kynna með tákninu fyrir aukalegu saumfæturna á skjánum.



*Ráð: Nánari sundurliðaðar upplýsingar um núverandi valinn saum er að finna í "upplýsingum um sauma" (stitch information).*

# Skilaboð í sprettigluggum (Sewing Pop-up Messages)

## Spólutvinninn að klárast (Bobbin Thread Low)

Þegar undirtvinninn er að verða búinn koma skilaboð á skjáinn sem gefa ykkur smátíma til að skipta um spólu í vélinni. Þetta gefur ykkur tíma til að ákveða hvenær þið ætlið eða getið skipt um spólu. Þið getið líka haldið áfram að sauma þar til spólutvinninn klárast. þá stígið þið bara á fótmótstöðuna og lokið ekki sprettiglugganum.



### Athugið yfirtvinnann (Check Upper Thread)

Vélin stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný, lokið sprettiglugganum og haldið áfram að sauma.




### Fjarlægið hnappagatafótinn með nemanum (Remove Sensor One-Step Buttonhole Foot)

Hnappagatfótinn með nemanum á aðeins að nota fyrir hnappagöt. Sprettigluggi minnir ykkur á að fjarlægja fótinn ef þið ætlið að sauma aðra sauma.




### Get ekki notað sjálfvirka þræðarann fyrir nálina (Cannot Use the Automatic Needle Threader)

Ef þið eruð að nota tvíburanál, snertið þið OK og þræðið nálarnar með höndunum. Ef þið eruð að nota venjulega nál snertið þið OK og afveljið tvíburanál í stillingunum (settings). Ýtið aftur á hnappinn fyrir sjálfvirka þræðarann.



### Tvíburanál (Twin Needle)

Þessi skilaboð koma upp ef þið reynið að velja saum sem ekki hentar fyrir tvíburanál.




### Sporbreiddaröryggi (Stitch Width Safety)

Þegar sporbreiddaröryggið er virkt, þá koma þessi skilaboð á skjáinn ef reynt er að velja saum sem ekki hentar þegar sporbreiddaröryggið er virkt.




### Athugið (Attention!)

Vélin stöðvast og þegar þessi skilaboð koma á skjáinn verðið þið að hætta að sauma. Bíðið í augnablik og snertið síðan OK hnappinn þegar hann er virkur. Athugið nálargrófleikann og aðrar aðstæður. Yfirfarið þræðinguna.



# 8 Útsaumur (Embroidery)



# Byrjað að sauma út (Getting Started to Embroider)

Þegar kveikt er á DESIGNER EPIC™ vélinni kemur *JoyOS advisor*™ aðgerðin sjálfkrafa á skjáinn.

Veljið ákveðna útsaumtækni eða veljið "byrja strax" (start new). Þegar sérstök útsaumstækni hefur verið valin fáið þið leiðbeiningar frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Þegar þið snertið "start new" farið þið í útsaums aðgerð með völdum bakgrunnslit.

Lesið meira um *JoyOS advisor*™ aðgerðina.

# Útsaums undirbúningur — yfirlit (Embroidery Edit – Overview)

Í útsaums undirbúningi getið þið stillt, sameinað, vistað og eytt mynstrum, saumumog leturgerðum. Þið getið breytt mynstrinu án þess að hafa útsaumsáhaldið tengt við vélina. Innhlaðin mynstur eru sýnd á útsaumsfletinum.

*Ráð: Minnkið valflötinn með því að snerta stækka/minnka (expand/minimize) valflötinn til að nota allan skjáinn þegar þið eruð að undirbúa eða breyta mynstrum.*




1. Útsaumsflötur
2. Snúnings handföng
3. Kvörðunar handfög
4. Súmm sleði
5. Súmm valkostir
6. Rammaval
7. Verkfærabox
8. Stjórnhjól
9. Undirbúa/breyta
10. Lögun mynsturs
11. Vista
12. “Smart” vistun
13. Applíkering mynsturs
14. Forrit
15. Afturkalla
16. *JoyOS advisor*™ verkefna skoðari
17. Endurtaka
18. Staðsetning
19. Snúa
20. Fara í útsaums saumaskap
21. Kvarða
22. Skima
23. Númeraröð á mynstri
24. Heildar sporafjöldi í sameinuðum mynstrum
25. Tegund mynsturs
26. Upplýsingar um mynstur
27. Tvinnalitir
28. Skráarstjórn
29. Mynsturvalmynd
30. Leturvalmynd
31. Saumavalmynd
32. *JoyOS advisor*™ verkefna valmynd
33. nafn á mynsturvalmynd
34. Minnkun/stækkun á valfleti

## Hlaða inn mynstri (Load a Design)

Snertið og haldið við mynstur í nokkrar sekúndur til að gera það virkt og dragið það síðan yfir á útsaumsflötinn án þess að sleppa fingrinum af skjánum. Til að staðsetja mynstrið sleppið þið fingrinum af skjánum og þá er mynstrið komið á útsaumsflötinn.



Sveiflið upp/niður á valfletinum til að kruna í gegn um mynstrin innan valflokksins. Sveiflið vinstri/hægri á valfletinum til að skruna á milli hinna mismunandi mynsturflokka. Þið getið einnig sveiflað vinstri/hægri I listanum yfir flokkana og síðan snert ákveðinn flokk til að velja hann. Valflöturinn mun nú sýna öll mynstrin innan þess flokks sem þið völduð. Þegar ynstur hefur verið valið, koma upplýsingar um það á upplýsingaflötinn á skjánum.

*Ath: Þið gtið einnig hlaðið inn mynstur frá mySewnet™ skýjamöppunni og einnig frá USB tæki í skráarstjórn.*

## Hlaða inn saum (Load a Stitch)

Snertið og haldið við saumí nokkrar sekúndur í saumavalmyndinni til að gera hann virkan og dragið hann síðan yfir í útsaumsflötinn án þess að sleppa fingrinum af skjánum. Sleppið síðan fingrinum og þá er saumurinn kominn í útsaumsflötinn.



*Ath: Þið getið einnig hlaðið inn vistuðum saumum frá mySewnet™ czkýjamöppunni og einnig frá USB tæki í skráarstjórn (file manager).*

*Ath: Snertið saum til að fá nánari upplýsingar um hann.*

## Hlaða inn leturgerð' (Load a Font)

Þið getið búið til texta bæði með venjulegu letri og einnig útsaums letri. Veljið leturgerð með því að opna leturgerða valmyndina og snerta síðan þá leturgerð sem þið viljið nota á skjánum. Ef þið veljið útsaums leturgerð þá opnast gluggi "forrita útsaums letur" (program embroidery text). Ef þið veljið venjulegt letur verður því hlaðaið inn í "forritun" (program). Venjulegt letur er sýnt í svörtum lit en útsaumsletur í lit. Hannaður texti verður síðan hlaðinn inn á útsaumsflötinn. Ef þið viljið breyta textanum á einhvern hátt, veljið þá textann og snertið hnappinn "breyta texta" (edit design) eða notið "smart kistuna".



*Ath: Þið getið einnig hlaðið inn vistuðum leturgerðum frá mySewnet™ möppu í skýjinu og frá USB tæki.*

## Skráarstjórn (File Manager)

Snertið hnappinn fyrir skráarstjórn til að opna skráarstjórnina og finna vistaða mynstrið ykkar, saum eða leturgerð. Í skráarstjórn getið þið einnig hlaðið inn skrám frá *mySewnet*™ skýjamöppunni, innbyggð mynstur og einnig frá USB tækjum. Snertið og haldið til að hlaða inn mynstri, saum eða leturgerð. Til að hlaða inn nokkrum mynstrum, saumum og/eða leturgerðum, gerið þið "fjölval" (multi-select) virkt og veljið skrárnar. Snertið og haldið við eina af völdu skránum til að færa allar valdar skrárnar inn á útsauma flötinn.



Lesið meira um skipulagningu á vistuðum mynstrum, saumum og leturgerðum í skrárstjórninni (file manager).

## Hvernig á að velja mysntur (How to Select Designs)

Þegar þið hlaðið mynstrum inn í útsaum undirbúning, verður síðast valda mynstrið valið sem sjálfgefið.




### Veljið eitt mynstur

Til að velja eitt mynstur getið þið annaðhvort snert mynstrið á skjánum eða opnað “kistuna” (toolbox) og snert þar smámyndina í valglugganum. Til að skoða í hvaða röð mynstrin verða saumuð lesið þið nánar í “röð saumaðra mynstra” (design stitch out order).

### Æfing til að velja mynstur

1. Í útsaums undirbúningi (edit) snertið þið mynsturvalmyndina (enu).
2. Snertið og haldið við mynstur í mynsturvalmyndinni til að gera það virkt og dragið það síðan yfir á útsaumsflötinn og sleppið því til að hlaða því þar inn. Gerið þetta fjórum sinnum en við mismunandi mynstur.
3. Síðasta mynstrið verður umvafið mynsturramma, sem þýðir að það mynstur er virkt og valið mynstur á fletinum.
4. Ef þið viljið veja fyrsta mynstrið sem virkt mynstur, snertið þið það á skjánum. Þið getið einnig snert kistuna og valið smámyndina fyrir fyrsta mynstrið í valglugganum.
5. Til að velja fleiri en eitt mynstur, snertið þið hnappinn fyrir fjölvalið (multi-select button). Snertið mynstrið sem þið viljið velja.
6. Þegar þið hafið valið mynstrið/mynstrin, þá getið þið eytt, afritað, staðsett, kvarðað, speglað og/eða snúið þeim. Aðeins valið eða valin mynstur munu verða fyrir þeim breytingum sem þið framkvæmið..



### Veljið öll



7. Ef þið viljið velja öll mynstrin, snertið þið einfaldlega hannpinn fyrir fjölvalið (select all). Öll mynstur sem eru á skjánum verða þá valin, og auðkennd með valramma. Nú getið þið framkvæmt breytingar á öllum mynstrunum. Ef þið viljið svo sameina öll mynstrin í eitt mynstur snertið þið hnappinn “sameina/sundra” (group/ungroup).

## Val á ramma (Hoop Selection)

Vélin mun velja þann ramma sem best hentar fyrir innhlaðið mynstur. Til að velja öðruvísi rammastærð , snertið þið hnappinn fyrir rammaval. Þá kemur upp listi yfir alla ramma og einnig þá sem þið eigið kannski ekki en fást hjá umboðsaðila HUSQVARNA VIKING® á ykkar svæði.

Eftir að þið hafið valið annan ramma, lokast listinn yfir rammana.

*Ath: Þið getið aðlagað þennan lista með því að velja ykkar ramma í "mína ramma" (my hoops) í sjálfgefnu útsaums stillingunum (default embroidery settings.), Valdir rammar verða þá sýndir efst í listanum yfir rammavalið.*




## Kistan (Toolbox)

Í útsaums undirbúningi (edit) er hægt að finna nokkrar aðgerðir í kistunni (toolbox). Snertið hnappinn til að opna kistuna og snertið hann aftur til að loka henni. Þið getið staðsett kistuna bæði lóðrétt eða lárétt á skjáinn með því að ýta á hnappinn "breyta um átt" (change direction).

*Ráð: Notið "smart kistuna" smart toolbox á skjánum til að opna "flýtivísir" (shortcut) fyrir sumar af aðgerðunum.*


*Hnappur fyrir kistuna*


*Hnappur til að breyta um átt*

## Færa rammann (Move to Hoop)

Rauður rammi kemur í kring um útsaumsflötinn ef mynstur er staðsett fyrir utan rammasvæðið. Snertið "færa að ramma" (move to hoop) til að færa það mynstur sem er fyrir utan rammasvæðið inn í það. Mynstrið verður sett eins nálægt jaðri rammans og hægt er.

*Ráð: Ef þið viljið staðsetja mynstur t.d. eins nálægt efra vinstra horninu og hægt er, snertið það og dragið mynstrið upp að efra vinstra horninu. Fullvissið ykkur um að mynstrið verði sett fyrir utan rammasvæðið. Snertið síðan "færa að ramma" (move to hoop) og þá verður mynstrið staðsett innan rammans eins nálægt jaðri hans og hægt er.*



## Eyða (Delete)

Þegar þið snertið"eyða" (delete) verður völdu mynstri eða mynstrum eytt af útsaumsfletinum. Ef fleiri en eitt mynstur eru valin kemur upp sprettigluggi. Snertið OK til að staðfesta að þið ætlið að eyða mynstrunum. Snertið og haldið til að eyða öllum mynsttunum á útsaumsfletinum og snertið OK í sprettiglugganum til að staðfesta það.



## Afrita (Duplicate)

Snertið “afrita” (duplicate) Til að búa til afrit af völdu mynstri eða mynstrum. Snertið og haldið við afritunarhnappinn til að búa til fleiri en eitt afrit af völdu mynstri eða mynstrum. Lyklaborð kemur upp á skjáinn þar sem þið getið stimplað inn fjölda þeirra afrita sem þið viljið búa til.



## Hliðarspegun og endaspeglun (Mirror Side to Side and End to End)

Til að spegla mynstur lárétt, snertið þið hnappinn fyrir hliðarspeglun. Til að spegla mynstur lóðrétt snertið þið hnappinn fyrir endaspeglun.




1. Hliðarspeglun
2. Endaspeglun

## Sauma mynstur fyrr/seinna (Stitch Out Design Earlier/Later)

Til að breyta röðinni á því hvenær ákveðið mynstur verður saumað, án þess að þurfa að hlaða öllum mynstrunum inn á nýjan leik, getið þið notað hnappana “sauma mynstur fyrr/seinna”. Veljið það mynstur sem þið viljið setja fyrr eða seinna í mynsturröðina og snertið annanhvorn hnappinn til að breyta röð mynstranna. Mynstrið færist þá til í valglugganum og sýnir nú breytta röð mynstranna. Lesið meira um þetta í ”saumaröð mynstranna” design stitch out order”.




1. Sauma mynstur fyrr
2. Sauma mynstur seinna

## Setja mynstur saman/slíta í sundur (Group/ Ungroup)

Ef þið hafið valið tvö eða fleiri mynstur og viljið sameina þau og gera þau að einu mynstri, snertið þið hnappinn til að “sameina/slíta í sundur” (group/ungroup). Rammi er í kring um hvert valið mynstur, og þegar öll eru valin saman þá verður rammi um þau öll í hóp. Til að slíta þau í sundur og gera þau aftur að einstökum mynstrum ýtið þið aftur á “group/ungroup” hnappinn og þá verða mynstrin aftur einstök mynstur.



## Velja allt (Select All)

Ef þið viljið velja öll mynstrin snertið þið einfaldlega hnappinn “velja allt” (select all). Öll mynstrin á skjánum verða nú valin saman í hóp og rammi er í kring um þau öll. Nú getið þið framkvæmt breytingar á öllum mynstrunum sameiginlega. Ef þið viljið svo sameina öll þessi mynstur í eitt mynstur snertið þið hnappinn “setja mynstur saman/slíta í sundur” (group/ungroup).



## Fjölval (Multi-Select)

“Fjölval” (Multi-select) gerir ykkur kleift að velja tvö eða fleiri mynstur sem eru á skjánum á sama tíma. Snertið hnappinn fyrir fjölval og síðan mynstrin á sjánum sem þið viljið velja. Þið getið einnig valið smámyndirnar í valglugganum. Gluggi kemur í kring um valið mynstur, bæði smámyndina í valglugganum og mynstrin á útsaumsfletinum. Til að afvelja mynstrin, snertið þið þau aftur og þá hverfur glugginn í kring um mynstrin.



# Snerti aðgerðir (Touch Functions)

Þið getið staðsett, snúið, kvarðað og skimað beint á skjánum með því að nota fingurna. Snertið og haldið við snertiaðgerð til að læsa henni. Það kemur í veg fyrir virkjun á annarri snertiaðgerð af misgá þegar þið eruð að vinna við mynstrin beint á skjánum. Veljið hvaða snertiaðgerð sem er til að aflæsa hana.



*Touch function pan is locked*

## Staðsetja (Position)

Snertið og færið valið mynstur með fingrunum til að staðsetja það hvar sem er á útsaumsfletinum. Snertiaðgerðin "staðsetja" (position), verður sjálfkrafa gerð virk.




Þið getið einnig valið snertiaðgerðina "staðsetja" til að gera hana virka og notað síðan hjólið til að stilla staðsetninguna á völdu mynstri eða mynstrum. Tölurnar fyrir ofan staðsetningarhnappinn sýna stöðuna í mm. lárétta og lóðrétta stöðu frá miðju rammans fyrir valið eða valin mynstur.

Snertið miðjuna á stjórnhjólinu til að staðsetja valið eða valin mynstur í miðjan rammann.

Snertið og haldið við staðsetningarhnappinn til að læsa honum og koma þannig í veg fyrir aðra snertiaðgerð af misgá. Hengilás fyrir neðan hnappinn gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Snertið hvaða snertiaðgerð sem er til að aflæsa á ný.

## Snúa (Rotate)

Snúið völdu mynstri eða mynstrum með þvi að snerta snúnings handfangið sem staðsett er fyrir miðju efst í mynstur valglugganum og færið fingurna á skjánum. Snertiaðgerðin "snúa" (rotate) verður sjálfkrafa gerð virk.




Þið getið einnig valið snertiaðgerðina "snúa", til að gera aðgerðina virka með því að nota örvarnar á hjólinu til að stilla snúninginn á völdu eða völdum mynstrum og þá um eina gráðu í einu. Sérhver snerting á miðju hjólsins mun snúa mynstrinu eða mynstrunum um 90° réttsælis í hvert sinn. Tölurnar fyrir ofan snúnings hnappinn sýnir snúninginn í gráðum.

Snertið og haldið við snúningshnappinn til að læsa honum, og til að koma í veg fyrir aðra snertiaðgerð af misgá. Hengilás fyrir neðan hnappinn gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Veljið hvaða snertiaðgerð sem er til að aflæsa á ný.

## Kvörðun (Scale)







Með snertiaðgerðinni "kvörðun" (scale) getið þið stækkað eða minnkað valið eða valin mynstur allt að +/- 20% án þess að breyta sporafjöldanum.

Kvarðið valið eða valin mynstur með því að snerta eitt af kvörðunarhandföngunum sem eru í hornunum á mynstur valrammanum og færið fingurinn til á skjánum. Snertiaðgerðin "kvörðun" verður sjálfkrafa virk. Þegar þið kvarðið mynstur verður 100% hnappurinn einnig virkur. Snertið hnappinn til að kvarða mynstrið eða mynstrin aftur í sjálfgefin gildi.

Þið getið einnig valið þessa snertiaðgerð og notað örvarnar á hjólinu til að stilla stærðina á völdu eða völdum mynstrum. Tölurnar fyrir ofan kvörðunarhnappinn sýna núverandi stærð í mm. bæði breidd og lengd.

Snertið og haldið við kvörðunarhnappinn til að læsa honum og til að koma í veg fyrir aðra snertiaðgerð af misgá. Hengilás fyrir neðan hnappinn gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Veljið hvaða snertiaðgerð sem er til að aflæsa á ný.

Það er sjálfgefið að stærðarhlutföllin eru læst. Það er sýnt með lokuðum hengilás í miðju hjólsins. Snertið hengilásinn til að aflæsa og gera ykkur kleift að kvarða breidd og lengd að eigin vali.

*Ath: Í mynsturlögun og mynstur applíkeringum þá eiga tölurnar fyrir ofan kvörðunina við lögunarlínurnar en ekki lögun/applíkeringar mynstrið.*

## Skima (Pan)

Snertið og færið hvert sem er á útsaumsfletinum, en ekki á valið mynstur, til að skima um útsaumsflötinn í aðdreginni mynd. Ef þið snertið og færið á valið mynstur mun það hafa áhrif á staðsetningar aðgerðina og þið færið mynstrið í staðinn fyrir að skima um útsaumsflötinn.

Snertið og haldið til að læsa skimun og til að koma í veg fyrir aðra snertiaðgerð af misgá.. Hengilás fyrir neðan hnappinn gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Veljið hvaða snertiaðgerð sem er til að aflæsa á ný.

Þið getið einnig notað stjórnhjólið til að stilla skoðunina á útsaumsfletinum.

*Ath: Þegar þið súmmið að verður mynstrið mjög stórt. Læsið snertiaðgerðinni "skimun" og snertið og færið skimunina á ákveðin hluta í mynstrinu. Þið getið einnig notað örvarnar á stjórnhjólinu til að finna þann stað sem þið ætlið að vinna við.*



*Skimun er opin*



*Skimun er læst*

## Súmma (Zoom)

Súmmið að með því að setja tvo fingur á skjáinn á sama tíma, og án þess að sleppa fingrunum af skjánum, teygið þið á mynstrinu með því að færa fingurna í sundur. Á sama hátt getið þið minnkað mynstrið með því að leggja tvo fingur á skjáinn og færa þá saman.



Ef þið súmmið á valið mynstur, þá gæti það gert staðsetningaraðgerðina virka og fært mynstrið í stað þess að súmma að því. Snertið því og haldið "læsa skimun" (lock pan) til að koma í veg fyrir að gera staðsetningu virka af misgáningi. Hengilás fyrir neðan hnappinn gefur til kynna að aðgerðin sé læst. Nú getið þið aðeins "skimað" (pan) og "súmmað" (zoom). Veljið hnappinn á ný til að opna hann.

Það getið einnig notað súmmsleðann til að draga að eða frá á útsaumsfletinum. Færið sleðann til hægri til að súmma að en til vinstri til að súmma frá. Hægra megin við súmmsleðann sjáið þið hversu mikið þið hafið súmmað.




## Súmm valkostir (Zoom Options)

Snertið súmm valkostina til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið á milli þess að súmma allt að eða súmma að ramma. "Súmma allt að" (zoom to all) mun sýna allt mynstrið og fylla út í útsaumsflötinn. "Súmma að ramma" (zoom to hoop) mun stilla útsaumsflötinn þannig að hann henti inn í valinn ramma.




1. Súmma allt að
2. Súmma að ramma

## Afturkalla/ endurtaka (Undo/Redo)

Snertið örina sem bendir til vinstri til að afturkalla það sem þið framkvæmduð síðast. Snertið oftar til að fara aftar í röðina á stillingunum ykkar.

Snertið örina sem bendir til hægri til að endurtaka síðustu aðgerð ykkar í mynstrinu. Snertið oftar til að fara áfram í röðina á stillingunum."Endurtaka" (redo) er aðeins virkt eftir að "afturkalla" (undo) hefur verið notað.

*Ath: Ekki er hægt að afturkalla allar aðgerðir. Hnapparnir verða grálitaðir ef ekki er hægt að nota þá.*



*Afturkalla*



*Endurtaka*

## Röð mynstra í saumaskap (Design Stitch Out Order)

Þegar verið er að vinna við mynsturröð sem samanstendur af nokkrum mynstrum eða saumum getur verið gott að vita í hvaða röð mynstrin verða saumuð. Veljið mynstur til að sjá hvaða saumanúmer það hefur í röðinni. 3(4) t.d. þýðir að viðkomandi mynstur er númer 3 í röðinni af 4 mynstrum.



# Heildar sporafjöldi í mynsturröð (Total Number of Stitches in Design Combination)

Þið getið séð heildar sporafjöldann í mynsturröðinni við hliðina á blóminu í útsaums-”undirbúningi” (edit).




# Vista mynstur (Save Design)

Til að vista skrá, snertið þið vistunarhnappinn og þá kemur fram sprettigluggi á skjáinn. Í honum getið þið valið að vista skrána í *mySewnet*™ möppu í skýinu eða á USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða stafróf eru sýnd á skjánum. Gefið skránni ykkar nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK hnappinn til að staðfesta.

Ef þið viljið vista í möppu, snertið þið einfaldlega og haldið við möppuna til að opna hana, gefið skránni ykkar nafn með lyklaborðinu og snertið OK í sprettigluggann til staðfestingar. Til að búa til nýja möppu ýtið þið einfaldlega á hnappinn “búa til nýja möppu” (create new folder), gefið möppunni nafn með lyklaborðinu og snertið OK. Snertið síðan og haldið við möppuna til að opna hana og vista skrána í þessari nýju möppu.

Snertið hnappinn fyrir skoðun á listum og smámyndum til að skipta á milli og skoða skrár í listanum og smámyndatáknin. Í listanum er hver skrá sýnd með sínu skráarnafni og skráargerð. Í smámyndaskoðun eru skrárnar sýndar með skráarnafni og smámynd af skránni.

Til að hætta við vistunarferlið, lokið þið sprettigluggannum með því að snerta “hætta við” (cancel). Sprettiglugginn lokast og þið farið aftur í útsaums aðgerð.

Lesið meira um skipulagningu á vistuðum skrám í “skráarstjórn” (file manager).



*Vistunarhnappur í útsaums undirbúningi*




1. Valflötur
2. Skráarnafn
3. Hætta
4. Staðfesta
5. Búa til nýja möppu
6. Skipta á milli lista og smámynda skoðunar
7. Vista á USB tæki
8. Vista á *mySewnet*™ möppu í skýinu

## “Smart” vistun (Smart Save)

Ef þið viljið hætta að sauma og halda svo áfram seinna, getið þið vistað sauminn eða mynstrið og alla stillingar með því snerta hnappinn fyrir “smart vistun” (smart save). Sprettigluggi gefur til kynna að “smart vistun” hafi verið framkvæmd og þið getið því slökkt á vélinni.

“Smart vistun” man og geymir sauminn, skrautsaumana, mynstrið og stillingar eins og þær voru þegar “smart vistunin” var síðast framkvæmd. Með því getið þið slökkt á vélinni og haldið áfram seinna. Til að hlaða inn “smart vistun” snertið þið “hlaða inn smart vistun” (load smart save) hnappinn í *JoyOS advisor*™ aðgerð.

“Smart” vistunin verður vistuð þar til þið snertið “smart vistunar” hnappinn á ný og vistið annað mynstur þar.





***JoyOS advisor*™ *aðgerðar hnappur***



*Hnappur fyrir “smart vistun”*

## Halda áfram (GO)

Til að fara í útsaums saumaaðgerð snertið þið GO í lægra hægra horninu í útsaums undirbúnings glugganum. Þegar þið snertið GO til að fara í útsaums saumaaðgerð, kemur upp gluggi “velkomin í útsaums saumaskap” (welcome to embroidery stitch out). Í þessum glugga kemur yfirlit yfir núverandi útsaumsstillingar sem þið getið farið yfir áður en þið byrjið að sauma. Farið yfir stillingarnar áður en þið haldið áfram.




## Undirbúa mynstur eða texta sem eru fyrir hendi (Edit an Existing Design or Text)

Þegar þið hafið hannað mynstur þ.e.a.s. lögun, applíkeringu eða texta, þá verður hnappurinn “undirbúa mynstrið” (edit design) virkur. Ef þið viljið yfirfara eða breyta mynstrinu, veljið þið mynstrið og snertið hnappinn “undirbúa mynstur” (edit design). Allt eftir gerð mynstursins munu þið fara í mismunandi glugga . T.d. ef þið veljið “lagað eða formað” (shaped design) farið þið inn í viðeigandi glugga með innhlöðnu mynstri þar sem þið getið breytt þvi.

*Ráð: “Undirbúnings aðgerðin” (Edit function) er einnig að finna í “smart kistunni” (smart toolbox).*



### Undirbúa hnappagat

Ef hnappagat er valið og þið snertið hnappinn fyrir “undirbúning” (edit), kemur upp sprettigluggi á skjáinn. Í honum getið þið breitt sporbreiddinni, tölustærðinni og sporþéttleikanum. Snertið “valstikuna” (alternative switch bar) til að skipta yfir á sporþéttleika. Snertið OK í sprettigugganum til að staðfesta breytingarnar sem framkvæmdar voru í sprettigluganum.




1. Sporbeidd
2. Tölustærð/sporþéttleiki

# Undirbúa tvinnaliti (Thread Color Edit)

Snertið hnappinn fyrir “undirbúa tvinnalit” (thread color edit) til að skoða lista með tvinnalitum í völdu mynstri.

*Ath: Aðeins þær litablokkir sem eru í völdu mynstri verða sýndar í tvinnalistanum.*

## Skipta um tvinnalit

Þið getið breytt litunum í mynstrinu. Hverri litablokk er lýst í tvinnalits listanum. Snertið þá litablokk í listanum sem þið viljið breyta. Snertið hnappinn fyrir “skiptingu á tvinnalit” (thread color change) til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið nýja tvinnalitinn.

Snertið litahjólið til að velja nýja litinn eða snertið gráu kvarðareinina. Þegar þið veljið lit frá litahjólinu, kemur einnig upp “birturein” (lightness bar) , þar sem þið getið stillt styrkleikann í litnum.

## Skipta um fleiri en eina litablokk

Til að skipta um tvinnalit í fleiri en einni litablokk í einu, veljið þið “fjölvalshnappinn” (multi-select button),og snertið síðan litablokkirnar til að velja þær sem þið viljið skipta um liti í.

Snertið hnappinn “velja allar” (select all) til að breyta litum í öllum litablokkunum í einu. Hnappurinn fyrir “fjölval” (multi-select) verður sjálfkrafa valinn.

Notið hnappinn “velja alla jafnt” (select equal) til að breyta öllum litablokkunum í einu. Snertið þá litablokk sem þið viljið breyta, og snertið síðan hnappinn “velja alla jafnt” (select equal) til að velja allar litablokkir sem eru eins í listanum. Hnappurinn fyrir “fjölvalið” (multi-select) verður sjálfkrafa valinn. Ef tvær eða fleiri litablokkir verða valdar þá mun “velja alla jafnt” (select equal) velja allar litablokkir sem eru eins fyrir alla valda liti.

## Skjámynd af völdum og ekki völdum litablokkum

Valdar litablokkir eru sýndar með litunum í þeim á skjánum. Litablokkir sem ekki eru valdar verða sýndar gráleitar á útsaumsfletinum á skjánum til að auðvelda ykkur að sjá hvaða litablokkum í mynstrinu verður breytt.




1. Velja alla jafnt
2. Velja allar
3. Fjölval
4. Skipta um tvinnalit
5. Undirbúa tvinnalit




*Sprettigluggi fyrir skiptingu á tvinnalit*

# Forrita útsaumstexta (Program Embroidery Text)

Til að búa til textamynstur snertið þið “leturgerða valmyndina” (font menu) og veljið útsaums leturgerð á valfletinum. Notið lyklaborðið til að skrifa textann og snertið svo OK þegar það er búið til að setja textann inn á útsaumsflötinn.

Þegar þið veljið útsaums leturgerð þá opnast forrit í útsaums textaglugganum sjálfkrafa. Ef þið viljið laga fyrirliggjandi texta til í útsaums “undirbúningi” (edit) þá veljið þið textamynstrið og snertið síðan hnappinn “undirbúa mynstur” (edit design). Þið getið einnig komist í “undirbúning” (edit) í gegn um “smart kistuna” (smart toolbox).

*Ath: Ef leturgerð er valin, þá mun “forrita” (program) verða opnað í staðinn ef þið snertið “edit” hnappinn.*




1. Textaflötur
2. Velja bil
3. Velja textalögun
4. Bendilsörvar
5. Eyða
6. Ákveðinn textaflötur
7. OK, fara til baka á útsaums undirbúning
8. Upplýsingar um valda leturgerð
9. Valflötur

## Búa til texta (Create a Text)

Notið lyklaborðið og snertið þá stafi sem þið viljið hafa í textanum. Textinn kemur á útsaumsflötinn og í textaflötinn fyrir ofan lyklaborðið.

Þið getið breytt leturgerðinni og stærðinni á öllum textanum með því að snerta aðra leturgerð í valmyndinni fyrir leturgerðirna. Textinn sem fyrir er breytist yfir í nýju leturgerðina og/eða leturstærðina á útsaumsfletinum.

## Bæta inn staf (Add a Letter)

Notið bendilsörvarnar til að færa bendilinn á þann stað þar sem þið viljið bæta staf inn í textann. Snertið stafinn og honum verður bætt inn á þeim stað sem bendillinn er. Þið getið einnig snert með fingrinum á textafletinum til að færa bendilinn til.

## Eyða staf (Delete a Letter)

Til að eyða staf, þá færið þið bendilinn á staðinn fyrir aftan þann staf sem á að eyða og snertið síðan hnappinn “eyða” (cancel). Ef þið viljið eyða öllum textanum, snertið þið og haldið við hnappinn. Stöfunum verður þá eytt einum og einum í einu en með auknum hraða.

## Textalögun (Text Shaping)

Þið getið haft lögun textans á ýmsan hátt með tilheyrandi aðgerðum.

## Velja textalögun

Snertið “velja textalögun” (select text shape) til að opna lista yfir mismunandi lögun á textalínum. Snertið þá textalínu og þá mun textinn á skjánum fylgja þeirri línulögun sem þið völduð. Litla svarta örin gefur til kynna þá átt sem textinn mun fara þegar þið þurfið að bæta inn staf við textann.

Til að breyta stærðinni á löguninni, snertið þið eitt af kvörðunar handföngunum í hornunum í mynstur valglugganum og dragið fingurinn á skjánum.



### Velja bil og jöfnun

Snertið hnappinn “velja bil og jöfnun” (select spacing) til að opna lista af möguleikum fyrir textann á línunni; jafnt bil, vinstri jöfnun, miðju jöfnun eða hægri jöfnun. Ef textanum er “jafnt skipt” (evenly spaced) þá mun honum verða jafnt dreift á línuna með jöfnu millibili á milli allra stafanna. Ef þið veljið vinstri jöfnun, þá byrjar textinn alltaf að hlaðast inn við vinstri jaðarinn. Miðju jöfnun mun setja textann I báðar áttir út frá miðri línunni.og ef þið veljið hægri jöfnun byrjar texinn að hlaðast inn hægra megin frá. Bilið á milli stafanna er hægt að auka eða minnka með “millibils sleðanum” (spacing slider), nema þar sem þið veljið “jafna skiptingu”.




### Ákveðin textavinkill

Snertið hnappinn “fastur stafahalli” (fixed letter angle) til að halla stöfum á fastri ákveðinni staðsetningu mynsturlínunnar. Afveljið til að halla stöfum eftir mynsturlínunni.



# Lögun mynsturs (Design Shaping)

Mynsturlögun (design shaping) er sérstök aðferð til að fara með sköpunargáfu ykkar á næsta þrep. Notið falleg saumaforrit eða útsaumsmynstur til að móta eitt af mörgum lögunum eða formum.

> *Ráð: Notið **JoyOS advisor™** aðgerðina til að staðsetja JoyOS advisor™ leiðbeingar fyrir mynsturlögun.*



*Hnappur fyrir mynsturlögun*

## Æfing fyrir mynsturlögun

1. Snertið hnappinn fyrir "mynsturlögun" (design shaping) í mynstur undirbúningi til að byrja á nýrri lögun.
2. Snertið "valmyndina fyrir lögun" (shape menu) og veljið eina af löguninni í listanum. Lögunarlína verður þá sýnd á skjánum. Litla svarta örin í forritinu gefur til kynna í hvaða átt mynstrið mun saumast þegar því verður bætt inn á línuna.
3. Bætið inn mynstrum eða saumum frá mynstur valmyndinni, saumavalmyndinni eða frá skrárstjórn. Snertið og haldið við mynstur eða saum í nokkrar sekúndur til að hlaða því inn og dragið það síðan á lögunarlínuna án þess að sleppa fingrinum af skjánum. Sleppið fingrinum þegar þið eruð búin að koma mynstrinu eða saumnum á línuna.
4. Til að breyta stærðinni á löguninni snertið þið eitt af kvörðunarhandföngunum í hornunum á mynsturfletinum og dragið fingurinn eftir skjánum. Til að snúa löguninni snertið þið og snúið snúningshandfanginu á skjánum. Snúningsaðgerðin verður sjálfkrafa valin.




1. Snúningshandföng
2. Kvörðunarhandföng
3. Lögunarlína
4. Velja línustaðsetningu
5. Velja bil og jöfnun
6. Eyða því síðasta/eyða öllu
7. Stilla fjölda mynstra
8. Endurtaka samsetninguna/ afrita síðasta mynstur
9. Ákveðið mynsturhorn
10. Velja hliðarstaðsetningu
11. Skráarstjórn
12. Valmynd fyrir mynstur
13. Valmynd fyrir sauma
14. Valmynd fyrir lögun

### Endurtaka samsetninguna og afrita síðasta mynstur

5. Bætið fleiri mynstrum við lögunina á tvo mismunandi vegu með aðgerðinni "endurtaka/afrita síðasta mynstur " (repeat/duplicate last design) aðgerðinni. Þegar sleðastillirinn er til hægri og þið snertið + hnappinn þá mun vélin bæta mynstrum við í sömu röð og þau sem eru innhlaðin. Þegar sleðastillirinn er til til vinstri og þið snertið + hnappinn mun vélin afrita og bæta síðasta mynstri sem er í röðinni við á lögunina. Snertið í töluflötinn fyrir ofan + og — hnappana til að opna lyklaborð til að stimpla inn fjölda mynstranna.
6. Snertið OK í mynstur glugganum til að hlaða mynstrunum öllum inn á útsaums undirbúnings flötinn.



*Endurtaka samsetninguna*



*Afrita síðasta mynstur*

### Undirbúa eða breyta fyrirliggjandi lögun

- Ef þið viljið gera breytingar á þegar hannaðri mynsturlögun í "mynstur undirbúningi" (edit), veljið þið það mynstur og snertið síðan hnappinn "breyta/udirbúa" (edit) í útsaums undirbúningi. Þá farið þið aftur í gluggann fyrir mynsturlögun.

*Ráð: Þið getið einnig komist í "edit" með því að opna "smart kistuna" (smart toolbox). Snertið og haldið við mynstrið til að opna "smart kistuna".*




## Velja bil og jöfnun (Select Spacing)

Snertið hnappinn til að "velja bil og jöfnun" (select spacing) til að opna lista með valkostum fyrir bil og jöfnun á lögunarlínunni, þ.e.a.s. jafnt bil, vinstri jöfnun, miðju jöfnun eða hægri jöfnun. Jafnt bil er sjálfgefinn valkostur og mun setja mynstrin jafnt á alla lögunarlínuna með jöfnu millibili á milli mynstranna. Ef þið viljið vinstri jöfnun munu mynstrin öll byrja vinstra megin frá, í miðju jöfnu verða þau sett jafnt út frá miðjunni og í hægri jöfnun koma þau út frá hægri hliðinni. Hægt er að auka eða minnka bilið á milli mynstrannna með millibils sleðanum, nema þar sem jafnt bil er valið.



## Velja staðsetningu a línunni (Select Line Positioning)

Snertið hnappinn fyrir “staðsetningu á línunni” (line positioning) til að opna sprettiglugga með lista af valkostum þar sem þið getið staðsett mynstrið lárétt, hlutfallslega við lögunarlínuna: fyrir ofan, miðjusett eða fyrir neðan.




## Velja hliðarstaðsetningu (Select Side Positioning)

Snertið hnappinn fyrir “hliðarstaðsetningu” (side positioning) til að opna sprettiglugga með lista af valkostum um hvernig mynstrinu verður snúið á línunni: enginn snúningur, snúa um 90 gráður réttsælis, snúa um 180 gráður eða snúa um 90 gráður rangsælis.




## Ákveðinn mynsturskái (Fixed Design Angle)

Snertið “velja mynsturskáann” (select design angle) til að öll mynstrin flútti við á ákveðinn, lóðréttan snúning á línunni. Afveljið til að halda núverandi skáa á línunni.



## Ákveða fjölda mynstra (Set Number of Designs)

Ef þið viljið setja ákveðinn fjölda af mynstrum á línuna, snertið þið númeraflötinn fyrir ofan + og — hnappana til að opna lyklaborð. Þar getið þið stimplað inn þann fjölda mynstra sem þið viljið hafa og ýtt síðan á OK til að loka glugganum.



# Mynstur applíkering (Design Appliqué)

Hannið skrautlega applíkeringu með. aplíkeringar aðgerðinni. Snertið hnappinn fyrir “mynstur applikeringar” (design appliqué) í útsaums undirbúningi til að byrja á nýju applíkeringarmynstri.

> *Ráð: Við ráðleggjum að nota **JoyOS advisor™** aðgerðina sem innihalda leiðbeiningar um hvernig eigi að hanna applíkeringar.*



*Hnappur fyrir mynstur applíkeringar*

Þegar þið hannið applíkeringar mynstur þá er hægt að velja á milli þriggja skrautsauma með tveimur mismunandi breiddum til að sauma yfir jaðarinn á applíkeringunni.

- Flatsaumur (mjór eða breiður) — mjór eða breiður flatsaumur mun hylja jaðarinn á applíkeringunni.
- Fjaðra flatsaumur (mjór eða breiður) – mjór eða breiður fjaðra flatsaumur mun hylja jaðarinn á applíkeringunni.
- Kertakveiks saumur (mjór eða breiður) –mjór eða breiður kertakveikssaumur mun hylja jaðarinn á applíkeringunni.

Skrautsaumarnir munu hylja gófan jaðarinn á applíkeringunni.

## Æfing fyrir mynstur applíkeringu




1. Valmynd fyrir lögun
2. Snúningshandfang
3. Handföng fyrir kvörðun

1. Snertið hnappinn fyrir mynstur applíkeringu í útsaums undirbúningi (edit) til að byrja á nýrri applíkeringu. Hægra megin í valmyndinni fyrir lögun finnið þið alls konar og mismunandi myndir, stafi og tölustafi til að velja úr fyrir applíkeringuna. Snertið einhverja lögun til að hlaða henni inn.
2. Snertið skrautsaum til að setja hann á línuna.
3. Til að breyta um stærðina á applíkeringunni,snertið þið eitt af kvörðunar handföngunum í hornunum á mynsturrammanum og færið fingurinn til á skjánum. Við það verður "snerti aðgerðarkvarðinn" (touch function scale) sjálfkrafa valinn. Til að snúa löguninni snertið þið "súnings handfangið" (rotate handle) á skjánum. Þá verður snúnings aðgerðin sjálfkrafa valin.
4. Snertið OK til að staðfesta mynstur applíkeringuna og hlaða henni inn á útsaums undirbúnings gluggann. Snertið GO til að fara í útsaums saumaskap.

## Saumaskapur

5. Fyrsta litablokkin mun aðeins sauma beint spor sem útlínu á grunn efnið til að sýna hvar applíkeringin á að koma.
6. Leggið nú applíkeringarefnið yfir útlínusporin á grunnefninu og fullvissið ykkur um að það hylji allar útlínurnar.
7. Næsta litablokk saumar aftur beint spor til að festa applíkeringarefnið við grunnefnið.
8. Klippið nú umfram applíkeringarefnið frá eins nálægt beinu sporunum og hægt er
9. Sporin í þriðju litablokkinni munu svo hylja grófa jaðarinn á applíkeringarefninu.

4. Kertakveiks saumur (mjór)
5. Fjaðra flatsaumur (mjór)
6. Flatsaumur (mjór)
7. Flatsaumur (breiður)
8. Fjaðra flatsaumur (breiður)
9. Kertakveiks saumur (breiður)
10. OK, fara til baka í útsaums undirbúning
11. Valflötur

# Sprettiglúggar í útsaums undirbúningi (Embroidery Edit Pop-up Messages)

### Þið eruð komin fram yfir hámarks sporafjölda

Mynsturröðin sem þið eruð að reyna að búa til er með of mörg spor. Ein mynsturröð getur að hámarki innihaldið um það bil 500.000 spor.




### Útsaumurinn er of flókinn (Embroidery Combination is too Complex)

Þessi sprettigluggi kemur fram af einni af eftirtalinni ástæðu:

- Mynsturröðin er með of margar litablokkir.
- Það eru of mörg mynstur í röðinni.
- Eitt eða fleiri mynstur hafa verið sett saman of oft.



# 9 Útsaums saumaskapur (Embroidery Stitch Out)

# Útsaums saumaskapur — yfirlit (Embroidery Stitch Out – Overview)

Til að sauma mystrið eða mynstrin farið þið í “útsaums saumaskap” (embroidery stitch out) með því að snerta GO hnappinn í útsaums undirbúningi. Áður en þið farið í útsaums saumaskap sjáið þið gluggann “velkomin í útsaums saumaskap” (welcome to embroidery stitch out) og þar er mynstrið ykkar og stillingar á því.. Farið yfir stillingarnar, framkvæmið breytingar ef þörf er á þeim og snertið síðan “halda áfram” (continue) til að fara í útsaums saumaskap. Til þess þarf útsaumstækið að vera tengt við vélina til að hægt verði að sauma. Setjið réttan ramma í tækið.




1. Útsaumsflötur
2. Valmynd fyrir litablokkir
3. Súmm sleði
4. Súmm valkostir
5. Valinn rammi
6. Valkostir um rammastaðsetningu
7. Staðsetning mynsturs
8. Tvinnaskömmtun eða tvinnaspenna
9. “Smart” vistun
10. Hornaprófun
11. *JoyOS advisor*™ verkefna skoðari
12. Tvinnalits kefli
13. Til baka í útsaums undirbúning
14. Fara spor fyrir spor / Fara á spor
15. Fjöldi spora í núverandi litablokk
16. Heildarfjöldi spora í mynsturröðinni
17. Valinn útsaumsfótur
18. Einn litur
19. Sameina litablokk
20. Flokka litablokkir
21. Valkostir þræðinga
22. Litablokk
23. Minnka / stækka lista yfir litablokkir

# Velkomin í útsaums saumaskap (Welcome to Embroidery Stitch Out)

Áður en þið farið í útsaums saumaskaps aðgerðina, kemur upp gluggi sem býður ykkur velkomin í saumaskapinn. Í þessum glugga sjáið þið yfirlit yfir þær stillingar sem eru í þessu mynstri. Farið yfir stillingarnar og hvort þær séu allar réttar.

Snertið " halda áfram" (continue) í neðra hægra horninu til að halda áfram með útsaums saumaskapinn. Snertið "til baka" (return) til að fara til baka í útsaums undirbúning.




## Stingplatan

Við mælum yfirleitt með "stingplötunni með kringlótta gatinu" Straight Stitch Plate til að ná sem bestum árangri í útsaumi. DESIGNER EPIC™ vélin skynjar hvaða stingplata er í vélinni. Ef stingplatan sem sýnd er — er ekki sú sem þið ætluðuð að nota. skiptið þá um stingplötu. Hvernig á að skipta um stingplötu getið þið lesið um í "skipt um stingplötu" (change to the Straight Stitch Plate).

## Valinn rammi

Núverandi valinn rammi er einnig sýndur í glugganum. Ef þið viljið skipta um ramma snertið þið "til baka" (return) í útsaums undirbúningi. Þar getið þið skipt um ramma í "rammavali" (hoop selection). Vélin skynjar hvaða rammi er á útsaumstækinu.

## Flokka litablokkir

Forstillið mynstrið ykkar með einhverjum af þremur valkostum fyrir litina: "Flokka litablokkir" (sort), "Sameina litablokkir (merge) eða þá "allt í einum lit" (monochrome). Þið getið einnig valið þetta í útsaums saumaskap. Lesið meira um þetta í color block sort, color block merge eða monochrome.

*Ath: Þið getið valið hvort þið veljið flokka eða sameina litablokkir.*

## Valkostir um þræðingu

Veljið "þræðingu" (basting) til að bæta þræðispori sem mun þræða og festa efnið við undirleggsefnið. Þið getið valið um að "þræða í kring um mynstrið" (baste around design) eða þræða innan rammans (baste around hoop) eða hvorutveggja. Þræðingu er einnig hægt að gera virka í útsaums saumaskap. Lesið meira um þetta í "þræði valkostum" (basting options).

## Valinn útsaumsfótur

Veljið hvaða útsaumsfót þið ætlið að nota við útsauminn. Við mælum eindregið með að þið notið Q fótinn með nemanum og *deLuxe*™ saumakerfið til að ná sem bestum árangri. Hvorn fótinn sem þið nú veljið í "bráðabirgða útsaums stillingunum" (temporary embroidery settings) þá verður hann sýndur í þessum glugga. Þið getið breytt um fótgerðina í glugganum og þá breytist hann einnig í stillingunum.

## *deLuxe*™ Stitch System (deLuxe saumakerfið)

Allt eftir því hvaða fót þið hafið valið í “bráðabirgða útsaums stillingunum” (temporary embroidery settings) þá verður *deLuxe*™ saumakerfið gerð virkt eða óvirkt. Við mælum eindregið með að sauma út með *deLuxe*™ saumakerfinu og Q fætinum með nemanum. Lesið meira hér um *deLuxe*™ saumakerfið .

## Valkostir um tvinnaklippingu

Allar þær stillingar yfir valkosti um tvinnaklippingar sem framkvæamdar eru í “bráðabirgða útsaums stillingunum” (temporary embroidery settings) verða sýndar í glugganum. Þið getið einnig breytt valkostunum um tvinnaklippingar í þessum glugga.

## Snúanlegur rammi — Turnable Hoop – Side Sort ATHUGA ATHUGA ATHUGA

Þessi valkostur er eingöngu sýnilegur ef þið hafið valið DESIGNER™ “Majestic” rammann 360x350 í listanum fyrir rammavalið í útsaums undirbúningi. Ef þið viljið sauma öll mystrin í annarri hliðinni á DESIGNER™ “Majestic” rammanum áður en þið snúið rammanum, veljið þið valkostinn “hliðarval” (side sort) áður en þið snertið “halda áfram” (continue).

# Listi yfir litablokkir (Color Block List)

Allir litir í innhlöðnu mynstri verða sýndir og í þeirri röð sem þeir verða saumaðir. Hver upplistaður litur sýnir númer mynstursins og röðina á litablokk. Einnig eru framleiðendur tvinnans gefnir upp, grófleiki tvinnans og litanúmer. Stærðin á hverri litablokk gefur vísbendingu um hversu mörg spor eru í litablokkinni.

Sveiflið niður á við til að skruna í listanum yfir litablokkirnar til að skoða allar litablokkirnar. Sömu upplýsingar eru svo sýndar fyrir þá litablokk sem er í notkun í “tvinnalits kefli” (thread color spools) á skjánum. Til að fara yfir á aðra litablokk, snertið þið litablokk á listanum yfir litablokkirnar, eða sveiflið með fingrinum yfir tvinnalitskeflið til að gera næstu eða fyrrverandi litablokk á listanum virka.

Dæmi: 1:2 RaRa 40 2254, þýðir að annar liturinn í litablokkinni í fyrsta mynstrinu sem á að sauma sé frá Robison-Anton og sé Rayon í grófleika 40 og litanúmerið sé 2254.

Ef þið viljið minnka listann yfir litablokkirnar, snertið þið hnappinn “minnka/stækka” (minimize/expand) í efra vinstra horninu eða snertið valmyndina fyrir litablokkirnar.




# Súmma (Zoom)

Súmmið að með því að snerta með tveimur fingrum samtímis á skjáinn og draga þá síðan í sundur án þess að sleppa þeim af skjánum. Eins farið þið að þegar þið viljið súmma frá — þá setjið þið einnig tvo fingur á skjáinn en hafið bil á milli þeirra og súmmið síðan frá með því að minnka millibilið á milli fingranna.



Annar valkostur er að nota súmm sleðann til að súmma að og frá á útsaumsfletinum. Færið sleðann til hægri til að súmma að og til vinstri til að súmma frá. Hægra meginn við sleðann sjáið þið svo hvað þið hafið súmmað mikið.




## Súmm valkostir (Zoom Options)

Snertið súmm valkostina til að opna sprettiglugga þar sem þið getið valið á milli þes að súmma öll mynstrin að (zoom to all) eða að súmma rammaflötinn að (zoom to hoop). Súmma öll mynstrin að sýnir öll mynstrin í útsaumsröðinni. Súmma rammaflötinn mun sýna allan rammaflötinn á skjánum.




1. Súmma öll mynstrin að
2. Súmma ramaflötinn að

# Hornaprófun (Corner Check)

Noktið hornaprófun til að kanna fjögur hornin á mynstrinu og sjá hvar mynstrið verður á efninu.

Í hvert sinn sem þið snertið hnappinn fyrir hornaprófun fer ramminn í þessar stöður og þessari röð: efra vinstra, efra hægra, neðra hægra, neðra vinstra og fer svo í núverandi mynsturstöðu.



## Valkostir um rammastaðsetningu (Hoop Position Options)

Notið valkostinn “rammastaðsetningu” (hoop position) til að færa rammaarminn í mismunandi stöður.




### Núverandi staða spors (Current Stitch Position)

Þegar þið viljið fara aftur í “núverandi stöðu spors” (current stitch position) og halda áfram að sauma út eftir að þið hafið breytt rammastöðunni, snertið þið “núverandi stöðu spors”. Þið getið einnig ýtt á start/stop hnappinn einu snni til að fara aftur á núverandi spor og halda áfram með útsauminn.

### Geymslustaða (Park Position)

Notið “geymslustöðu” (park position) þegar þið viljið færa útsaumsarminn til hliðar eða þegar þið ætlið að ganga frá útsaumstækinu til geymslu.

*Ath: Venjulega er útsaumstækið í geymslustöðu þegar þið eruð í útsaums udirbúningi (edit) eða sauma aðgerð (mode)*

### Klippistaða (Trim Position)

“Klippistaða” (Trim position) færir rammann í áttina að ykkur, sem gerir ykkur auðveldara að klippa enda og/eða efnið í sérstakri saumatækni.

*Ráð: Þið getið einnig notað hnappinn nálin upp/ nálin niður sem flýtiaðgerð til að færa rammann í klippistöðu.*

### Miðjustilla / fjarlægja rammastöðu (Center/ Remove Hoop Position)

Þegar þið þurfið e.t.v. að fjarlægja rammann t.d. þegar þið þurfið að skipta um spólu, snertið þið “miðjustilla/fjarlægja rammastöðu” (center/remove hoop position). Sú staða sýnir einnig miðstöðuna á rammanum..

*Ráð: Þið getið einnig notað hnappinn “byrja á saumi á ný” (stitch re-start ) á vélinni sem flýtiaðgerð til að færa rammann miðjustöðuna.*

# Staðsetning mynsturs (Design Positioning)

Notið aðgerðina “staðsetning mynsturs” (design positioning) til að staðsetja mynstrið nákvæmlega á réttan stað án þess að þurfa að spenna efnið í ramma á ný. Það getur einnig komið sér vel þegar þið viljið sauma mynstur á einhvern nákvæman punkt á verkefninu eða nálægt einhverju öðru mynstri.

*Ráð: Notið **JoyOS advisor™** aðgerðina til að nálgast leiðbeiningar um staðsetningu mynsturs.*



Snertið hnappinn “staðsetning mynsturs” (design positioning) til að opna fyrir staðsetningargluggann.

Til að færa mynstrið í rammanum án þess að velja einhvern ákveðinn læsipunkt , snertið þið og færið mynstrið þar til þið eruð ánægð með staðsetninguna. Þið getið einnig opnað “kistuna” (toolbox) og snert hnappinn “setja bendilsoddinn í miðju” (set cursor point center) til að finna miðju mynstursins á fljótlegan hátt og færa mynstrið í miðju rammans ef þið viljið.




Til að staðsetja mynstrið með læsipunkti á mynstrinu sem samsvarar ákveðinni staðsetningu á efninu eða áður saumuðu mynstri, farið þið í gegn um þrep 1 og 2 í “álfur fyrir mynsturstaðsetningu” (design positioning wizard).

Til að staðsetja og snúa mynstrinu með læsipunkti og samstæðum punkti á efninu eða áður saumuðu mynstri farið þið í gegn um þrep 1–4 í “álfi fyrir mynsturstaðsetningu”(design positioning wizard).

Snertið OK þegar þið eruð ánægð með staðsetningu mynstursins eða snertið “hætta við” (cancel) til að loka staðsetningar aðgerðinni án þess að vista nokkrar breytingar.

*Ráð: Ef þið viljið aðeins færa mynstrið til í rammanum, opnið þið “mynstur staðsetningu” (design positioning) og færið mynstrið með fingri á skjánum eða notið stjórnhjólið.*

Súmmið útsaumsflötinn að til að vera fullviss um að staðsetningin sé nákvæmlega þar sem þið vilduð hafa hana og gerið það með því að snerta hnappinn “súmma að bendli” (zoom to cursor). Þið getið einnig notað “þétta/strekkja”

(pinch/stretch). aðgerðina eða notað súmm sleðann til að súmma að og frá. Þið getið séð hvað þið súmmið mikið á fletinum hægra megin við súmm sleðann.

# Álfur fyrir mynsturstaðsetningu (Design Positioning Wizard)

## 1. Velja læsipunkt á skjánum

Snertið númer 1 til að velja læsipunkt. Færið bláa bendilinn með fingrinum á þann punkt í mynstrinu á skjánum sem þið viljið að samsvari punkti á efninu eða áður saumuðu mynstri.. Fínstillið þetta með örvunum á stjórnhjólinu. Ef þið viljið setja læsipunktinn við horn eða miðju mynstursins, opnið þið “kistuna” (toolbox) og notið hnappana “stilla bendilspunkta” (set cursor point). Snertið hnappinn fyrir súmm valkostina og notið “súmma að bendli” (zoom to cursor) hámarka súmmið og “skimið” (pan) útsaumsflötinn til að finna nákvæma staðsetningu fyrir bendilinn.




## 2. Færa læsipunkt á efninu

Snertið númer 2. Blái bendillinn læsist nú við mynstrið. Hann breytist nú úr bláum lit í svartan og með hring í kring um miðjuna á læsipunktinum. Snertið og færið mynstrið með fingri á skjánum til að staðsetja það nákvæmlega á þann stað sem þið viljið hafa það á efninu eða við áður saumað mynstur. Notið örvarnar á stjórnhjólinu til að fínstilla. Staðsetning nálarinnar sýnir ykkur svo hvar læsipunkturkinn verður á efninu í rammanum.

*Ath: Ef þið eruð ánægð með staðsetninguna á mynstrinu, snertið þið OK til að loka mynstur staðsetningunni. Ef þið þurfið einnig að stilla halla eða vinkil mynstursins haldið þið áfram með þrep 3.*




## 3. Setja samstæðupunkt á skjáinn

Snertið númer 3 til að velja annan samstæðupunkt á mynstrið sem samsvarar annarri staðsetningu fyrir mynstrið á efninu eða áður saumuðu mynstri.

Snertið og færið blá bendilinn á skjánum og á þann stað þar sem þið viljið setja þennan samstæðupunkt. Fínstillið með örvunum á stjórnhjólinu. Notið hnappinn “súmma að bendli” (zoom to cursor) til að hámarka súmmið og skima um útsaumsflötinn eftir nákvæmri staðsetningu bendilsins.



### 4. Snúa mynstrinu á efninu

Snertið númer 4. Snertiaðgerðin “snúa” (rotate) verður sjálfkrafa valin. Snertið og færið með því að nota fingur á skjánum, eða notið örvarnar á stjórnhjólinu til að snúa mynstrinu þar til nálin er nákvæmlega á þeim stað sem þið viljið hafa hana á efninu eða áður saumuðu mynstri. Snertið OK til að loka mynstur staðsetningunni.




## Súmma að bendli (Zoom to Cursor)

Snertið hnappinn “súmm valkostir” (zoom options) og finnið “súmma að bendli” (zoom to cursor). Þegar þið notið “súmma að bendli” fáið þið stærri og betri mynd af bendlinum og getið “skimað” (pan) nákvæmar um útsaumsflötinn og fáið bendil staðsetninguna einnig í miðjuna á skjánum.



## Stilla bendilsoddinn (Set Cursor Point)

Opnið “kistuna” (toolbox) og finnið hnappinn “stilla bendilsoddinn” (set cursor point). Færið bendilsoddinn í eitt af völdu hornunum eða í miðju mynstursins. “Stilla bendilsoddinn” er hægt að nota til að fara eftir mynsturfletinum með því að snerta einhvern af fjórum hornahnöppunum. Finnið miðju mynstursins með því að snerta miðjuhnappinn..



## *deLuxe*™ Stitch System deLuxe Saumakerfið

Stjórntækin í útsaums saumaskap breytst eftir því hvort *deLuxe*™ saumkerfið er virkt eða ekki í “bráðabirgða útsaums stillingunum” (temporary embroidery settings). Notið stjórntækin til að stilla jafnvægið á milli yfir og undirtvinna og sérstaklega þegar þið eruð að nota sérstakan tvinna eins og málmþráð. Lesið meira) um *deLuxe*™ saumakerfið í “bráðabirgða útsaums stillingum” (temporary embroidery settings.




*Tvinnaskömmtun*




*Tvinnaspenna*

# “Smart vistun” (Smart Save)

Ef þið viljið vista saumaskapinn þar á meðal innhlöðnum saum, innhlöðnu mynstri eða núverandi saumastillingum þá snertið þið hnappinn “smart vistun” (smart save). Sprettigluggi kemur upp og staðfestir að “smart” vistun hafi verið framkvæmd og þið getið því slökkt á vélinni eða byrjað á öðru *JoyOS advisor*™ verkefni. “Smart” vistun man og geymir mynstrið, sauminn og stillingarnar sem notaðar voru. Það þýðir að þið getið kallað þær fram seinna meir þegar þið viljið halda áfram með verkefnið.



Þið snertið svo “hlaða inn smart vistun” (load smart save) í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni til að kalla fram vistunina og halda áfram með hana.

*Ath: Þegar þið snertið “smart vistun” þá mun fyrri vistun verða eytt.*



***JoyOS advisor*™ *aðgerðar hnappur***



*Hnappur fyrir smart vistun*

# Sjálfvirk “smart” vistun (Auto Smart Save)

Þegar þið eruð að sauma út mun DESIGNER EPIC™ vélin stöðugt og sjálfkrafa vista það sem þið eruð að sauma. Ef t.d. rafmagn færi af á meðan þið eruð að sauma út, þá kæmi sprettigluggi á skjáinn þegar rafmagn kemur á á ný. Í þeim glugga getið þið valið að fara aftur í útsaums saumaskap og í mynstrið sem þið voruð að sauma. Útsaumurinn byrjar þá svo til á sama stað og þið voruð þegar rafmagnið fór af.

*Ráð: Áður en þið byrjið að sauma á ný er gott að bakka um nokkur spor með því að nota “fara spor fyrir spor” (step stitch-by-stitch) aðgerðina til að fullvissa ykkur um að ekkert bil verði á milli í útsaumnum.*

# Tvinnalits kefli (Thread Color Spools)

Allir litir í innhlöðnu mynstri eða mynstrum eru sýndir og í þeirri röð sem þeir verða notaðir. Fyrir neðan núverandi tvinnalit eru upplýsingar um númer mynstursins og litaröðina í því. Einnig eru upplýsingar um tvinnaframleiðandann, grófleika tvinnans og litanúmer. Sveiflið frá vinstri til hægri á tvinnalitina til að gera næstu litablokk virka í listanum “color block list”.




Á meðan þið saumið mun litatónninn á virkum tvinnalit fölna sem gefur til kynna hvað mikið sé eftir að sauma í þessari litablokk.

Dæmi: 1:2 RaRa 40 2254, þýðir annar liturinn í fyrsta mynstrinu sem verið er að sauma er frá Robinson-Anton tvinnaframleiðandanum og er Rayon nr. 40 og litanúmerið er 2254.

## Fara aftur í útsaums undirbúning (Return to Embroidery Edit)

Snertið hnappinn til að fara til baka (return) til að fara til baka í útsaums undirbúning þar sem þið getið breytt stillingum í mynstrinu.



## Fara spor fyrir spor / fara á spor (Step Stitch-by-Stitch/Go to Stitch)

Snertið + til að fara fram á við og - til að fara aftur á bak spor fyrir spor. Farið nokkur spor til baka þ.e.a.s. eftir að yfirtvinninn hefur slitnað eða klárast, til að fullvissa ykkur um að saumurinn þeki það svæði sem þetta skeði á. Snertið og haldið til að fara á meiri hraða í gegn um sporin. Bendillinn á skjánum mun elta sporin á útsaumsfletinum.



Til að fara á eitthvað ákveðið spor innan litablokkarinnar, snertið þið hnappinn “fara á spor” (go to stitch). Lyklaborð kemur upp þar sem þið getið skrifað númer á spori. Ef númerið er of hátt mun vélin færa sig á síðasta sporið í litablokkinni.



## Fjöldi spora í núverandi litablokk (Numbers of Stitches in Current Color Block)

Núverandi sporstaða í litablokkinni er sýnd við hliðina á tákninu fyrir litablokkina. Númerið innan hornklofans sýnir ykkur heildarfjölda spora í núverandi litablokk.




## Fjöldi spora í útsaumsröðinni (Number of Stitches in Embroidery Combination)

Núverandi sporstaða í útsaumsröðinni er sýnt við hliðana á blómatákninu. Númerin innan hornklofans sýna ykkur heildarfjölda spora í mynstrinu eða mynsturröðinni.



# Valkostir lita (Color Options)

Notið lita valkostina til að sauma mynstrin ykkar hraðar og auðveldar.



*Hnappur fyrir litaflokkun*



*Hnappur fyrir sameiningu lita*



*Hnappur fyrir einlitt*

## Litaflokkun (Color Block Sort)

“Litaflokkun” flokkar litina í mynstrinu á einstakan hátt þannig að vélin saumar alla fleti sem eru í sama lit hvern á fætur öðrum..

*Ath: Þið þurfið að flokka litablokkirnar áður en þið byrjið að sauma út. Þegar þið hafið byrjað að sauma mynstrið verður þessi hnappur gráleitur og þar með óvirkur.*

## Sameina litablokkir (Color Block Merge)

Gerið litaflokkun virka til að fækka stoppum á milli sömu lita í litablokkum.

*Ath: Útlitið á listunum fyrir litablokkir lítur samt alveg eins út.*

## Einn litur (Monochrome)

Snertið hnappinn til að virkja “eins lita” (monochrome) útsaum. Öll mynstrin verða sýnd í gráum lit og vélin stöðvast ekki til að skipta um tvinnaliti. Til að afvelja eins lita saum ýtið þið einfaldlega aftur á hnappinn.

*Ath: Ef “sjálfvirka tvinnaklippan” (automatic thread cutter) eða “sjálfvirka stökkspora klippi aðgerðin” (automatic jump stitch trim function) eru valdar í “bráðabirgða útsaums stillingunum” (<u>temporary embroidery settings</u>) verða stökksporin samt klippt á milli litablokkanna.*

*Ráð: Þið getið einnig snert <u>STOP aðgerðina</u> á vélinni sem flýtivísun til að gera eins lita saum virkan.*




1. Litaflokkun
2. Litaflokkun og sameining lita

# Valkostir fyrir þræðispor (Basting Options)

Þræðispor gerr ykkur t.d. kleift að þræða efnið við undirleggsefni sem hefur verið spennt í ramma. Það er sérstaklega hentugt þegar ekki er hægt að spenna viðkomandi efni sjálft í rammann. Þræðing kemur sér einnig vel þegar um teygjanleg efni er að ræða.

Snertið hnappinn “valkostir fyrir þræðingu” (basting options) til að opna sprettigluggann með valkostum fyrir útsaums þræðispor. Þessa valkosti er einnig hægt að stilla í glugganum “velkomin í útsaums saumaskap” (welcome to embroidery stitch out) áður en þið farið í útsaums saumaskap.

Snertið “þræða í kring um mynstrið” (baste around design) til að bæta þræðisporum í kring um mynstrið, og gera þar með útlínur í kring um flötinn þar sem mynstrið á að saumast.

Snertið “bæta þræðispori við ínnan rammasvæðis” (baste around hoop area) til að bæta þræðispori við þétt innan rammans.

Þið getið valið báða valkostina til að bæta við aukalegri styrkingu fyrir ákveðin efni eða saumatækni.

*Ath: Þegar þessir valkostir eru valdir þá verða eingöngu litablokkir fyrir þræðisporin sýnd í listanum yfir litablokkirnar. Þegar þræðingu er lokið mun listinn aftur sýna allar litablokkirnar fyrir mynstrið eða mynstrin.*

*Ráð: Snertið FIX aðgerðina til að gera hana virka þegar þið ætlið að þræða í kring um mynstur.*



*Hnappur fyrir valkosti þræðispora*




*Sprettigluggi með valkostum fyrir þræðingar*

# Sprettigluggar í úsaums saumaskp (Embroidery Stitch Out Pop-up Messages)

### Það þarf að kvarða útsaumsarminn (The Embroidery Arm Needs to Calibrate)

Þegar útsaumsáhaldið er sett á vélina, kemur sprettigluggi sem minnir ykkur á að taka rammann af tækinu, hreinsa svæðið í kring um vélina til að kvarða útsaumsarminn. Þið verðið einnig minnt á að setja viðeigandi útsaumsfót á vélina.

⚠ *Það er mjög áríðandi að fjarlægja útsaumsrammann, því annars gæti hann eða útsaumstækið skemmst við kvörðunina.*




### Setjið ramma á tækið (Attach Hoop)

Ef ramminn á tækinu er ekki sá sami og er valinn á skjánum, þá fer vélin ekki í gang. Þið verðið þá að skipta um ramma og setja þann sem er tekinn fram á skjánum á tækið, eða fara aftur í útsaums undirbúning (edit) og velja þann ramma sem er á tækinu.

Ramminn verður einnig að vera rétt settur á tækið til að vélin skynji hann. Rennið rammatenginu inn í rammahölduna framan frá þar til hún smellur á sinn stað.



### Undirtvinninn er að klárast (Bobbin Thread Low)

Þegar undirtvinninn er að verða búinn kemur sprettigluggi á skjáinn og lætur ykkur vita í tíma að undirtvinninn sé að klárast á spólunni og að þið þurfið fljótlega að skipta um spólu. Þetta gefur ykkur smátíma til að undirbúa hvenær heppilegast verði fyrir ykkur að skipta um spóluna.

Þið getið haldið áfram að sauma þar til undirtvinninn klárast alveg. Án þess að loka sprettiglugganum, snertið þið start/stop hnappinn, eða fótmótstöðuna til að halda áfram að sauma.

Snertið “hætta við” (cancel) til að halda áfram frá núverandi stöðu sporsins.

Snertið OK til að færa rammann í stöðuna “miðstaða/fjarlægja rammann” (center/remove hoop). Sprettigluggi með rammastaðsetningu opnast. Fjarlægið tómu spóluna og setjið nýja spólu í vélina. Snertið “núverandi staða” (current position) í sprettiglugganum og togið í lausa enda á yfirtvinnanum. Snertið start/stop hnappinn til að halda áfram að sauma út.




### Athugið yfirtvinnann (Check Upper Thread)

Vélin stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný frá byrjun, lokið sprettiglugganum, bakkið um nokkur spor með því að nota “spor fyrir spor aðgerðina” (step stitch-by-stitch control) til að fullvissa ykkur um að saumarnir tengist saman. Haldið síðan áfram að sauma.



### Skiptið um tvinna (Change Thread)

Þegar kemur að því að þurfa að skipta um lit á yfirtvinnanum stöðvast vélin. Skiptið um tvinnakefli og þræðið vélina. Ráðlagður tvinnalitur er sýndur í sprettiglugganum.




### Klippið og fjarlægið tvinnaendann (Cut and Remove the Thread Tail)

Eftir að hafa skipt um tvinna, saumar vélin nokkur spor og stöðvast síðan til að þið getið klippt tvinnaendann.

*Ath: Þegar aðgerðin "sjálfvirk tvinnaklipping og sjálfvirk klipping á stökksporum" (automatic thread cutter and automatic jump stitch trim) er virk í bráðabirgða útsaums stillingum, verður tvinninn klipptur sjálfkrafa og engin skilaboð um að klippa tvinnaenda verður sýnd. Fjarlægið bara tvinnaendana sem verða klipptir.*




### Útsaumurinn er fullsaumaður (Your Embroidery is Finished)

Sprettigluggi og hljóðmerki gefa til kynna að útsaumurinn er fullsaumaður. Þegar sprettigluggganum verður lokað verður mynstrið samt enn innhlaðið í útsaums saumaskap og þið gætuð þess vegna byrjað að sauma það mynstur á nýjan leik, með þeim stillingum sem voru á því.



### Sjalfvirk “Smart vistun” (Auto Smart Save)

Ef rafmagnið af einhverjum ástæðum fer af þá sjáið þið þennan sprettiglugga þegar rafmagnið kemur á aftur. Snertið OK í sprettiglugganum og haldið áfram með útsaums saumaskap. Það hleður mynstrinu inn og þið getið haldið áfram nokkurn veginn frá þeim stað sem þið voruð á þegar rafmagnið fór af.

*Ráð: Áður en þið byrjið á útsaumnum ráðleggjum við ykkur að fara til baka um nokkur spor með því að nota fara spor fyrir spor aðferðina til að fullvissa ykkur um að sporin tengist örugglega saman.*




### Skipta um nál (fyrir aukaáhöld) (Change Needle (Optional Accessory))

Forrit fyrir “klippivinnu” (Cutwork) og “feltvinnu” (felting) þarfnast aukalegra fylginála og áhalda. Við klippivinnumynstur þurfið þið HUSQVARNA VIKING® útsaums klippivinnu nálarsett (920268-096) og við feltvinnu þurfið þið HUSQVARNA VIKING® feltvinnu útsaumssett (920402-096).

Þegar vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur á skáinn, setjið þið viðeigandi aukalega nál í vélina og snertið síðan OK og ýtið á start/stop hnappinn til að halda áfram.

Klippivinnu mynstur eru merkt með tákni fyrir klippivinnunál og felt mynstur eru merkt mað tákni fyrir feltvinnunál í DESIGNER EPIC™ sýnishornabókinni..

*Ath: Klippivinnumynstur er einnig hægt að sauma án þess að nota klippivinnunál, en þá þurfið þið að klippa klippisvæðin handvirkt og þá ætti heldur ekki að nota listann yfir litablokkirnar.*




### Athugið! (Attention!)

Ef vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur upp þá getið þið ekki haldið áfram að sauma. Bíðið í nokkur augnablik og snertið OK þegar hún verður virk á ny. Athugið nálargrófleikann og yfirfarið þræðinguna á vélinni.



# 10 Forritun (Program)



# Forritun — yfirlit (Program – Overview)

Þið getið sameinað sauma og/eða stafi og tölustafi til að búa til saumaraðir. Sameinið hina ýmsu skrautsauma og stafi frá *mySewnet*™ möppunni í skýinu eða frá USB tæki.

Þið getið sameinað sauma allt upp í 500mm að lengd. Þið getið séð hversu löng saumaröðin er hjá ykkur efst í glugganum. Þið getið forritað bæði í sauma og í útsaums undirbúningi (edit).

*Ráð: Ef sauma aðgerð er virk og saumaröðin er tilbúin til að sauma hana, getið þið lokað forritunarglugganum með því að stíga á fótmótstöðuna eða ýta á "start/stop" hnappinn.*

*Ath: Ekki er hægt að forrita alla sauma. Sprettigluggi lætur ykkur vita ef þið reynið að setja slíka sauma inn í saumaröðina.*




1. Lengd á forriti
2. Fara á fyrra spor / fara á síðasta spor
3. Fara á næsta spor / fara á fyrsta spor
4. STOP skipun
5. FIX skipun
6. Skipun um tvinnaklippingu
7. Afrita
8. Eyða
9. Endaspeglun
10. Hliðarspeglun
11. Bendill
12. Sporlengd / sporþéttleiki
13. Sporbreidd / Sporstaðsetning
14. Vista
15. *JoyOS advisor*™ verkefna skoðari
16. Opna lyklaborð
17. Hætta forritun
18. OK ,fara til baka í sauma aðgerð
19. Skráarstjórn
20. Valmynd fyrir letur
21. Valmynd fyrir sauma
22. *JoyOS advisor*™ verkefna valmynd
23. Minnka / stækka valflöt

# Hanna nýtt forrit (Create New Program)

1. Til að hanna nýtt forrit, snertið þið forritunar hnappinn til að opna forritunar gluggann.




2. Snertið saumavalmyndina eða leturgerðavalmyndina til að velja saum eða leturgerð sem þið ætlið að nota.



*Sauma valmynd*



*Leturgerða valmynd*

3. Setjið inn sauma frá skrárstjórn eða sauma valmynd. Virk staða er sýnd með bendlinum og saumurinn eða stafurinn eru auðkenndir. Innsettir saumar eða stafir verða valdir og settir inn þar sem bendillinn er. Aðeins er hægt að breyta völdum saum. Þið getið fært bendilinn hvert sem er í saumaröðinni með því að nota örvarnar "fara á fyrra spor" eða "fara á næsta spor".

   *Ath: Bein lína við odda örvanna gefur til kynna hvort farið er á síðasta eða fyrsta spor.*



*Virk staða er auðkennd*



*Farið á fyrra spor / farið á næsta spor*

4. Þegar leturgerða valmyndin er valin opnast lyklaborðið sjálfkrafa og þið getið skrifað texta. Minnkið lyklaborðið með því að snerta efra hægra hornið til að komast að OK hnappnum.




5. Snertið OK hnappinn til að hlaða mynstrið inn í sauma aðgerð.
   Þið getið einnig hlaðið forritið með því að koma við fótmótstöðuna eða snerta <u>start/stop hnappinn</u> á vélinni.
   Snertið "hætta við" (cancel) til að afturkalla forritið og loka forritunarglugganum.



## Breyta hönnuðu forriti (To Edit a Created Program)

Ef þið viljið breyta þegar innhlöðnu forriti í sauma aðgerð, snertið þið hnappinn “breyta saumaforriti” (edit stitch program) og þá farið þið aftur inn í forritunar gluggann. Þið getið einnig snert og haldið við forritið til að opna “smart kistuna” (smart toolbox) til að komast að breytingar (edit) hnappnum. Gerið þær breytingar sem þið ætlið að gera og snertið síðan OK í forritunarglugganum til að hlaða röðinni inn í sauma aðgerð með þeim breytingum sem þið framkvæmduð. Snertið “hætta við” (cancel) hnappinn á ný til að afturkalla.




## Breyta sauma eða stafaforiti (Edit Stitch or Lettering Program)

### Setja inn saum eða staf



*Hnappur fyrir lyklaborð*

Færið bendilinn á þann stað þar em þið viljið bæta sauma eða staf inn í röðina.með því að nota hnappinn “fara á fyrra spor//fara á næsta spor” (step to previous / step to next stitch). Ef að “fara á fyrri” örin er með línu undir örinni þá farið þið með bendilinn á byrjunina. Ef að “fara á næsta” örin er með línu undir örinni þá farið þið með bendilinn á endann. Snertið viðeigandi saum í saumavalmyndina eða í skráarstjórn til að bæta honum inn þar sem bendillinn er staðsettur.

Snertið leturgerða valmyndina til að opna lyklaborð og snertið staf sem þið viljið setja inn þar sem bendillinn er. Breytið um leturgerð með því að snerta hana á valfletinum. Lokið lyklaborðinu í efra hægra horninu. Ef þið snertið sauma valmyndina eða skráarstjórn þá hverfur lyklaborðið sjálfkrafa af skjánum. Þið getið opnað lyklaborðið á ný með því að snerta hnappinn fyrir það eða með því að snerta leturgerða valmyndina.




1. Fara á fyrra spor / fara á síðasta spor
2. Fara á næsta spor / fara á fyrsta spor
3. Bendill
4. Afrita
5. Eyða
6. Endaspeglun
7. Hliðarspeglun

## Laga saum eða staf

Þið getið speglað, stillt lengdina, breiddina og staðsetninguna eða breytt þéttleikanum í völdum saum á sama hátt og þið getið breytt saumastillingunum í sauma aðgerð.

Snertið og haldið yfir forriti á skjánum til að opna “smart kistuna” (smart toolbox). “Smart kistan” gerir ykkur kleift að afrita, eyða eða spegla valinn saum í forritinu.

## Eyða saum eða staf

Ef þið viljið eyða saum, færið þið bendilinn á þann saum eða staf sem þið viljið eyða (viðkomandi valinn saumur eða stafur verður blár) og síðan snertið þið hnappinn til að “eyða” (delete) á skjánum í smart kistunni. Snertið og haldið við eyðingar hnappinn til að eyða öllu forritinu.

## Afrita saum eða staf

Til að afrita saum, færið þið bendilinn á sauminn eða stafinn sem þið viljið afrita (viðkomandi saumur eða stafur verður blár) og snertið síðan hnappinn “afrita” (duplicate) á skjánum eða í smart kistunni.

*Ath: Framkvæmið ykkar stillingar á saumnum áður en þið afritið hann og þessi afritaði saumur verður þá afritaður með þeim breytingum sem þið framkvæmið.*

Snertið og haldið til að nota lyklaborðið þar sem þið getið sett inn fjölda afrita af saumnum sem þið viljið bæta inn.

## Setja saum eða staf í stað annars

Til að setja saum eða staf í stað annars, notið þið skrunörvarnar til að velja sauminn eða stafinn sem á að henda út og ýtið á hnappinn “eyða” (delete). Setjið nýja sauminn eða stafinn síðan inn þar sem bendillinn er staðsettur.

## Stilla eða breyta öllu forritinu (Adjust the Entire Program)

Til að stilla eða breyta öllu forritinu, farið þið aftur í sauma aðgerð (sewing mode) með því að snerta OK hnappinn. Stillingar eða breytingar sem verða framkvæmdar hér hafa áhrif á allt forritið. Lesið nánar um hinar mismunandi sauma stillingar í sauma aðgerð en þær hafa áhrif á allt forritið.




## Skipanir í sauma forritum (Stitch Program Commands)

Þið getið sett inn FIX, STOP og skipanir um tvinnaklippingar í sauma forritið. Skipanirnar verða settar inn í sauma forritið og verða alltaf framkvæmdar þegar þið saumið forritið.

Farið á staðinn þar sem þið viljið bæta skipuninni við. Snertið skipunina og tákni verður bætt inn í forritaða sauminn. Það staðfestir að skipunin hafi verið sett inn og það sýnir einnig hvar skipunin verður framkvæmd í saumaröðinni.

*Ath: Ef þið eruð að hanna sauma forrit í útsaums aðgerð, þá verður heftingum bætt sjálfkrafa inn í byrjun og enda saumsins sem bætt er inn. Þær skipanir er hins vegar hægt að fjarlægja.*




Bætið STOP skipun inn með þvi að snerta STOP hnappinn á skjánum. STOP skipunin mun láta vélina stöðvast á völdum stöðum í forritaða saumnum. Þetta getur komið sér vel t.d. ef þið eruð að hanna saumaforrit með mörgum röðum.




Bætið inn FIX skipun með því að snerta FIX hnappinn á skjánum. FIX skipuninni bætir inn heftingu á völdum stað í röðinni. Þið getið sett inn FIX skipun hvar sem er í röðinni.



Bætið inn tvinnaklippinga skipun með því að snerta hnappinn fyrir tvinnaklippingar á skjánum. Bætið inn tvinnaklippinga skipun þar sem þið viljið að vélin hefti fyrir og klippi tvinnann.

*Ath: Ef tvinnaklippingar aðgerð er afvalin í bráðabirgða stillingum, þá mun vélin aðeins hefta fyrir og stöðvast þegar hún kemur að skipun fyrir tvinnaklippingu.*



# Vista forrit (Save Program)

Til að vista skrána snertið þið hnappinn fyrir “vistun” (save) og upp kemur sprettigluggi á skjáinn. Þar getið þið valið um að vista sauminn í *mySewnet*™ möppu í skýinu eða á USB tæki. Áður vistuð mynstur, saumar, forrit og/eða leturforrit eru sýnd. Gefið skránni ykkar nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK hnappinn.



*Vistunar hnappur í útsaums undirbúningi*




1. Valflötur
2. Skráarnafn
3. Hætta við
4. Staðfesta
5. Hanna nýja möppu
6. Skipta á milli lista og smámynda skoðunar
7. Vista á USB tæki
8. Vista í *mySewnet*™ möppu í skýinu

Ef þið ætlið að vista sauminn í möppu, snertið þið einfaldlega og haldið við möppuna sem á að opna, gefið skránni ykkar nafn með lyklaborðinu og vistið hann í möppunni með því að snerta OK í sprettiglugganum til að vista. Til að búa til nýja möppu snertið þið hnappinn “búa til nýja möppu” (create new folder), gefið henni nafn með lyklaborðinu og snertið síðan OK. Snertið hana síðan og haldið til að opna nýju möppuna og vista í henni.

Snertið listann og smámyndahnappinn til að skipta á milli þeirra og skoða mynstrin sem eru í listunum og smámyndunum. Í listaskoðun er hvert mynstur sýnt með skráarnafni og skráargerð, en í smámyndunum getið þið skoðað mynstrin með nafni og smámynd af skránni.

Til að hætta vistunarferlinu, lokið þið sprettiglugganum með því að snerta “hætta við” (cancel). Vistunarglugginn lokast og þið farið aftur í forritunar aðgerð.

Lærið meira um hvernig þið eigið að skipuleggja vistaðar skrár í “skráarstjórn” (file manager).

# Saumið eða saumið út forritið ykkar (Sew or Embroider Your Stitch Program)

Til að sauma forritið, hlaðið þið því inn í sauma aðgerð með því að snerta OK hnappinn í forritunarglugganum.

Ef þið hafið opnað “forritun” (program) í útsaums undirbúningi (edit), snertið þið OK í forritunar glugganum og þá fer forritið í útsaums undirbúning.




*Ath: Forrit sem hannað er í útsaums aðgerð mun verða hlaðið og vistað sem mynstur og því ekki hægt að sauma það í sauma aðgerð.*

# Sprettigluggar í forritun (Program Pop-Up Messages)

### Ekki forritanlegt spor

Sum spor er ekki hægt að setja inn í forrit, t.d.hnappagöt og sérstakar sauma valmyndir eins og 4–átta saumar.




### Þið hafið náð hámarksfjölda spora

Saumurinn sem þið eruð að reyna að bæta við gerir saumaforritð of langt. Saumaforrit getur orðið allt að 500 mm. langt og innihaldið allt að 199 sauma og skipanir. Þessi sprettigluggi kemur upp ef sauma forritið fer fram úr þessum tölum.



# 11 Stillingar (Settings)



# Bráðabirgða sauma stillingar (Temporary Sewing Settings)

Breytið bráðabirgða sauma stillingunum þegar þið viljið breyta saumaskildum stillingum í núverandi verkefni. Breytingar sem gerðar hafa verið í bráðabirgða stillingum verða endurstilltar þegar þið byrjið á nýju *JoyOS advisor*™ verkefni úr*JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Þegar þið slökkvið á vélinni verða allar stillingar sem þið framkvæmduð í bráðabirgða stilingum settar aftur á sjálfgefnar stillingar.

Eftirfarandi stillingar er hægt að stilla í bráðabirgða sauma stillingum:

- *deLuxe*™ saumakerfi
- Sjálfvirk lyfting á saumfæti
- Sjálfvirk tvinnaklipping
- Sjálfvirkt FIX
- Takmarkanir á sporbreidd
- Valkostir með flytjara




## *deLuxe*™ Stitch System (deLuxe saumakerfi)

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið mun vélin sjálfkrafa velja hentugustu leiðina til að stjórna yfirtvinnanum með tvinnaskömmtun eða tvinnaspennu, og byggir þá á völdu efni og stillingum. Í tvinnaskömmtun fylgist vélin sjálf með efnisþykktinni undir saumfætinum og skammtar sjálf tvinnamagnið sem hentar þeirri þykkt fyrir valinn saum. Í tvinnaspennu er eins og í öllum eldri saumavélum tvinnadiskar sem þrýsta að tvinnanum og halda tvinnaspennunni stöðugri en án tillits til þykktar efnisins.

Til að ná sem bestum árangri mælum við eindregið með því að þið hafið þennan valkost valinn nema þegar þið eruð að nota sérstaka saumatækni eða aukahluti sem ekki er hægt að nota hana við. Afveljið *deLuxe*™ saumakerfið í bráðabirgða sauma stillingum til að fara yfir í venjulega tvinnaspennu.

Stýribúnaðurinn til að stilla tvinnaskömmtun/tvinnaspennu, sem sést í sauma aðgerð, mun breytast eftir því hvaða saum þið eruð að sauma og einnig hvort *deLuxe*™ saumakerfið er valið eða ekki í bráðabirgða sauma stillingum.

## Sjálfvirk lyfting á saumfæti (Sensor Presser Foot Lift)

Þegar hún er valin lyftir vélin saumfætinum sjálfkrafa í eftirtöldum tilfellum:

- Þegar vélin stöðvar með nálina ofan í efninu þá lyftist saumfóturinn sjálfkrafa í sveifluhæð.
- Eftir tvinnaklippingu verður saumfætinum lyft.

Þegar þetta er afvalið verður saumfætinum ekki lyft.

## Sjálfvirk tvinnaklipping (Automatic Thread Cutter)

Þegar hún er valin, klippir vélin tvinnana sjálfkrafa í eftirtöldum tilfellum:

- Þegar búið er að sauma hnappagat.
- Þar sem klippiskipanir eru í saumum, saumaröðum og mynstrum.
- Eftir að hafa saumað einn ákveðinn saum t.d. fangamark eða kóssa.

Þegar þetta er afvalið mun vélin ekki klippa tvinnana.

*Ath: Afveljið þetta þegar þið notið aukaleg tæki sem eru fest í götin tvö á stingplötunni rétt fyrir ofan lokið á gríparanum, til að koma í veg fyrir skemmdir á sjálfvirka tvinnahnífnum sem er rétt undir stingplötunni.*

## Sjálfvirkt FIX (Automatic FIX)

Þegar þetta er valið, mun vélin sjálfkrafa gera FIX aðgerðina virka eftir að vélin hefur klippt og þegar saumur hefur verið valinn.

## Takmarkanir á sporbreidd (Stitch Limiting Options)

Stillið vélina annaðhvort á sporbreiddaröryggi eða stillið nálarmillibilið á tvíburanál þegar þið notið þær, til að koma í veg fyrir að vélin geti tekið of mikla sporbreidd þegar þið notið tvíburanálar og einnig að loka fyrir sporbreidd þegar þið notið stingplötuna fyrir beina sporið. Það kemur í veg fyrir að þið stillið óvart á zik zak þegar þið megið alls ekki gera það.

### Sporbreiddaröryggi (Stitch Width Safety)

Þegar það er valið þá gefur vélin aðeins kost á beinu spori í miðstöðu til að koma í veg fyrir brot á nál, skemmd á saumfæti og/eða stingplötu. Veljið sporbreiddaröryggi þegar þið notið hluti sem eingöngu á að nota með beinu spori og nálarstöðunni í miðju. Saumbreiddaröryggi verður sjálkrafa valið þegar stingplatan fyrir beina sporið er sett á vélina, og ekki er hægt að afvelja það svo lengi sem þessi stingplata er á vélinni.

Þegar stingplatan fyrir beina sauminn er fjarlægð af vélinni getið þið valið hvort þið hafið sporbreiddaröryggið áfram eða afvalið það. Þegar sporbreiddaröryggi er virkt þá eru allar stilingar fyrir tvíburanálar gerðar óvirkar því það er ekki hægt að nota tvíburanálastillingar og sporbreiddaröryggi samtímis.

*Ath: Stillingarnar eru settar á að nýju þegar þið byrjið á nýju verkefni í **JoyOS advisor™** aðgerð. Fullvissið ykkur um að þið fjarlægið öll aukatæki þar sem nota þurfti þetta sporbreiddaröryggi.*

### Tvíburanálar

Þegar þið hafið valið millibil á tvíburanál, þá verður sporbreidd og sporstaða nálanna takmörkuð við nálarbilið á

tvíburanálinni sem þið völduð til að koma í veg fyrir skemmd á nálinni, saumfætinum eða stingplötunni. Í sauma aðgerð sýnir forskoðunin að tvíburanál hafi verið valin. Þegar þið veljið nálarmillibilið á tvíburanál verður sporbreiddaröryggið afvalið þar sem ekki er hægt að nota það um leið og stillingar á nálarbreidd tvíburanála.

*Ath: Stillingarnar eru settar aftur á sjálfgefnar stillingar þegar þið veljið nýtt verkefni í* ***JoyOS advisor™*** *aðgerðinni. Fullvissið ykkur um að þið fjarlægið öll aukatæki sem þið notuðuð þegar þið voruð með tvíburanálar.*

## Valkostir fyrir flytjara (Feed Teeth Options)

Þegar “auto” er valið eða mælt með því, þá mun vélin sjálfkrafa annaðhvort taka flytjarann úr sambandi eða setja hann aftur í samband allt eftir því hvaða saum og stillingar þið völduð. Til dæmis, er flytjarinn tekinn úr sambandi þegar þið veljið töluáfestingu, eða fríhendis sauma.

Veljið “upp” og flytjarinn verður settur í samband fyrir venjulega sauma. Veljið “niður” (down) og þá verður flytjarinn tekinn úr sambandi.

*Ath: Engu að síður verður flytjarinn sjálfkrafa tekinn úr sambandi þegar þið lyftið saumfætinn í extra hæð.*

*Ath: Flytjara valkostirnir verða sjálkrafa settir á “auto” á ný þegar þið veljið nýtt verkefni í* ***JoyOS advisor™*** *aðgerðinni.*

# Bráðabirgða útsaums stillingar (Temporary Embroidery Settings)

Breytið bráðabirgða útsaums stillingunum þegar þið viljið breyta útsaums tengdum stillingum fyrir verkefnið sem þið eruð að vinna við. Breytingar sem þið framkvæmið í bráðabirgða útsaums stillingum verða settar aftur á sjálfgefin gildi þegar þið byrjið á nýju verkefni í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Einnig þegar þið slökkvið á vélinni, þá verða allar stillingar sem þið framkvæmið í bráðabirgða stillingum settar á sjálfgefin gildi.

Eftirfarandi sillingar er hægt að framkvæma í bráðabirgða útsaums stillingum

- *deLuxe*™ saumakerfi
- Tegund af útsaumsfæti
- Valkosti fyrir tvinnaklippingar




## *deLuxe*™ Stitch System "deLuxe saumakerfið"

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið þá mun DESIGNER EPIC™ sjálfkrafa velja hentugustu leiðina til að velja skömmtunina á yfirtvinnanum og þá byggða á völdu mynstri og stillingum; tvinnaskömmtun eða tvinnaspennu. Til að ná sem bestum árangri í útsaum mælum við eindregið með því að þið hafið þennan valkost valinn og einnig að þið veljið gormafótinn sem útsaumsfót.

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er valið mun tvinnaskömmtun verða notuð þegar þið veljið gormafóttinn sem útsaumsfót, nema því aðeins að virk litablokk gefi til kynna filtfót eða nál fyrir klippivinnu í listanum yfir litablokkirnar.

Þegar *deLuxe*™ saumakerfið er afvalið og/eða tegundin af útsaumsfætinum er fyrir fljótandi fót, þá verður tvinnaspenna notuð fyrir öll mynstur og stillingar.

Fyrir suma tiltekna sérstaka tækni og aukahluti sem ekki er hægt að nota tvinnaskömmtun þá verður í slíkum tilfellum að afvelja *deLuxe*™ Stitch System.

## Tegund af útsaumsfæti (Embroidery Foot Type)

Veljið annað hvort "Sensor Q" fótinn eða "fljótandi fótinn". Það er mjög áríðandi að réttar stillingar séu valdar fyrir þann útsaumsfót sem er á vélinni.

Til að ná sem bestum árangri veljið þið og notið "Sensor Q-fótinn" og *deLuxe*™ saumakerfið. Við mælum alveg sérstaklega með þessu. Sum tiltekin sérstök saumatækni og/eða tækni með aukahlutum er ekki hægt að sauma með "Sensor Q-fætinum" t.d. "yarn couching" og filtvinnu.

Þegar "Sensor Q-fóturinn" er valinn mun vélin lækka saumfótinn til að halda við efnið í hverju spori. Þegar flotfóturinn er valinn fer hann í sveifluhæð rétt fyrir ofan efnið. Þegar þið notið fljótandi fótinn er hægt að stilla hæðina á fætinum þannig að hann vinni rétt á bæði þunnum

og þykkum efnum og þegar þið eruð að nota mimsunandi grófleika af tvinna.

*Ath: Tegund af útsaumsfæti verður sjálfkrafa sett aftur á "Sensor Q-fót" þegar þið byrjið að sauma nýtt verkefni í* ***JoyOS advisor™*** *aðgerðinni.. Fullvissið ykkur um að þið setjið "Sensor Q-fótinn" á vélina eða breytið stillingunum í "fljótandi fót" (R-fótinn).*

## Valkostir um tvinnakippingar (Thread Cut Options)

Veljið á milli valkosta um tvinnaklippingar: engar klippingar, sjálfvirkar klippingar og sambland af tvinnaklippingum og klippinga á stökksporum.

### "Off"

Þegar það er valið, verða engar sjálfkrafa tvinnaklippingar framkvæmdar af vélinni.

*Ath: Veljið "off" þegar þið notið aukatæki sem þarf að festa í götin tvö í stingplötunni rétt fyrir ofan lokið yfir gríparanum. Þetta er nauðsynlegt til að eiga ekki á hættu að skemma tvinnahnífinn sem er staðsettur rétt undir stingplötunni.*

### Sjálfvirk tvinnaklipping

Þegar hún er valin verður tvinnaklipping sjálfkrafa valin í eftirfarandi tilfellum:

- Yfirtvinninn er klipptur sjálfkrafa og saumfæti lyft þegar skipta á um tvinnalit.
- Undir og yfrtvinni eru klipptir og saumfæti lyft þegar útsaumi er lokið.

### Sjálfvirk klipping á stökksporum

Þegar hún er valin , þá klippir vélin sjálfkrafa og vélin togar yfirtvinnann niður á rönguna. Þessi aðgerð sparar tíma við klippingar eftir að mynstrið hefur verið saumað. Yfirtvinninn verður klipptur og togaður niður á rönguna þegar þið byrjið að sauma mynstrið og einnig eftir að hafa þurft að skipta um tvinnalit við fyrstu litablokkina, og þegar vélin heldur áfram að sauma eftir stökkspor.

Tvinnaklippingar verða sjálfvirkt framkvæmdar í eftirtöldun tilvikum:

- Yfirtvinninn er sjálfkrafa klipptur og sumfæti lyft við litaskipti á tvinna.
- Undir og yfirtvinni verða klipptir og sumfæti lyft við lok útsaumsins.
- Yfirtvinninn er klipptur sjálfkrafa við byrjun á stökkspori.
- Við tvinnaklippinga skipanir í mynstrum, saumum eða saumaröðum.



Mynstur sem eru merkt með þessu tákni eru forrituð með sjálfvirkar tvinnaklippingar á stökksporum. Skipanir fyrir klippingar á stökksporum er hægt að bæta inn í hvaða mynstur sem er með. því að nota ”ókeypis hugbúnaðardiskinn (PC)” (complimentary software (PC) sem fylgir vélinni.

*Ráð: Haldið í tvinnann þegar þið byrjið að sauma út eða þegar þið skiptið um tvinnalit þannig að þið getið auðveldlega fjarlægt tvinnaendann eftir klippingu.*

*Ráð: Ef bæði réttan og rangan á mynstrinu ykkar á að vera sýnileg, þá afveljið þið sjálfvirka klippingu á stökksporum og klippið þau handvirkt eftir á.*

*Ráð: Ef mynstrin ykkar liggja mjög þétt saman þ.e.a.s. stafir, eða forritaðir saumar þá er einnig betra að afvelja sjálfvirku klippinguna fyrir stökksporin og klippa þau handvirkt á eftir.*

## Valkostir fyrir tvíburanálar (Twin Needle Options)

Þegar þið veljið um millibil á milli nála í tvíburanálunum, mun *deLuxe*™ Stitch System sjálfkrafa nota tvinnaspennuna. Þegar þið saumið út með tvíburanál verður að fjarlægja stingplötuna með kringlótta gatinu. Stillingarnar fyrir tvíburanálar verða sjálfkrafa stilltar þegar þið veljið tvíbura útsaums verkefni frá *JoyOS advisor*™ verkefna valmyndinni.

*Ath: Það er mjög áríðandi að gera tvíbura stillingarnar virkar þegar þið saumið út með tvíburanál til að forðast skemmdir á vélinni.*

# Sjálfgefnar sauma stillingar (Default Sewing Settings)

Stillingar sem framkvæmdar eru í sjálfgefnum sauma stillingum verða vistaðar, jafnvel þegar þið slökkvið á vélinni.




## *deLuxe*™ Stitch System – default “deLuxe saumakerfið —sjálfgefnar stillingar”

Þegar þetta er valið verður *deLuxe*™ saumakerfið sjálfkrafa valið í bráðabirgða sauma stillingum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin eru inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar er að finna í “bráðabirgða sauma stillingum” temporary sewing settings.

## Saumfæti lyft — sjálfgefnar stillingar (Sensor Presser Foot Lift – Default)

Þegar þetta er valið mun “saumfætinum lyft” verða sjálfkrafa valið í bráðabirgða sauma stillingunum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin er inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar er að finna í ”bráðabirgða sauma stillingum” temporary sewing settings.

## Sjálfvirk tvinnaklipping — sjálfgefnar stillingar (Automatic Thread Cutter – Default)

Þegar þetta er valið verður sjálfvirk tvinnaklipping sjálfkrafa valin í bráðabirgða sauma stillingunum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin eru inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar er að finna í “bráðabirgða sauma stillingunum” temporary sewing settings.

## Sjálfvirkt FIX — sjálfgefnar stillingar (Automatic FIX – Default)

Þegar þetta er valið verður sjálfvirkt FIX sjálfkrafa valið í bráðabirgða sauma stillingunum fyrir öll ný verkefni sem hlaðin eru inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar er að finna í “bráðabirgða sauma stilingunum” temporary sewing settings.

## Fríhendis valkostir — sjálfgefnar stillingar (Free Motion Options – Default)

Veljið á milli tveggja fríhendis valkosta: Fríhendis fljótandi og fríhendis gorma aðgerðar. Þegar önnur hvor aðgerðin verður valin verður viðeigandi fríhendis aðgerð sjálfkrafa valin í sauma aðgerð fyrir öll ný verkefni sem hlaðin eru frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni.

Ráðlagt er að þið setjið ekki valkost fyrir fríhendis aðgerð í sjálfgefnum sauma stillingum; veljið valkost heldur í bráðabirgða sauma stillingunum.

Skoðið fleiri upplýsingar í lýsingunum í “fríhendis valkostum í sauma aðgerð” free motion options in sewing mode

## Sjálfgefnar útsaums stillingar (Default Embroidery Settings)

Allar stillingar sem framkvæmdar eru í sjálfgefnum útsaums stillingum verða vistaðar, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.




### *deLuxe*™ Stitch System – Default) "deLuxe saumakerfið — sjálfgefnar stillingar"

Þegar það er valið verður *deLuxe*™ saumakerfið sjálfkrafa valið í bráðabirgða útsaums stillingum fyrir öll ný verkefni sem eru hlaðin inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar eru í "bráðabirgða útsaums stillingunum" temporary embroidery settings.

### Sjálfvirk tvinnaklipping — sjálfgefin stilling (Thread Cut Options – Default)

Þegar þetta er valið verður sjálfkrafa tvinnaklipping valin í bráðabrigða útsaums stillingunum fyrir öll ný verkefni sem eru hlaðin inn frá *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari upplýsingar eru í "bráðabirgða útsaums stillingunum" temporary embroidery settings.

### Sveifluhæð saumfóts í útsaumi — sjálfgefin stilling (Embroidery Pivot Height – Default)

Ef sveifluhæð saumfóts í útsaumi er hlaðin inn í sjálfgefinni stillingu kemur hún sjálfkrafa fram við öll innhlaðin mynstur í *JoyOS advisor*™ aðgerðinni. Frekari lýsingar eru í "bráðabirgða útsaums stillingunum" temporary embroidery settings.

### Mínir rammar (My Hoops)

Valinn rammi verður sýndir í listanum yfir "rammaval" hoop selection.

Þegar þið hlaðið mynstri inn mun vélin velja hentugasta rammann fyrir verkefnið úr listanum ykkar "mínir rammar".

# Stillingar í vél (Machine Settings)

Allar stillingar í “vélastillingum” (machine settings) verða vistaðar, jafnvel þótt slökkt verði á vélinni.




## Tungumál (Language)

Veljið það tungumál sem þið viljið nota á skjánum. Öllum textum í vélinni verður breytt yfir í það tungumál. Því miður erum við á Íslandi of fámennir til að við getum fengið textana í vélinni á okkar tungumáli. þannig að við göngum út frá því að flestir komi til með að nota enskuna og þess vegna höfum við haft ensku textana með í þessari þýðingu.

## Hljóðstyrkur (Audio Volume)

Breytið hljóðstyrknum með því að nota sleðareinina. Öll hljóðmerki vélarinnar breytast þegar þið breytið hljóðstyrknum. Þegar sleðinn í reininni er lengst til vinstri eru öll hljóð deyfð.

## (Endurtekning hljóðs (Audio Repeat)

Þegar þetta er virkt, verða viðvörunarhljóðin fyrir sum skilaboðin í sprettigluggunum endurtekin þar til glugganum verður lokað.

## Læsa skjá (Lock Screen)

Ef hætta er á að þið rekist í skjáinn á meðan þið eruð að sauma og breytið þar með um spor eða saum, þá er hægt að læsa sjánum í slíkum tilfellum.

Þegar þetta er valið, þá er skjárinn sjálfkrafa læstur í hvert sinn sem hann er óvirkur í tíu sekúndur. Sprettigluggi kemur á skjáinn og hann verður læstur þar til þið snertið OK í sprettigglugganum.




## Birta í díóðulýsingu (LED Work Light Brightness)

Stillið birtuna í díóðu LED lýsingunni til að aðlaga hana því sem þið viljið hafa hana. Færið sleðann einfaldlega til hægri til að gera lýsinguna sterkari og til vinstri til að deyfa hana.

## Stillingar fyrir þráðlaust net (WiFi Settings)

Veljið WiFi stillingarnar í vélinni. Í WiFi stillingum getið þið gert WiFi virkt / óvirkt, leitað að fyrirliggjandi netmiðlum og tengst þeim. Ef þið eruð tengd við netmiðil og hafið netaðgang þá getið þið alltaf náð í nýjustu uppfærslur. Þegar WiFi er tengt og þið eruð búin að skrá ykkur inn á *mySewnet*™ skýið, þá munu allar skrár í vélinni samstillast við *mySewnet*™ skýið.

Lesið meira um möguleikana á WiFi tengingu vélarinnar í "WiFi" kaflanum" WiFi chapter.




## *mySewnet*™ Stillingar (Settings)

Í *mySewnet*™ stillingum getið þið skráð ykkur inn á *mySewnet*™ skýið eða breytt um notanda á vélinni ykkar. Þið getið einnig hannað nýjan notanda. Með *mySewnet*™ aðgangi getið þið einnig komist að allri *mySewnet*™ þjónustu.

Lesið meira um þessa möguleika á *mySewnet*™ í *mySewnet*™ services.




## Upplýsingar um vél (Machine Information)

Upplýsingar um vélina innihalda m.a. tækniupplýsingar eins og framleiðslunúmer vélarinnar, og núverandi stýrikerfi. Í véla upplýsingum getið þið hreinsað út notenda aðgang og skrár.



# 12 Skráarstjórn (File Manager)



# Skráarstjórn — yfirlit (File Manager – Overview)

Skráarstjórn er notuð til að opna mynsturskrár, leturskrár og saumaskrár. Geymið vistaðar skrár í *mySewnet*™ möppu í skýinu eða á USB tæki sem tengt er við vélina. Snertið svörtu örina á hnappnum fyrir skráarstjórn til að stækka skráarstjórn á skjánum og snertið hann svo aftur til að minnka hana.




1. Núverandi mappa
2. Fara upp um eina möppu
3. Valflötur
4. Skráarstjórn
5. Endurskíra skrá eða möppu
6. Hanna nýja möppu
7. Klippa
8. Afrita
9. Líma
10. Eyða
11. Sía skrár
12. Upplýsingar um skrá
13. Lista/smámyndaskoðun
14. Fjölval
15. USB tæki
16. Innbyggð mynstur
17. *mySewnet*™ mappa í skýinu

## Skráarsnið (File Formats)

Vélin getur hlaðið inn eftirfarandi skráarsnið:

- .VP3, .SHV, .DHV, .VIP, .HUS, .PEC, .PES, .PCS, .XXX, .SEW, .JEF, .EXP, .10* og.DST (útsaums skrár)
- .SH7 (sauma skrár)
- .VF3 (útsaums leturgerða skrá)
- .JOS (*JoyOS advisor*™verkefna skrár)

*Ath: Sumar útgáfur af útsaums skrám eru ekki studdar af vélinni.*

## Rápa um skráarstjórn (Browse File Manager)

Til að opna skráarstjórn, snertið þið hnappinn fyrir hana. Snertið stækkunarvalkostinn til að stækka skráarstjórnina á skjánum.



*Hnappur fyrir skráarstjórn með valkosti um stækkun*

Geymið mynstrin, letrin og saumana í *mySewnet*™ möppunni í skýinu.eða á USB tæki sem tengt er við USB tengil á vélinni. USB hnappurinn á vélinni er eingöngu virkur er USB tæki er tengt við vélina á sama tíma.

Til að sýna innihaldið snertið þið einhvern af eftirtöldum hnöppum: *mySewnet*™ mappa í skýinu, innbyggð mynstur eða USB tæki. Sveiflið með fingri frá hægri til vinstri til að skruna og skoða innihaldið. Mynsturskrár og leturgerðaskrár eru sýndar sem smámyndir eða með táknum.



***mySewnet*™ *mappa í skýinu***



*Innbyggð mynstur*



*USB tæki*



*Tákn fyrir saumaskrá*



*Tákn fyrir mynsturskrá*

## Opna skrá eða möppu (Open a File or Folder)

Snertið skrá til að lesa upplýsingar um skrána á upplýsingafletinum. Snertið og haldið við skrána til að hlaða hana inn.

Ef þið hlaðið inn útsaums stafaskrá, þá verður henni hlaðið inn í “forrita útsaumstexta” (program embroidery text). Ef þið hlaðið inn sauma leturgerðarskrá þá verður henni hlaðið inn ”forritun” program.

Snertið og haldið við möppu til að opna hana. Innihald möppunnar verður sýnt á valfletinum. Slóðin á opnu möppunni er skrifaður í núverandi möppusvæði.

### Fjölval (Multi-Select)

Ef þið viljið velja nokkur mynstur, sauma eða stafróf samtímis, snertið þið hnappinn “fjölval” (multi-select). Á meðan það er valið snertið þið skrár sem þið viljið nota. Afritið og límið valdar skrár í aðra möppu í skrárstjórninni.



*Ath: Ef þið reynið að hlaða inn samsetningu af skrám/möppum sem ekki er hægt að hlaða inn á sama ákvörðunarstað, þá kemur sprettigluggi á skjáinn.*

## Fara upp um eitt möppuþrep (Move Up One Folder Level)

Notið hnappinn “fara upp um eitt möppuþrep” til að fara í gegn um þrepin í möppunum. Þið getið farið alla leið upp á fyrsta þrepið. Á valfletinum sjáið þið allar skrárnar og möppurnar á hverju þrepi þegar þið flettið upp á við. Snertið og haldið við möppu til að opna hana.



## Lista og smámyndaskoðun (List/ Thumbnail View)

Snertið hnappinn fyrir “lista/smámyndaskoðun” til að rápa á milli þess að skoða skrá á listum eða sem smámyndatákn. Í listaskoðun er sérhver skrá sýnd með skráarnafni og smámynd af skránni.



## *mySewnet*™ mappa í skýjunum (Cloud Folder)

Vistið mynstur, sauma og stafróf í *mySewnet*™ möppunni í skýinu. Ef þið eruð tengd við *mySewnet*™ aðgang og tengd við *mySewnet*™ þá verða vistuðu skrárnar ykkar sjálfkrafa samhæfðar *mySewnet*™ skýinu. Lesið meira um *mySewnet*™ skýið í kaflanum *mySewnet*™ skýið.



## Innbyggð mynstur (Built-in Designs)

Innbyggð mynstur innihalda mynstur sem eru geymd í innbyggða minni vélarinnar. Ekki er hægt að bæta neinum skrám við í þetta minni eða fjarlægja sauma úr því. Þið getið einnig tengst innbyggðu mynstrunum í mynstur valmyndinni.



## USB tæki (USB devices)

Hnappurinn fyrir USB tæki er aðeins virkur þegar USB tæki er tengt við vélina. Snertið hnappinn fyrir USB tæki til að skoða þau USB tæki sem eru tengd. Snertið það tæki sem þið viljið skoða nánar.



# Skipuleggja (Organize)

Fyrir neðan eru leiðbeiningar um hvernig er best að skipuleggja skrárnar í skráarstjórn.

## Búa til nýja möppu (Create New Folder)

Snertið hnappinn "hanna nýja möppu" (create new folder) á núverandi stað. Sprettigluggi kemur upp þar sem þið getið gefið möppunni nafn.



## Breyta nafni á skrá eða möppu (Rename a File or Folder)

Til að breyta um nafn á skrá eða möppu, snertið þið hana til að velja og snertið síðan hnappinn "endurskíra skrá eða möppu" (rename file or folder). Sprettigluggi kemur fram þar sem þið getið skrifað nýja nafnið á skránni eða möppunni.



## Færa skrá eða möppu (Move a File or Folder)

Notið "klippa og líma" (cut and paste) til að færa skrá(r) eða möppu(r) á annan stað.

Veljið skrá(r) eða möppu(r) og snertið síðan hnappinn "klippa" (cut). Opnið möppuna þar sem þið viljið setja þær og ýtið svo á hnappinn "líma" (paste). Skrárnar eða möppurnar verða þá fjarlægðar úr upprunalegri staðsetningu og eru nú komnar í nýja möppu.

*Ath: Gerið "fjölval" (multi-select) virkt til að geta fært fleiri en eina skrá og/eða möppu í einu.*



*Klippa*



*Líma*

## Afrita skrá eða möppu (Copy a File or Folder)

Notið afrita og líma til að afrita skrá(r) eða möppu(r) á annan stað.

Veljið skrárnar eða möppurnar og snertið síðan hnappinn "afrita" (copy). Opnið síðan möppu þar sem þið viljið staðsetja valið og snertið síðan hnappinn "líma" (paste). Skrárnar eða möppurnar eru nú geymdar í nýrri möppu og upprunalegu skrárnar og möppurnar eru líka í gömlu möppunni.

*Ath: Gerið "fjölval" (multi-select) virkt ef þið viljið velja og færa fleiri en eina skrá eða möppu á sama tíma.*



*Afrita*



*Líma*

## Eyða skrá eða möppu (Delete a File or Folder)

Til að eyða skrá eða möppu veljið þið hana og snertið hnappinn “eyða” (delete). Sprettigluggi kemur upp og biður ykkur um að staðfesta eyðinguna. Ef möppu er eytt, þá eyðast allar skrár í henni um leið.



Til að eyða öllum skrám og möppum sem sýndar eru í virkri möppu, þá snertið þið og haldið við hnappinn “eyða” í nokkrar sekúndur. Til öryggis kemur fram sprettigluggi sem biður ykkur um að staðfesta að það eigi virkilega að eyða skránum eða möppunum.

## Sía skrár (Filter Files)

Ef þið eruð með mikið innihald í möppu þá getið þið síað ákveðnar skrár í núverandi skoðun. Snertið einn eða fleiri af síunarhnöppunum til að sýna eingöngu mynstur og/eða sauma. Innihaldið sem sýnt verður á valfletinum breytist eftir því hvaða hnappa þið ýtið á.




1. Sía möppur
2. Sía sauma
3. Sía mynstur
4. Sía leturgerðir
5. Sía *JoyOS advisor*™ verkefna skrár

# Sprettigluggar með skilaboð í skráarstjórn (File Manager Pop-up Messages)

## Eyða skrá eða möppu

Þegar þið eyðið skrá eða möppu verðið þið alltaf að staðfesta í sprettiglugga að þið ætlið raunverulega að eyða. Það kemur í veg fyrir að þið eyðið einhverju af mistökum.




## Mappan er þegar til

Þið getið ekki búið til möppu með sama nafni og þegar er til á viðeigandi þrepi. Hannið möppuna því á öðru þrepi eða gefið henni annað nafn ef þið viljið hafa hana á því þrepi sem sama nafn er þegar fyrir.




## Fyrirliggjandi rými er takmarkað

Þegar aðeins lítið rými er eftir, þá lætur vélin ykkur vita það í tíma. Ef þið haldið áfram og fyllið rýmið, þá verðið þið ekki minnt á þetta á ný þar til rýmið er alveg orðið fullt. Færið skrár yfir á USB tæki með því að nota “klippa og líma” (cut and paste) aðgerðina til að losa um rými.



### Ekki er hægt að hlaða inn saumaröðinni

Sumar raðir af skrám er ekki hægt að hlaða inn á suma ákvöðunarstaði með því að nota “fjölval” (multi-select).



# 13 Umhirða (Maintenance)



## Hreinsa vélina að utan (Cleaning the Machine Exterior)

Til að halda saumavélinni í góðu lagi er nauðsynlegt að hreinsa hana oft. Og athugið að það þarf ekkert að smyrja þesa vél

Þurrkið vélina að utanverðu með mjúkum klút til að fjarlægja ryk og ló.

Þurrkið skjáinn með hreinum, mjúkum og örlítið rökum “microfiber” klút..

## Fjarlægja stingplötuna og hreinsa gríparasvæðið (Removing the Needle Plate and Cleaning the Bobbin Area)

⚠ *Takið flytjarann úr sambandi með því að snerta hnappinn “ saumsfótur upp og í extra hæð” . Slökkvið á vélinni.*




Fjarlægið saumfótinn. Opnið lokið yfir grípranum með því að ýta losunarhnappnum (A) til hægri. Fjarlægið lokið. Setjið alhliða áhaldið undir stingplötuna eins og sýnt er og snúið því varlega en við það losnar stingplatan. Hreinsið flytjaratennurnar með bursta sem er með í fylgihlutunum.

## Hreinsa undir spólusvæðinu (Cleaning Under the Bobbin Area)

Hreinsið ló og óhreinindi undir spóluhúsinu, en hún hefur safnast þar fyrir við undanfarna sauma, og hreinsið svæðið alltaf þegar þið verðið vör við ló og óhreinindi.

Losið um spóluhúshölduna (A) sem er yfir fremri hluta spóluhússins með því að lyfta því upp. Fjarlægið spóluhúsið (B) með því að lyfta því upp. Hreinsið með bursta.

⚠ *Farið mjög varlega þegar þið hreinsið í kring um hnífinn í tvinnaklippunum (C).*




Setjið spóluhúsið og hölduna fyrir það aftur á sína staði.

*Ath: Blásið aldrei lofti inn í þetta svæði. Rykið og lóin gætu bara farið lengra inn í vélina.*

*Ath: Þegar þið notið aukalegau fáanlegu HUSQVARNA VIKING® útsaums klippinálar eða HUSQVARNA VIKING® filt útsaums settið, þá er nauðsynlegt að hreinsa gríparasvæðið eftir hvert verkefni.*

*Ath: Hreinsið ló og tivnnaenda úr gríparasvæðinu. Hreinsið líka í hvert sinn sem þið skiptið um stinglötu.*

## Stingplatan sett á (Replacing the Needle Plate)

Með flytjarann úr sambandi staðsetjið þið stingplötuna þannig að hún falli í raufarnar (D). Þrýstið stingplötunni síðan niður þar til hún smellur á sinn stað. Setjið lokið yfir gríparann aftur á sinn stað.




## Gangtruflanir og ráð við þeim (Troubleshooting)

Í þessum kleiðbeiningum finnið þið vonandi lausn á þeim vandamálum sem upp geta komið í vélinni. Ef ykkur vantar frekari upplýsingar þá hafið samband við umboðsaðila HUSQVARNA VIKING® sem mun fúslega reyna að aðstoða þig.

### Algeng vandamál

| | |
|---|---|
| Spóluaðvörunin virkar ekki | Hreinsið ló úr spólusvæðinu og notið eðeins HUSQVARNA VIKING® spólur sem eru framleiddar fyrir þessa vél |
| Tvinnaklippurnar klippa ekki tvinnann | Fjarlægið stingplötuna og hreinsið ló og óhreinindi úr spólusvæðinu.<br>Gerið tvinnaklippinguna virka í stilli valmyndinni |
| Vélin flytur efnið ekki | Fullvissið ykkur um að vélin sé ekki stillt fyrir fríhendis sauma.<br>Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé ekki úr sambandi í stilli valmyndinni. |
| Rangur saumur, óreglulegur eða mjór | Afveljið tvíburanál eða sporbreiddar öryggið í stilli valmyndinni. |
| Nálin brotnar | Setjið nálina rétt í vélina eins og lýst er — sjá Skipt um nál, bls. 33.<br>Notið nál sem hentar efninu — sjá Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál, bls. 36. |
| Vélin saumar ekki | Athugið að allar leiðslur séu rétt tengdar við vélina og rafmagn sé á tenglinum. |
| Lélegur sauma og útsaums árangur | Notið aðeins fylgi og aukahluti sem henta vélinni DESIGNER EPIC™.<br>Farið eftir öllum leiðbeiningum á skjánum. |
| Skjárinn og aðgerðarhnapparnir svara ekki snertingu | Rafhlutir og aðgerðarhnappar vélarinnar gefa verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagni. Ef skjárinn bregst ekki við snertingu slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni á ný. Ef vandamálið leysist ekki, hafið þá samband við HUSQVARNA VIKING® umboðið. |
| Þegar verið er að sauma gróf og/eða þétt efni gefur vélin frá sér frábrugðið hljóð sem er öðruvísi en það sem yfirleitt heyrist þegar saumað er. | Hljóðið er ekki vísbending um truflun. Vélin er með sérstaka titrandi aðgerð sem hjálpar nálinni að fara í gegn um þykk og þéttofin efni Hljóðið myndast þegar saumfóturinn og efnið lyftast með nálinni. Aukið aðeins þrýstinginn á saumfótinn til að forða því að saumfóturinn lyftist.<br>Ef hljóðið virðist ekki koma af þessari ástæðu, hafið þá samband við HUSQVARNA VIKING® umboðið. |

## Sjálfvirki þræðarinn vinnur ekki eins og hann á að gera

| | |
|---|---|
| Nálaraugað er of fínt fyrir tvinnann. | Notið grófari nál eða fínni tvinna. Sjá Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál, bls. 36 |
| Eru þið að nota sérstakan tvinna eins og "glæran" eða aðra teygjanlega tvinna, málmtvinna eða flatan málmþráð eða mjög grófan tvinna.? | Þræðarinn nær ekki alltaf að ná í sérstaka tvinna í krókinn. Ef slíkt kemur fyrir getur þræðarinn ekki þrætt nálina. Reynið samt aftur en ef það tekst ekki þá verðið þið að þræða nálina með höndunum. |
| Skilaboð í sprettglugga: Sjálfvirki nálarþræðarinn er ekki í sinni reglulegu hvíldarstöðu. Snertið OK til að kvarða. | Þræðarinn hefur færst úr sinni heimastöðu e.t.v. vegna þess að eitthvað hefur flækst í hann á meðan á saumaskap stóð. Reynið að snerta OK á ný til að kvarða þræðarann og halda áfram að sauma eða sauma út. |
| Skilaboð í sprettiglugga: Kvörðunin á sjálfvirka þræaðaranum tókst ekki. Snertið OK til að kvarða á ný. Ef sjálfvirki þræðarinn vill ekki kvarðast við þetta. hafið þá samband við þjónustu aðilann. | Þau koma fram þegar vélinni tekst ekki að kvarða þræðarann þegar kveikt er á henni. Fjarlægið allt sem gæti hafa hindrað þræðarann og snertið OK. |
| Skilaboð í sprettiglugga: Sjálfvirki nálarþræðarinn virðist vera hindraður og kemst ekki aftur í sína hvíldarstöðu. Snertið OK til að færa þræðarann í stöðu fyrir þræðingu með höndunum. | Ef þið eruð að nota of grófan tvinna fyrir nálina getur þræðarinn ekki komið tvöföldum tvinnanum í gegn um nálaraugað. Snertið OK til að fara í handvirka hreinsun. Nýr sprettigluggi kemur upp með frekari leiðbeiningum eða fyrirmælum.<br><br>Ef þið getið ekki leyst vandamálið eða getið ekki fjarlægt tvinnann, snertið þið "hætta við" (cancel). |
| Skilaboð í sprettiglugga: Fjarlægið varlega tvinnarestar sem sitja fastar í þræðaranum eða nálarauganu og snertið síðan OK til að færa þræðarann í sína hvíldarstöðu. | Ef þið eruð að nota of grófan tvinna fyrir nálina þá getur þræðarinn ekki komið tvöföldum tvinnanum í gegn um nálaraugað. Fjarlægið tvinnann varlega til að skemma ekki litla og fína krókinn sem fer í gegn um nálaraugað. Þegar það er búið ýtið þið á OK. |
| Skilaboð í sprettiglugga: Sjálfvirki þræðarinn er ekki í sinni hvíldarstöðu og þar af leiðandi er ekki hægt að sauma á vélina án þess að eiga hættu á að skemma eitthvað. Ýtið á hnappinn fyrir þræðarann á vélinni til að geta e.t.v. hreinsað þræðarann, eða hafið samband við þjónustu aðilann. | Hafið samband við HUSQVARNA VIKING® þjónustuna. |
| Skilaboð í sprettiglugga: Sjálfvirki þræðarinn getur ekki komst í sína hvíldarstöðu. Hætta verður við frekari saumaskap til að skemma ekki neitt. Hafið samband við þjónustu aðilann. | Hafið samband við HUSQVARNA VIKING® þjónustuna. |

## Vélin hleypur yfir spor

| | |
|---|---|
| Er nálin sett rétt í vélina? | Setjið nálina rétt í eins og lýst er í Skipt um nál, bls. 33. |
| Er rétt nálartegund í vélinni? | Notið eingöngu nálar 130/705 H.<br><br>Notið nál sem hentar efninu og tvinnagrófleikanum — sjá Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál, bls. 36. |
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í vélina. |
| Er vélin rétt þrædd? | Fjarlægið tvinnann alveg og þræðið vélina á ný — sjá Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34. |
| Er réttur saumfótur á vélinni? | Setjið réttan saumfót á vélina |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann? | Skiptið um nál |
| Færist efnið upp og niður með nálinni þegar þið eruð að sauma fríhendis? | Notið "Sensor" Q-fótinn |

## Yfirtvinninn slitnar

| | |
|---|---|
| Er nálin sett rétt í vélina? | Setjið nálin rétt í, sjá Skipt um nál, bls. 33. |
| Er rétt nálartegund í vélinni? | Notið nálar tegund 130/705 H.<br>Notið grófleika af nál sem hentar efninu sem þið eruð að sauma, sjá Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál, bls. 36. |
| Er nálin bogin eða oddlaus? | Setjið nýja nál í,vélina. |
| Er vélin rétt þrædd? | Fjarlægið yfirtvinnann og þræðið vélina á ný, sjá Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34. |
| Rennur tvinninn niður eftir keflinu og festist undir því? | Setjið stærri spóluskífu og látið flötu hliðina liggja að keflinu, eða notið tvinnanet yfir keflið, sjá Ráð og ábendingar um þræðingu, bls. 38. |
| Er nálin of fín fyrir tvinnann? | Notið nál af réttum grófleika fyrir efnið og tvinnann. |
| Notið þið lélegan hnökraðan eða of þurran tvinna? | Notið eingöngu hágæða tvinna sem m.a. fæst hjá HUSQVARNA VIKING® umboðinu. |
| Ef þið eruð að nota spóluskífur ofan á tvinnakeflinu, er hún þá kannski of lítil þannig að tvinninn festist ofan á tvinnakeflinu? | Notið alltaf skífu sem er aðeins stærri en tvinnakeflið. |
| Er besta staða keflispinna notuð? | Reynið aðra stöðu á keflispinnanum (lárétta eða lóðrétta). |
| Er skemmd í gatinu á stingplötunni? | Skiptið um stingplötu. |
| Er tvinnaspennan of hátt stillt fyrir valinn tvinna? | Lækkið tvinnaspennuna í smáum þrepum þar til vandamálið er leyst. |

## Undirtvinninn slitnar

| | |
|---|---|
| Er rétt tegund af spólu í vélinni? | Notið eingöngu spólur sem eru hannaðar fyrir DESIGNER EPIC™ vélina. |
| Er spólan sett rétt í gríparann? | Athugið spólutvinnann. |
| Er skemmd í gatinu á stingplötunni? | Skiptið um stingplötu |
| Eru ló og óhreinindi í spólusvæðinu? | Hreinsið ló og önnur óhreinindi úr spólusvæðinu og notið eingöngu spólur sem eru hannaðar fyrir þessa vél. |
| Er rétt spólað á spóluna? | Spólið á nýja spólu |

## Saumurinn er ójafn

| | |
|---|---|
| Er tvinnaspennan rétt? | Athugið yfirtvinnaspennuna.<br>Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný, sjá Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34. |
| Er tvinninn of grófur eða hnökraður? | Skiptið um tvinna. |
| Er undirtvinninn jafnt spólaður á spóluna? | Yfirfarið spólunina. |
| Er rétt nál í vélinni? | Setjið nýja nál og á réttan hátt, sjá Skipt um nál, bls. 33.<br>Notið nál sem hentar efninu sem verið er að sauma, sjá Veljið rétta samsetningu af tvinna og nál, bls. 36. |

## Vélin flytur efnið ekki eða óreglulega

| | |
|---|---|
| Er vélin rétt þrædd? | Fjarlægið tvinnann og þræðið vélina á ný, sjá Þræðing á yfirtvinnanum, bls. 34. |
| Hafa óhreinindi safnast á milli tannanna á flytjaranum? | Fjarlægið stingplötuna og hreinsið svæðið í kring um flytjarann.með bursta. |
| Er fríhendis stillingin virk? | Afveljið fríhendis saum í sauma aðgerð. |
| Er flytjarinn kannski stilltur á að vera ekki í sambandi? | Fullvissið ykkur um að flytjarinn sé ekki í sambandi í sauma valmyndinni. |
| Er réttur saumfótur á vélinni? | Setjið réttan saumfót á vélina. |

## Tvinnalykkjur koma á röngu efnisins

| | |
|---|---|
| Hefur útsaumurinn safnast saman undir saumfætinum? | Setjið "Sensor" Q-fót.<br>Ef þið eruð að nota R-fótinn, aukið þá sveifluhæðina á saumfætinum í stilli valmyndinnim en einungis í smáum þrepum þar til vandamálið er leyst. |

## Útsaumsmynstrið er bjagað

| | |
|---|---|
| Er efnið rétt spennt í rammann? | Efnið verður að vera vel strekkt í rammanum.<br>Notið rammaklemmur þegar um stærri ramma er að ræða.. |
| Er innri útsaumsramminn rétt settur í ytri útsaumsrammann? | Spennið efnið á þann veg að innri ramminn passi alveg á móts við ytri rammann. |
| Er svæðið í kring um útsaumsarminn og rammann autt? | Hreinsið allt svæðið í kring um vélina og útsaumstækið. |
| Er ramminn rétt settur á útsaumsarminn? | Fullvissið ykkur um að tengið á rammanum sé sett alla leið inn í mótstykkið á útsaumsarminum. |

## Útsaumsmynstrið rykkist

| | |
|---|---|
| Notið þið undirleggsefni undir efnið? | Fullvissið ykkur um að þið séuð að nota rétta gerð af undirleggsefni. |

## Vélin vill ekki sauma út

| | |
|---|---|
| Er útsaumstækið tengt við vélina? | Fullvissið ykkur um að útsaumstækið sé rétt tengt við tengilinn á vélinni. |
| Er rangur rammi á arminum? | Notið réttan ramma. |

# Vandamál við nettengingu (Troubleshooting Connectivity)

## Vélin tengist ekki þráðlausa netinu

| | |
|---|---|
| Vélin vill ekki tengjast WiFi þráðlausa netinu | Fullvissið ykkur um að WiFi nettengingin sé virk í vélinni ykkar. Snertið WiFi hnappinn í efstu reininni eða farið í WiFi stillingar.<br>Fullvissið ykkur um að vélin fái merki frá þráðlausa netinu. Ef hún fær ekkert merki, færið vélina þá nær "leiðaranum" (routernum)..<br>Fullvissið ykkur um að þið hafið valið þráðlausa nettengingu. |
| Vélin nær ekki í nettengingu | Fullvissið ykkur um að "leiðarinn" (routerinn) hafi aðgang að netinu. |
| WiFi netið er varið með aðgangsorði | Fullvissið ykkur um að þið hafið valið þráðlaust netsamband og gefið upp rétt aðgangsorð til að fara inn á það. Ef þið munið ekki aðgangsorðið, hafið þá samband við netþjóninn. |

## Vélin getur ekki samstillst mySewnet skýinu (The Machine Cannot Synchronize with the *mySewnet*™ Cloud)

| | |
|---|---|
| Vélin getur ekki samstillt skrár við *mySewnet*™ skýið | Fullvissið ykkur um að þið séuð með nettengingu (WiFi connection.)<br>Fullvissið ykkur um að þið hafið tengst *mySewnet*™ netinu ykkar. Nýjar tengingar við *mySewnet*™ netið eru skráðar í vélinni og hjá husqvarnaviking.mysewnet.com<br>Fullvissið ykkur um að það sé nægjanlegt rými í *mySewnet*™ skýinu.<br>Ef *mySewnet*™ skýið er ekki aðgengilegt þrátt fyrir að þið hafið athugað WiFi tengingarnar ykkar, gæti netið legið niðri í smátíma af óþekktum ástæðum. Reynið því aftur seinna. |

## Þjónusta

### Látið Husqvarna þjónustuna yfirfara vélina ykkar reglulega

Ef þið hafið farið yfir truflanir og lausnir í atriðunum hér að ofan og hafið enn við vandamál að stríða, hafið þá samband við þjónustuaðila vélarinnar. Þá getur verið mjög gott að láta efni, tvinna og undirleggsefni sem þið eruð að nota, fylgja með vélinni til þjónustuaðilans, og ef þið eruð með saumaða prufu sem sýnir vandamálið þá getur sú prufa oft sagt meira en þúsund orð.

## Utanaðkomandi hlutir og aukahlutir (Non-Original Parts and Accessories)

Ábyrgð vélarinnar nær ekki til skemmda, bilana eða truflana sem orsakast af því að þið notið utanaðkomandi hluti

# Tæknilegar upplýsingar

## DESIGNER EPIC™ vélin

| | |
|---|---|
| Fyrir spennu | 100–120V/200–240V, 50–60Rið |
| Rafmagnssnotkun | <100W |
| Lýsing | Díóðu LED lýsing |
| Saumhraði | 1050 spor á mínútu að hámarki |
| Fótmótstaða af tegund | FR5 |
| Öryggis flokkur | II |
| **WiFi net eining:**<br>Tíðni (Frequency)<br>Sendingarstyrkur<br>Móttöku næmni | <br>2.4GHz band 802.11 b/g/n<br>+17 dBm<br>-97 dBm |
| Nettó þyngd (kg), aðeins vélin<br>Nettó þyngd (kg), útsaumstækið | 14<br>3.7 |
| **Mál vélarinnar:**<br>Lengd (mm)<br>Breidd (mm)<br>Hæð (mm) | <br>590<br>290<br>360 |

- Tæknilegar útlistanir og þessar leiðbeiningar geta breyst án fyrirvara.

# 14 ÁRÍÐANDI

## ÁRÍÐANDI ÖRYGGIS LEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

Þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að gæta grundvallar öryggisatriða og þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið allar leiðbeiningar á hentugum stað og nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila fá allar leiðbeiningar með vélinni ef þið lánið vélina.

## HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:

- Saumavél á aldrei að skilja eftir í sambandi við rafmagn nema þið getið fylgst með henni. Takið véina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig áður en þið ætlið að hreinsa hana, fjarlægja lok, smyrja hana eða þegar þið ætlið að framkvæma einhverjar stillingar sem getið er um í leiðbeiningunum.

## VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS-STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:

- Leyfið engum að nota vélina sem leikfang. Þið þurfið að fylgjast vel með þegar saumavélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu þá fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- Notið vélina aldrei ef ramagnsleiðslur eða klær á þeim eru skemmdar, né ef vélin hefur skemmst eða dottið í vatn. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta umboðsaðila til athugunar, viðgerðar eða stillinga.
- Notið saumavélina aldrei ef loftraufarnar á henni eru ekki vel opnar. Gætið þess vel að engin ló eða önnur óhreinindi safnist fyrir í loftraufum vélarinnar eða fótmótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt viðeigandi stingplötu. Röng plata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki eða ýtið á efnið þegar þið saumið — það gæti orsakað að nálin rekist í málmhluti vélarinnar.
- Notið jafnvel öryggisgleraugu.
- Slökkvið ávallt á vélinni (“0”) þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipta um nál, saumfót eða spólu.
- Gætið þess að engir smáhlutir detti í gegn um raufarnar inn í vélina.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina ekki þar sem verið er að nota úðaefni (spray) eða þar sem unnið er með súrefni.
- Til að aftengja vélina setjið þið allar stillingar á (“0”) stöðu, og takið rafleiðsluna síðan úr sambandi við veggtengil.
- Aftengið vélina ekki við rafmagn með því að toga í leiðsluna — takið um klóna en ekki leiðsluna.
- Fótmótstaðan er notuð til að stjórna hraða vélarinnar. Setjið aldrei hluti ofan á fótmótstöðuna.
- Notið vélina aldrei ef hún er rök eða blaut.
- Ef díóðu lýsingin (LED) er skemmd eða brotin verður viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda að skipta um hana.
- Það sama á við um rafleiðslurnar í mótstöðuna — viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda á að skipta um hana.
- Saumavél þessi er með tvöfalda einangrun. Sjá nánar leiðbeiningar um viðgerðir á tækjum sem eru með tvöfalda einangrun.

## GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

### EINGÖNGU FYRIR EVRÓPU:

Börn 8 ára og eldri svo og aðilar með líkamlega eða andlega skerta starfsemi eða skynjun mega nota saumavélina ef þau hafa fengið tilsögn í notkun hennar og skilja hætturnar sem af svona vél geta stafað, og/eða ef fylgst er með þeim þegar þau nota hana. Börn eiga þó aldrei að nota vélina sem leikfang. Hreinsun og annað viðhald eiga þó eingöngu fullkomnir að framkvæma.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

### EINGÖNGU FYRIR LÖND UTAN EVRÓPU:

Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem ekki hafa fengið til þess kunnáttu eða reynslu, nema því aðeins að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrr öryggi þeirra.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu framleidda af Shanghai Binao Precision Mould Co., Ltd.

## ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er notuð á tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónustu við tæki með tvöfalda einangrun mega eingöngu þeir framkvæma sem hafa til þess þekkingu og réttindi. Varahlutir í tæki með tvöfaldri einangrun verða ávallt að vera nákvæmlega eins og hluturinn sem var í tækinu. Tæki sem er með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum 'DOUBLE INSULATION' eða 'DOUBLE INSULATED'.

# Leyfi

Leppur fyrir link á leyfisheimildir

# RC-0234 EU Yfirlýsing

SVP WORLDWIDE — Technology and R&D

**EU-Declaration of Conformity** — RC-0234 Page 1/2

| | |
|---|---|
| We | **VSM Group AB,** (wholly owned subsidiary of SVP Worldwide)<br>**SE 561 84 Huskvarna, SWEDEN** **Tel. +46 36 146000** |

declare that the product

| | |
|---|---|
| Type | **Household Sewing Machine** |
| Placed on market | **2015** |
| Brand | **Husqvarna VIKING** |
| Model | **Designer EPIC** |



complies fully with the following EU directives and regulations:

| Directives | Title |
|---|---|
| 2014/53/EU* | Radio Directive repealing R&TTE Directive (1995/5/EC) |
| 2011/65/EU | RoHS Directive |
| 1275/2008 | Energy Efficiency Regulation |

*Takes precedence over 2014/35/EU Low Voltage Directive (LVD) and 2014/30/EU EMC Directive

and that standards and/or technical specifications are applied as listed in page 2.

Signature — **Huskvarna, 2015-08-12**
Place and date of issue

Daniel Ljunggren
Manager Regulatory Compliance, R&D Dept.

Technical File available at
EU authorized representative:
VSM Group AB, Drottninggatan 2, Huskvarna, SWEDEN

Our Brands.
**SINGER, HUSQVARNA VIKING, PFAFF, INSPIRA**

SVP WORLDWIDE — Technology and R&D

**EU-Declaration of Conformity** — RC-0234 Page 2/2

Harmonized standards applied:

| Standard, part, issued | Title |
|---|---|
| EN60335-1:2012, A11:2013 | Specification for safety of household and similar electrical appliances. General requirements |
| EN60335-2-28:2003, A1:2008 | Specification for safety of household and similar electrical appliances. Particular requirements for sewing machines |
| EN62233:2008 | Measurement methods for electromagnetic fields of household appliances and similar apparatus with regard to human exposure |
| EN55014-1:2006, A1:2009, A2:2011 | Electromagnetic compatibility. Requirements for household appliances, electric tools and similar apparatus. Emission |
| EN55014-2:1997, A1:2001, A2:2008 | Electromagnetic compatibility. Requirements for household appliances, electric tools and similar apparatus. Immunity. Product family standard |
| EN61000-3-2:2006, A1:2009, A2:2009 | Electromagnetic compatibility (EMC). Limits. Limits for harmonic current emissions |
| EN61000-3-3:2013 | Electromagnetic compatibility (EMC). Limits. Limitation of voltage changes, voltage fluctuations and flicker in public low-voltage supply systems |
| EN62321:2009 | Electrotechnical products – Determination of levels of lead, mercury, cadmium hexavalent chromium, polybrominated biphenyls and polybrominated diphenyl ethers |
| EN50581:2012 | Technical documentation for the assessment of electrical and electronic products with respect to the restriction of hazardous substances |
| EN50564:2011 | Electrical and electronic household and office equipment - Measurement of low power consumption |
| EN301489-17 V2.2.1 (2012) | Electromagnetic compatibility and Radio spectrum Matters (ERM); ElectroMagnetic Compatibility (EMC) standard for radio equipment and services; Part 1: Common technical requirements |
| ETSI EN 301 489-1 V1.9.2 (2011-09) | Electromagnetic compatibility and Radio spectrum Matters (ERM); ElectroMagnetic Compatibility (EMC) standard for radio equipment and services; Part 17: Specific conditions for 2,4 GHz wideband transmission systems and 5 GHz high performance RLAN equipment |
| ETSI EN 300 328 V1.9.1 (2015-02) | Electromagnetic compatibility and Radio spectrum Matters (ERM); Wideband transmission systems; Data transmission equipment operating in the 2,4 GHz ISM band and using wide band modulation techniques; Harmonized EN covering the essential requirements of article 3.2 of the R&TTE Directive |

Conformity prerequisite;
Foot Pedal Type: FR5

| | |
|---|---|
| Description: | **Sewing machine with embroidery** |
| Rating: | **100-120, 220-240VAC, 50-60 Hz, 1.4, 0.8A, Class II** |
| Manufacturing plant: | **SINGER (Shanghai) Sewing Machine Co., Ltd.<br>No. 1078 Dayao Road, Shanghai, China** |
| Regulatory Type: | **SFV1** |
| External Lab: | **Intertek Shanghai / Intertek Semko AB** |
| Test Report: | **CB-Scheme: 1507955STO-001 dated 2015-07-10<br>EMC: 1508251STO-001 dated 2015-05-07<br>Radio: 1508253STO-001 dated 2015-05-11** |
| Test Certificate: | **CB Certificate: SE-80027 dated 2015-07-14** |

"Denim" nálar ... 32
"Off" ... 172
"Sensor Q" fótinn eða "fljótandi fótinn" ... 171
"Smart kistan" ... 57
"Smart vistun" (Smart Save) ... 148
"Smart" vistun ... 93
"Smart" vistun ... 113
"Smart" vistun ... 138
"Smart" vistun (Smart Save) ... 102, 123
"Stretch" nálar fyrir teygjanleg efni ... 32
"Tapering" valmynd ... 93
"Wing" húllsaumsnálar ... 32
(Endurtekning hljóðs (Audio Repeat) ... 177
¼" Bútasaumsfótur P ... 19
4-átta sauma æfing ... 106
4–átta saumar – valmynd S (4-Way Stitches – Menu S) ... 106
8–átta saumar – valmynd T (8-Way Stitches – Menu T) ... 107
WiFi ... 59, 193
WiFi stillingar ... 193
Windows® ... 69
zoom to cursor) ... 146


# A


Að aftan ... 13
Aðal keflispinni ... 12
Aðgengileg tækni í völdum hóp ... 87
Aðgerðarhnappar ... 15
Aðgerðarhnappar, sjá ... 12
Afrita ... 158, 161
Afrita ... 180
Afrita ... 183
Afrita (Duplicate) ... 117
Afrita saum eða staf ... 161
Afrita skrá eða möppu (Copy a File or Folder) ... 183
Afturábak ... 15
Afturkalla ... 113
Afturkalla/ endurtaka (Undo/Redo) ... 121
Algeng vandamál ... 189
Algengar aðgerðir ... 58
Alhliða nál ... 32
Alhliða verkfæri ... 18
Alhliðafótur A ... 19
App Store" eða " ... 71
Applíkering mynsturs ... 113
Armur á spólara ... 13
Athugið (Attention!) ... 110
Athugið yfirtvinnann (Check Upper Thread) ... 109, 153
Athugið! (Attention!) ... 155
Aukalegur keflispinni ... 12


# Á


Ábendingar ... 56
Ákveða fjölda mynstra (Set Number of Designs) ... 132
Ákveðið mynsturhorn ... 129
Ákveðin textavinkill ... 128
Ákveðinn mynsturskái (Fixed Design Angle) ... 131
Ákveðinn textaflötur ... 126
Álfur fyrir mynsturstaðsetningu (Design Positioning Wizard) ... 146


# B


Bakgrunns litur ... 84
Bakgrunns litur (Background Color) ... 85
baste around design) til að bæta þræðisporum í kring um mynstrið, og gera þar með útlínur í kring um flötinn þar sem mynstrið á að saumast ... 151
baste around hoop ... 151
Bendill ... 158, 161
Bendilsörvar ... 126
Birta í díóðulýsingu (LED Work Light Brightness) ... 177
Blindfaldur (Blind Hem) ... 81
Blindföldunarfótur D ... 19
Botnplata ... 12
Bráðabirgða sauma stillingar (Temporary Sewing Settings) ... 168
Bráðabirgða útsaums stillingar (Temporary Embroidery Settings) ... 171
Breitt rými fyrir hliðarfærslufót S ... 14
Breyta hönnuðu forriti (To Edit a Created Program) ... 160
Breyta nafni á skrá eða möppu (Rename a File or Folder) ... 183
Breyta sauma eða stafaforiti (Edit Stitch or Lettering Program) ... 160
Bursti ... 18
Búa til nýja möppu ... 102, 122
Búa til nýja möppu (Create New Folder) ... 183
Búa til texta (Create a Text) ... 126
Byrja á saum frá byrjun ... 93
Byrja strax ... 77
Byrja strax ... 84
Byrja strax (Start New) ... 82, 85
Byrjað að sauma (Getting Started to Sew) ... 92
Byrjað að sauma út (Getting Started to Embroider) ... 112
Byrjað með þráðlaust net (Getting Started With WiFi) ... 64
Byrjun á mynstri eða spori ... 15
Bæta inn staf (Add a Letter) ... 126


# D


*deLuxe*™ saumakerfi ... 168
deLuxe saumakerfi (*deLuxe*™ Stitch System) ... 97

*deLuxe*™ Stitch System – default “deLuxe saumakerfið —sjálfgefnar stillingar”.............................................174
*deLuxe*™ Stitch System – Default) “deLuxe saumakerfið — sjálfgefnar stillingar”............................................176
*deLuxe*™ Stitch System “deLuxe saumakerfið” ...............171
*deLuxe*™ Stitch System (deLuxe saumakerfi) ..................168
*deLuxe*™ Stitch System (deLuxe saumakerfið) ................140
*deLuxe*™ Stitch System deLuxe Saumakerfið..................147
design stitch out order...............................................115
DESIGNER™ “Crown” rammi (260x200) .................... 18
DESIGNER™ “Imperial” rammi (360x260) DESIGNER......................................................... 18
DESIGNER™ “Splendid” ferhyrndur rammi (120x120) ... 18
DESIGNER EPIC™ Sýnishornabók ............................ 51
DESIGNER EPIC™ sýnishornabókinni......................155
Diskar í tvinnaspennu ................................................. 12
Diskar í tvinnaspennu fyrir spólun................................. 12

# E

Efni sem var valið ...................................................... 93
Efnið spennt í ramma ................................................. 53
Efnisval....................................................................... 77
Efnisval (Fabric Selection) .......................................... 78
Efri flytjarinn settur á vélina......................................... 47
Einn litur....................................................................138
Einn litur (Monochrome) ..........................................150
EINSTAKT NEMAKERFI (EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM™)
EINSTAKT NEMAKERFI (EXCLUSIVE SENSOR SYSTEM............................................................ 97
Ekki er hægt að hlaða inn saumaröðinni........................186
Ekki forritanlegt spor.................................................165
Endaspeglun .........................................98, 117, 158, 161
Endurskíra skrá eða möppu .......................................180
Endurtaka..................................................................113
Endurtaka samsetninguna/ afrita síðasta mynstur ...........129
Endurtekning á/af...................................................... 76
Eyða ............................................................158, 161
Eyða .........................................................................180
Eyða (Delete) ............................................................116
Eyða saum eða staf.....................................................161
Eyða skrá eða möppu ................................................185
Eyða skrá eða möppu (Delete a File or Folder)...............184
Eyða staf (Delete a Letter) ..........................................126
Eyða því síðasta/eyða öllu..........................................129

# F

Faldsaumur (Hem) ..................................................... 81
Falið þráðlaust net (Hidden Network)............................ 64
Fara aftur í útsaums undirbúning (Return to Embroidery Edit).....................................................149
Fara á fyrra spor / fara á síðasta spor.....................158, 161
Fara á næsta spor / fara á fyrsta spor .....................158, 161
Fara í útsaums saumaskap.........................................113
Fara spor fyrir spor / Fara á spor ................................138
Fara spor fyrir spor / fara á spor (Step Stitch-by-Stitch/ Go to Stitch) .........................................................149
Fara upp um eina möppu..........................................180
Fara upp um eitt möppuþrep (Move Up One Folder Level)......................................................................182
Fara yfir á fyrra spor ................................................. 93
Fara yfir á næsta spor ................................................ 93
Fara yfir í næsta hluta saums....................................... 93
Farið á fyrra spor / farið á næsta spor..........................159
FAT32....................................................................... 27
FIX aðgerð ................................................................ 15
FIX skipun ...............................................................158
FIX skipun með því að snerta ....................................162
Fjaðra flatsaumur (mjór eða breiður) ..........................133
Fjarlægið hnappagatafótinn með nemanum (Remove Sensor One-Step Buttonhole Foot)............................109
Fjarlægja stingplötuna og hreinsa gríparasvæðið (Removing the Needle Plate and Cleaning the Bobbin Area)......................................................................188
Fjarlægjanlegur bakki fyrir spólur ................................ 14
Fjöldi spora í núverandi litablokk ................................138
Fjöldi spora í núverandi litablokk (Numbers of Stitches in Current Color Block)..........................................149
Fjöldi spora í útsaumsröðinni (Number of Stitches in Embroidery Combination) .......................................149
Fjölval......................................................................125
Fjölval......................................................................180
Fjölval (Multi-Select)..........................................118, 181
Flatsaumur (mjór eða breiður) — mjór eða breiður flatsaumur mun hylja jaðarinn á applíkeringunni............133
Flokka litablokkir .....................................................138
Flokka litablokkir .....................................................139
Flokkar sauma .......................................................... 94
Forrit........................................................................113
Forrita útsaumstexta (Program Embroidery Text) ...........126
Forritanleg töluáfesting (Programmable Button Sew On) ... 82
Forritun — yfirlit (Program – Overview).......................158
Fóthalda .................................................................... 13
Fótstöng.................................................................... 13
Fótur fyrir yfirflutning................................................. 20
Fótur með rennslisplötum H........................................ 19
Fótur Q með nema settur á......................................... 46
free motion floating...................................................100
free motion spring action) eða “fríhendis flotstöðu” (.......100
Fríarmur.............................................................. 13, 28
Fríhendis valkostir..................................................... 93
Fríhendis valkostir — sjálfgefnar stillingar (Free Motion Options – Default) .................................................174
Fríhendis valkostir (Free Motion Options).....................100
Froðleiks miðstöð — yfirlit (Knowledge Center – Overview)................................................................ 87
Full skjámynd á/af ..................................................... 76
Fylgihlutir ................................................................. 18
Fyrirliggjandi rými er takmarkað ................................185
Færa læsipunkt á efninu.............................................146
Færa rammann (Move to Hoop) ................................116

Færa skrá eða möppu (Move a File or Folder) ................183

## G

Gangtruflanir og ráð við þeim (Troubleshooting)............189
Gengið frá að saum loknum......................................... 27
Get ekki notað sjálfvirka þræðarann fyrir nálina (Cannot Use the Automatic Needle Threader)...........................109
Geymslustaða (Park Position).......................................143
Glær tvinni............................................................... 31
Google Play". Þið getið einnig hlaðið smáforritinu niður frá......................................................................... 71
Grundvallar ábendingar um snertiskjáinn ........................ 17
Grundvallar saumatækni (Basic Sewing Techniques) .......... 80

## H

Halda áfram (Continue)..................................... 83, 86, 89
Halda áfram (GO).......................................................123
Halda áfram með *JoyOS advisor*™ verkefni........................ 87
Halda áfram með núverandi *JoyOS advisor*™ verkefni ......... 84
Halda áfram með núverandi *JoyOS advisor*™ verkefni. ........ 77
Halda fyrir tvinnakóna ................................................ 18
Halda fyrir útsaumsramma........................................... 14
Handfang ................................................................. 13
Handföng fyrir kvörðun ..............................................133
Handhjól .................................................................. 13
Handvirk hnappagöt (Manual Buttonhole)....................... 81
Hanna nýja möppu.....................................................164
